JÓN AXEL, BIRKIR ÖRN OG EGILL ÁRNI
Eiga sér kofa í garðinum sem þeir smíðuðu sjálfir
Fasteignir Hús
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

GILBERT Ó. GUÐJÓNSSON
Selur Hollywood-stjörnum úr
Eli Roth og Quentin Tarantino vita hvað klukkan slær
FÓLK 42

AUÐUNN JÓNSSON KRAFTAJÖTUNN
Fagnað með veislu í vinnunni
Heimsmeistari á Stuðlum
TÍMAMÓT 24

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
20. nóvember 2006 — 311. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Bragaháttur

„Sögur Braga eiga eitthvað í manni eftir að lestrinum lýkur," segir í dómi um Sendiherra Braga Ólafssonar.

MENNING 30

Líkaminn fram yfir lífið

Tvær ungar fyrirsætur hafa látist með stuttu millibili og má rekja dauða þeirra til átröskunar.

FÓLK 32

Ástkæra ylhýra og fleira

„Í vikunni barðist ég við sögnina að vanefna, hún hefur fyrir einhverra hluta sakir fest í skjölum sem gefin eru út á mína ábyrgð," segir Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 20

Eiður með tvennu

Eiður Smári skoraði tvö mörk fyrir Barcelona í sigri liðsins á Mallorca í gær.

ÍÞRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG



HVASSVIÐRI SUÐAUSTAN TIL
Í dag verður norðlæg átt yfirleitt 5-13 m/s en þó 15-23 við suðausturströndina og á Austfjörðum. Stöku él norðan og austan til, slydda við suðausturströndina, annars úrkomulítið. Hiti nálægt frostmarki.

VEÐUR 4

LOKSINS SNJÓR Krakkar í Reykjavík skemmtu sér vel í snjónum í gær enda langt síðan snjóað hefur jafn mikið í borginni. Fannfergið olli þó nokkrum vandræðum og margir áttu í erfiðleikum með að komast á milli staða. Björgunarsveitir sinntu um tvö hundruð verkefnum frá aðfaranótt sunnudags og fram eftir gærdeginum. sjá síðu 6
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mýrin fékk flest verðlaun

Mýrin hlaut Edduverðlaunin sem besta mynd ársins. Ómar Ragnarsson var valinn vinsælasti sjónvarpsmaðurinn og risu gestir úr sætum til að hylla hann.

VERÐLAUN Afhending Edduverðlaunanna fór fram við glæsilega athöfn á Hótel Nordica í gærkvöldi. Mikil stemning var í salnum og vöktu kynnarnir Pétur Jóhann Sigfússon og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir mikla kátínu meðal viðstaddra.

Edduverðlaunin sem besta mynd ársins hlaut Mýrin og fékk Baltasar Kormákur leikstjóri hennar jafnframt Edduna fyrir leikstjórn. Baltasar minntist sérstaklega á framlag eldri kynslóðar leikara til myndarinnar. Ingvar E. Sigurðsson var valinn leikari ársins fyrir aðalhlutverk sitt í Mýrinni og Atli Rafn Sigurðsson fyrir aukahlutverk í sömu mynd. Loks fékk Mugison Edduna fyrir hljóð og tónlist í Mýrinni.

Ómar Ragnarsson var valinn vinsælasti sjónvarpsmaður ársins í netkosningu og risu viðstaddir úr sætum og fögnuðu honum gríðarlega. „Ég þakka þeim af auðmýkt sem hafa stutt mig á þessu óvenjulega ári sem ég hef lifað núna," sagði Ómar.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti Magnúsi Scheving heiðursverðlaun ÍKSA. Magnús hvatti til frekari framlaga stjórnvalda til framleiðslu leikins efnis fyrir sjónvarp. „Með nægu fjármagni geta Íslendingar verið á heimsmælikvarða," sagði hann í þakkarræðunni.

Kompás var valinn sjónvarpsþáttur ársins og Anna og skapsveiflurnar stuttmynd ársins. Kvikmyndin Börn fékk Edduna fyrir handrit ársins og gamanþátturinn Stelpurnar fékk Edduna fyrir leikið sjónvarpsefni. Jón Ólafs var valinn besti skemmtiþátturinn.

Óttar Guðnason hlaut verðlaun fyrir kvikmyndatöku í Little trip to Heaven og Skuggabörn var valin heimildarmynd ársins. Loks hlaut stuttmyndin Presturinn, djákninn og brúðguminn hvatningarverðlaun Eddunnar. - sgj

BESTI LEIKARINN Ingvar E. Sigurðsson hampar Edduverðlaunum fyrir leik sinn í Mýrinni sem var valin mynd ársins.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

Lögreglan í Lundúnum leitar þriggja manna sem réðust á Íslending og stungu af:

Íslendingur liggur á gjörgæslu eftir líkamsárás í Lundúnum

LÍKAMSÁRÁS Íslendingur á fertugsaldri liggur þungt haldinn á sjúkrahúsi í Lundúnum eftir að ráðist var á hann í gærmorgun.

Að sögn lögreglunnar í Lundúnum var maðurinn á ferð við Arnold Circus í austurhluta borgarinnar þegar þrír karlmenn réðust á hann um klukkan hálfsjö í gærmorgun. Ekki er ljóst hvort vopn voru notuð í árásinni en hvorki var um skotárás né hnífstungu að ræða.

Árásarmennirnir flúðu af vettvangi og leitar lögregla þeirra. Íslendingurinn var fluttur á nálægt sjúkrahús og liggur þar á gjörgæsludeild.

LUNDÚNIR Íslendingurinn sem ráðist var á býr og starfar í Lundúnum.

Að sögn Sigurðar Arnarsonar, sendiráðsprests í Lundúnum, bíða aðstandendur mannsins fregna af líðan hans, en hún er óstöðug. Ástæður að baki árásinni eru alls ókunnar.

„Það er leitt að segja það en Lundúnir eru sextán milljóna manna borg og fregnir af svona árásum eru ekki óalgengar," segir Sigurður. „Það er hræðilegt þegar svona kemur fyrir og við vonum öll að hann nái sér."

Ekki er hægt að greina frá nafni mannsins að svo stöddu, en hann býr og starfar í Lundúnum.Gatan þar sem ráðist var á manninn, Arnold Circus, er í austurhluta borgarinnar, um tvo kílómetra norðan við Tower of London.

Yfir þrjú þúsund Íslendingar búa á Bretlandseyjum, þar af um þúsund í Lundúnum. - sþs

Náttúruvernd
og nýting náttúruauðlinda

Er sátt í sjónmáli?
Opinn framhaldsfundur SI um nýja skýrslu auðlindanefndar á Grand Hótel þriðjudaginn 21. nóv. nk.
Sjá dagskrá á www.si.is
SI Samtök iðnaðarins

SPURNING DAGSINS

Sigurður, var snjókoman um helgina söguleg?

Já, hún minnti á gamla tíma. Þetta er eitthvað sem var daglegt brauð fyrir tíu til fimmtán árum.

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur tjáir sig um hina miklu snjókomu sem gekk yfir Faxaflóasvæðið aðfaranótt sunnudagsins og fram að hádegi.

Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli var opnað almenningi í fyrsta skipti í vetur um helgina:

Frábært færi og fjöldi gesta í brekkunum

VETRARÍÞRÓTTIR Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli var opnað almenningi um helgina, í fyrsta skipti í vetur. Að sögn Guðmundar Karls Jónssonar, forstöðumanns skíðasvæðisins, var veðrið gott og skíðafærið frábært alla helgina. Ekki var nægur snjór á skíðasvæðunum í Bláfjöllum og Skálafelli til þess að hægt væri að opna þau.

„Þetta er óvenju snemmbúin helgaropnun hjá okkur, en snjórinn er frábær og færið gott. Lyfturnar eru opnar frá toppi og niður úr og göngubrautir troðnar," segir Guðmundur. „Fólk hefur tekið mjög vel í opnunina, stemningin er góð og nóg af fólki. Það á að halda áfram að snjóa í vikunni þannig að við erum vongóð."

Friðjón Axfjörð Árnason, rekstrarstjóri skíðasvæðisins í Bláfjöllum og Skálafelli, segir sáralítinn snjó vera í hlíðum svæðisins og ekki tilefni til þess að opna. „Það snjóaði ekki jafn mikið hér og í höfuðborginni, og svo var líka of hvasst til þess að snjórinn héldist á jörðinni. Ef það heldur áfram að snjóa líður að því að við opnum, en við þurfum töluvert meira en þetta til þess að geta troðið og hulið jörðina. Í gær var ekki ástæða til þess að fara út á troðara, jörðin var bara svört og hvít." - sþs

Í SKÍÐALYFTUNNI Þessir krakkar voru meðal þeirra sem nýttu sér opnun skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli um helgina. Borgarbörnin eru ekki jafn heppin, en eitthvað er í að skíðasvæðin í Bláfjöllum og Skálafelli verði opnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/HNEFILL

JEPPARNIR MIKIÐ SKEMMDIR Ökumaður jeppa missti stjórn á bílnum í hálku og keyrði framan á annan jeppa.

Árekstur á Sandskeiði:

Tvo ökumenn jeppa sakaði

LÖGREGLUMÁL **Tveir jeppar lentu í árekstri á Sandskeiði, til móts við Litlu kaffistofuna í Svínahrauni, um klukkan fimm í gær. Tveir menn voru í jeppunum. Lögreglan í Kópavogi fékk tilkynningu um árekstur inn klukkan rúmlega fimm í gær og kallaði á tvo sjúkrabíla sem fluttu mennina á slysadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Að sögn læknis á vakt voru meiðsli mannanna ekki alvarleg og voru þeir útskrifaðir af spítalanum í gærkvöldi.**

Jepparnir eru mikið skemmdir eftir áreksturinn að sögn lögreglunnar í Kópavogi. - ifv

Stórfellt eiturlyfjasmygl:

Teknir með 10.000 töflur

UNGVERJALAND, AP Ungverska landamæralögreglan handtók í gær tvo króatíska ríkisborgara fyrir stórfellt eiturlyfjasmygl.

Mennirnir reyndu að smygla 10.000 e-pillum auk nokkurs magns af spítti. Söluvirði efnanna er talið um 11 milljónir.

Á laugardag stöðvaði landamæralögreglan slóvakískan ríkisborgara á leið inn í Ungverjaland með mikið magn heróíns. Talið er að söluvirði þess sé rúmlega 24 milljónir.

Í báðum tilvikum voru efnin falin í bíl. Lögreglan kannar nú hvort málin séu tengd. - tg

Úrslit prófkjörsins voru nánast aftaka

Valdimar Leó Friðriksson hefur sagt sig úr Samfylkingunni og ætlar að starfa sem óháður þingmaður til vors. Hann segir niðurstöðu prófkjörs flokksins hafa nánast verið aftöku. Hann hafnaði í 14. sæti en sóttist eftir þriðja sæti.

STJÓRNMÁL Valdimar Leó Friðriksson, þingmaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, er genginn úr flokknum og hyggst starfa sem óháður þingmaður það sem eftir lifir kjörtímabilsins. Valdimar féll úr fjórða í 14. sæti í prófkjöri flokksins í SV-kjördæmi á dögunum, sem hann líkir við aftöku. Hann gagnrýnir prófkjörsfyrirkomulagið hart og telur það ólýðræðislegt. Ákvörðun sína tók hann til að fá meira frjálsræði á Alþingi til að vinna að stefnumálum sínum. Hann segir orðróm um að hann ætli að ganga til liðs við Frjálslynda flokkinn úr lausu lofti gripinn.

„Ég ákvað að segja mig úr Samfylkingunni og starfa utan flokka það sem ég á eftir inni á þingi. Það er annars vegar vegna þess að ég er ósáttur við fyrirbrigðið prófkjör, ekki endilega mitt eigið, heldur þessa aðferð til að velja fólk á lista. Mér finnst hún ólýðræðisleg. Hins vegar vil ég fá meira frjálsræði inni á þingi til að vinna að mínum málum," segir Valdimar. Hann hefur ekki leitt hugann að því hvaða farveg hann velur í framtíðinni. „Ég sótti stofnfund bæjarmálafélags Frjálslyndra í Mosfellsbæ á laugardaginn var og þá fór af stað sú saga að ég ætlaði að ganga til liðs við Frjálslynda flokkinn. Ég hef aftur á móti ekkert rætt við þá eða þeir við mig. Það er enginn annar flokkur inni í myndinni."

Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, sér á eftir góðum félaga og óskar Valdimar Leó alls hins besta.

VISTASKIPTI Valdimar Leó Friðriksson hefur ákveðið að starfa sem óháður þingmaður það sem eftir lifir þins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

„Samstarfið við Valdimar Leó var alltaf prýðilegt í þingflokknum og mér fannst hann vera góður jafnaðarmaður. Þessi ákvörðun er tekin í kjölfar þess að hann fær frekar dapurlega útkomu í prófkjöri þar sem margir hæfir tókust á um sæti. Það skiptast á skin og skúrir í stjórnmálum, enginn þekkir það betur en ég. En það er seiglan sem dugir best og faðmur Samfylkingarinnar stendur honum alltaf opinn."

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, segir flokkinn halda sínu striki. Spurður um hvernig hann haldi að þetta horfi við hinum almenna kjósanda Samfylkingarinnar segir Ágúst: „Þegar menn gera þetta vekur það upp spurningar, en það er skýrt í stjórnarskránni að þingmenn eru einungis bundnir af sinni eigin sannfæringu, en auðvitað þurfa menn að standa skil gagnvart sínum kjósendum síðar meir." svavar@frettabladid.is

NÝR SAMNINGUR Utanríkisráðherra og Tryggvi Jakobsson, formaður Félags Sameinuðu þjóðanna, skrifuðu undir samninginn.

Félag Sameinuðu þjóðanna:

Styrkur hækkar í fjórar milljónir

ALÞJÓÐASAMSTARF Ísland fagnar um þessar mundir 60 ára afmæli aðildar að Sameinuðu þjóðunum. Á afmælishátíð sem Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi hélt í gær tilkynnti Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra að framlög ríkisins til félagsins yrðu hækkuð úr 900 þúsund krónum í fjórar milljónir króna.

„Ég er mjög ánægð með þennan samning," sagði Valgerður eftir að samningurinn var undirritaður. „Ríkisstjórnin reynir að endurspegla vilja þjóðarinnar í alþjóðamálum og til að fólk hafi áhuga á þessum málaflokki verðum við að styðja við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi." - sgj

ELDSVOÐI

Kviknaði í bílhræjum

Um fimmleytið í gær kviknaði í fimm bílhræjum á bílapartasölu við Flugvallarveg í Keflavík. Slökkvilið Keflavíkur var kallað á vettvang og slökkti eldinn. Eldsupptök eru ókunn.

Íkveikja á Akureyri

Kveikt var í dagblöðum í kjallara í fjölbýlishúsi við Drekagil á Akureyri síðdegis á laugardag. Sótskemmdir urðu á stigagangi hússins. Ekki er vitað hver kveikti eldinn.

Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur um úrsögn Valdimars Leós:

Skaðar pólitíska framtíð

STJÓRNMÁL „Þingmaður er ekki bundinn af neinu nema eigin samvisku og því ekki hægt að segja þetta svik við kjósendur. Hann er annar þingmaðurinn sem gerir þetta á þessu kjörtímabili því Gunnar Örlygsson sagði sig úr flokki Frjálslyndra fyrir nokkru. En vissulega erum við með þetta kerfi að menn fara á þing af sérstökum listum og því er þetta kannski gagnrýnisvert. Valdimar Leó settist á þing sem varaþingmaður og kjósendur voru ekki endilega að kjósa hann," segir Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur um þá ákvörðun Valdimars Leós Friðrikssonar að ganga úr Samfylkingunni og ætla að vinna sem óháður þingmaður til vors.

Aðspurður hvort ákvörðun Valdimars sé ekki pólitískt sjálfsmorð og það hafi sagan sannað í tilfelli annarra stjórnmálamanna, svarar Einar Mar: „Já, það má kannski segja það. Þeim sem hafa gengið úr flokkum hefur nú ekki gengið mjög vel. Nefna má að Kristján Pálsson var settur út í kuldann og Gunnar Örlygsson líka í síðasta prófkjöri. Sjálfstæðismenn hafa hafnað þeim. Svo er það Kristinn H. Gunnarsson. Honum var tekið opnum örmum af framsóknarmönnum en hann spilaði sig út í horn og hefur núna verið settur út af sakramentinu. Það má því segja að þetta hafi ekki góð áhrif á pólitíska framtíð manna." - shá

EINAR MAR ÞÓRÐARSON Sagan sannar að menn eiga oft erfitt uppdráttar eftir að hafa breytt um áherslur í stjórnmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SIMPLY CLEVER

RUGLVERÐ
1.730.000 kr.

SkodaOctavia Terno

Vegna hagstæðra samninga við Skoda verksmiðjurnar getum við núna boðið takmarkað magn Octavia Terno með álfelgum, ABS hemlalæsivörn, rafmagni í rúðum, ASR spólvörn, aksturstölvu, hita í speglum o.fl.
á aðeins **1.730.000 kr.**

SkodaFabia Terno

Eigum fyrirliggjandi nokkra Skoda Fabia Terno með sparneytinni bensínvél og ríkulegum staðalbúnaði, m.a. sóllúgu, 14" álfelgum, aksturstölvu, leðurstýri og þokuljósum. Og verðið er aldeilis frábært, aðeins **1.540.000 kr.**

Bíll á mynd er með 17" álfelgum.

Vetrardekk fylgja öllum seldum bílum og sumardekkin í skottinu.

Takmarkað magn!

HEKLA

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4098

GENGIÐ 17.11.2006

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	69,77	70,11
Sterlingspund	131,58	132,22
Evra	89,09	89,59
Dönsk króna	11,945	12,015
Norsk króna	10,775	10,839
Sænsk króna	9,839	9,897
Japanskt jen	0,5892	0,5926
SDR	103,31	103,93

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 122,9202

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Safnaðarprestur Fríkirkjunnar gagnrýnir milljarða fjárframlög til þjóðkirkjunnar:

Mikið óréttlæti viðgengst

TRÚMÁL Hjörtur Magni Jóhannsson, safnaðarprestur Fríkirkjunnar í Reykjavík, segir mikla mismunun eiga sér stað á milli trúfélaga á Íslandi. Hann segir að í raun ríki ekki trúfélagafrelsi hérlendis því á hverja ári fái þjóðkirkjan vel á fjórða milljarð króna í framlög frá ríkinu á þeim forsendum að ríkið sé að greiða út kirkjusögulegan arf allra landsmanna. Hann minnir á að 50 þúsund Íslendingar standi fyrir utan þjóðkirkjuna og því felist í þessu mikið óréttlæti.

„Ég hef sett fram þessa gagnrýni áður og bent á að þetta stangast á við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar. Forsendur jafnréttis og trúfrelsis byggjast á að opinberum gjöldum einstaklinga sé ekki með beinum eða óbeinum hætti ráðstafað til eflingar trúfélags sem viðkomandi á ekki aðild að. Einnig að trúfélögum sé ekki mismunað með fjárveitingum. Hvort tveggja er brotið með þessu," segir Hjörtur Magni. Hann segir að bæði dóms- og kirkjumálaráðuneytið, ráðherra málaflokksins og þjóðkirkjustofnunin réttlæti fjárveitingarnar með fjarstæðukenndum rökum. „Á sama tíma segir biskup að engin ríkiskirkja sé til en þiggur þó laun sín frá ríkinu í hverjum mánuði. Ég vil meina að þetta sé siðlaust þótt það sé löglegt."

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, vildi ekki tjá sig um gagnrýni Hjartar í gær. -shá

HJÖRTUR MAGNI JÓHANNSON Bendir á að 50 þúsund Íslendingar séu utan þjóðkirkjunnar

Vaxandi vandamál í Evrópu:

Berjast saman gegn offitu

HEILBRIGÐISMÁL Sáttmáli um sameiginlega baráttu gegn offitu hefur verið undirritaður af fulltrúum Evrópulanda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Í sáttmálanum er kallað eftir aukinni samstöðu á milli opinberra aðila, frjálsra félagasamtaka, einstaklinga og fjölskyldna.

Offita er vaxandi vandamál í Evrópu og hefur tíðni hennar þrefaldast síðustu tvo áratugi. Þróunin þykir uggvænleg, ekki síst í ljósi þeirra heilbrigðisvandamála sem offita hefur í för með sér. Talið er að allt að sex prósent af útgjöldum til heilbrigðismála í Evrópu megi rekja til offitu. - rve

STUÐNINGSMAÐUR FRANCOS Heldur hér á mynd af Franco.

Hægri öfgamenn á Spáni:

Minntust dauða Francos

MADRID, AP Nokkur hundruð manns komu saman í Madríd í gær til að minnast dauða einræðisherrans Francos.

Fólkið kom saman á Plaza de Oriente, en í valdatíð Francos var torgið vettvangur stórra útifunda. Haldnar voru ræður þar sem stefnu stjórnvalda í innflytjendamálum var mótmælt og aukin réttindi samkynhneigðra voru fordæmd.

Franco lést fyrir 31 ári, þá 82 ára að aldri, eftir nærri 40 ára valdasetu. Dauða hans er minnst hvert ár en stöðugt fækkar þeim er kjósa að heiðra minningu hans. - tg

LEIÐRÉTTINGAR

Í frétt um söfnun Sparisjóðsins fyrir framsækin verkefni á sviði geðheilbrigðismála í gær urðu þau mistök að vitlaust veffang söfnunarinnar var birt. Rétt veffang er www.spar.is.

Sigríður Anna Þórðardóttir var í 21 mánuð í embætti umhverfisráðherra, en ekki átta eins og kom fram í blaðinu í gær. Hún lagði því fram 0,95 frumvörp að meðaltali fyrir hvern mánuð í embætti.

Varnargarður angrar siglfirska fjölskyldu

Fjögurra manna fjölskylda á Siglufirði hefur öll sofið í sama herberginu í rúm tvö ár vegna vatnsleka frá snjóflóðavarnargarði. Bæjarfélagið og Ofanflóðasjóður íhuga nú ábyrgð sína. Hjónin eru þreytt á ástandinu og vilja varanlega lausn.

TJÓN „Við töldum og teljum enn að þessi leki sé vegna framkvæmda við snjóflóðavarnargarðinn," segir Þorsteinn B. Bjarnason, íbúi á Siglufirði, sem berst við endurtekinn vatnsleka í húsi sínu sem stendur aðeins fáeina metra frá fæti nýbyggðs varnargarðs í hlíðinni fyrir ofan.

Þorsteinn, kona hans og tvö börn, fjögurra og sjö ára, hafa nú í tvö ár öll sofið í einu herbergi á efri hæð húss síns á Hólavegi þar ekki er hægt að dvelja í svefnherbergjum í kjallara vegna vatnsleka hófst í september 2004. Þorsteinn segir fjölskylduna þess utan hafa verið í stórhættu á tímabili vegna grjótflugs úr garðinum.

Bæjarsjóður samþykkti að kosta drenskurð við hús Þorsteins sem var grafinn í sumarlok í fyrra. Þorsteinn segir að þá hafi tekið fyrir lekann. Í maí á þessu ári fékk fjölskyldan 272 þúsund króna bætur vegna skemmda á gólfefnum og skápum. Nú í ágúst var lokið við að leggja nýtt parkett í kjallaranum og stefndi í að fjölskyldan gæti hafið eðlilegt líf.

„Við vorum reiðubúin að flytja niður aftur úr þessu eina herbergi sem við höfum sofið í öll fjögur en tókum þá eftir því að í einu horninu var rakabóla og mygla. Ég reif upp hluta af parkettinu og þá kom í ljós að það er byrjað að seytla inn aftur í einu horninu," lýsir Þorsteinn.

Fjölskyldan á Hólavegi hefur nú óskað eftir því við bæjaryfirvöld og Ofanflóðasjóð að málið verði leyst í eitt skipti fyrir öll. Bæjarstjórnin hefur ákveðið að kalla til hlutlausan aðila til að meta hvort ábyrgðin á tjóninu hvíli í raun á yfirvöldum.

Í huga Þorsteins er hins vegar enginn vafi. „Þetta er ættaróðalið. Ég er fæddur hér. Það hefur aldrei verið leki í þessu húsi fyrr," segir hann.

Þorsteinn segir kröfu sína einfaldlega þá að málið verði klárað.

„Sé ekki hægt að gera við þetta þá förum við fram á að okkur verði hjálpað, eða útvegað jafnvel nýtt húsnæði. Við erum bara orðin mjög þreytt á þessu," segir Þorsteinn sem tekur þó fram að í raun sé snjóflóðavarnargarðurinn ágætur – fyrir utan staðsetninguna:

„Garðurinn er góð vörn svo fremi sem hann skapar okkur ekki meiri hættu og framkvæmdirnar sjálfar flæmi okkur ekki úr húsinu. Það er svolítið kaldhæðnislegt að það er búið að verja okkur frá fjallinu en ekki frá sjálfu sköpunarverkinu." gar@frettabladid.is

HÓLAVEGUR 19 OG VARNARGARÐURINN Nýbyggður snjóflóðavarnargarður endar í bakgarðinum á Hólavegi 19 á Siglufirði.

LEKINN SEM HÆTTIR EKKI Fjölskyldan á Hólavegi 19 var nýbúin að leggja nýtt parkett þegar vatnsleki kom í ljós á ný.

Leikur stöðvaður:

Lásbogi á knattspyrnuvelli

ENGLAND, AP Lögreglan rannsakar nú ör sem virðist hafa verið skotið úr lásboga á knattspyrnuleik í Stockport.

Um utandeildarleik var að ræða en eftir að dómarinn fann 60 cm lásbogaörina á kafi í vellinum flautaði hann leikinn af.

LÁSBOGI Getur verið banvænt vopn.

„Við héldum að þetta væri flugeldur eða eitthvað slíkt sem enginn hefði séð," sagði formaður annars liðsins en hann sat í stúkunni og horfði á er leikmenn gengu af velli.

Ekki er vitað hver skaut örinni eða hvað bogamanninum gekk til. - tg

Sviptingar í Svíþjóð:

Sænska stjórnin óvinsæl

SVÍÞJÓÐ Ríkisstjórn bandalags hægri- og miðflokkanna í Svíþjóð er nú orðin óvinsælli en bandalag stjórnarandstöðuflokkanna. Þetta kemur fram í niðurstöðum skoðanakönnunar sem birtar voru í gær.

FREDRIK REINFELDT

Núverandi ríkisstjórn komst til valda eftir kosningarnar í september síðastliðnum en röð hneykslismála hefur dregið úr vinsældum stjórnarinnar. Stjórnarflokkarnir njóta nú 43,8 prósenta fylgis, sem er 4 prósentum minna en í kosningunum. Á meðan nýtur stjórnarandstaðan stuðnings 51,2 prósenta kjósenda. - tg

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

UMHLEYPINGAR

Í gær dró verulega úr frosti á landinu og raunar var frostlaust hér og hvar. Á hinn bóginn kólnar í dag á nýjan leik nema þó þannig að það verður frostlaust við suður- og suðausturströndina en síðan frystir um allt á morgun. Að líkindum gætu veikluleg hlýindi mjakað sér að suðurströndnni á miðvikudag. Það er viðvarandi strengur við Austfirði og Suðausturlandið næstu daga.

HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG

Norðaustan 5-8 m/s. Skýjað en þurrt. Hiti við frostmark að deginum.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



5-15 m/s hvassast á Austfjörðum

» miðvikudagur



8-15 m/s, hvassast vestan til.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	9°C hálfskýjað	London	13°C skúrir	Alicante	22°C heiðskírt
Þórshöfn	7°C hálfskýjað	París	11°C rigning	Barcelona	18°C hálfskýjað
Osló	5°C skúrir	Frankfurt	9°C alskýjað	Algarve	21°C heiðskírt
Stokkhólmur	6°C hálfskýjað	Friedrichshafen	10°C hálfskýjað	Krít	19°C hálfskýjað
Gautaborg	9°C alskýjað	Berlín	9°C hálfskýjað	Las Palmas	25°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Ford

Nýtt tákn um gæði

Sérstakt jólatilboð á Ford

Jólapakkinn í ár
Verðmæti 260.000 krónur
í formi afsláttar á sjálfskiptum,
5 dyra Mondeo með kraftmikilli 2,0i vél.
Einnig 50% afsláttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.

Ford Mondeo - einn af heimsins öruggustu bílum

Kauptu Mondeo á jólatilboði

Jólin nálgast - gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg

Jólatilboð 2.290.000 kr.
Mondeo Trend Plus 2,0i 5 dyra, sjálfskiptur.*
Bílasamningur 27.990 kr. Rekstrarleiga 38.600 kr.
Verð án jólatilboðs 2.550.000 kr.
Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Jólapakkinn í ár
Verðmæti 260.000 krónur
í formi afsláttar á sjálfskiptum,
5 dyra Mondeo með kraftmikilli 2,0i vél.
Einnig 50% afsláttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.

Jólin eru komin í Brimborg. Kynntu þér gott jólaverð á Mondeo. Kynntu þér góð jólakjör á bæði bílasamningi og rekstarleigu Brimborgar. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Lægri vextir. Lægri lántökugjöld. Byrjaðu jólin í Brimborg - komdu í Brimborg.

Afláðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

Mondeo er einn af heimsins öruggustu bílum

Nákvæm stjórn, mikið pláss, flottar línur og frábærir aksturseiginleikar eru meðal einkunnarorða gagnrýnenda. Skoðaðu Ford Mondeo; línurnar og ótrúlegan staðalbúnaðinn. Prófaðu Mondeo. IPS öryggiskerfið vakir stöðugt yfir þér og gerir Ford Mondeo einn af heimsins öruggustu bílum. Veldu Ford á jólatilboði Brimborgar.

Jólatilboð Brimborgar

JÓLIN NÁLGAST
OFURJÓLATILBOÐ Á FORD
KYNNTU ÞÉR GREIÐSLUKJÖRIN

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru álfelgur.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

KJÖRKASSINN

Er jólaundirbúningurinn hafinn á þínu heimili?

Já 25%

Nei 75%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Festirðu bílinn þinn í ófærðinni um helgina?

Segðu skoðun þína á visir.is

Snjóruðningsmenn höfðu í nógu að snúast í höfuðborginni í gær:

Yfirgefnir bílar í vegköntum í borginni

SNJÓMOKSTUR Starfsmenn Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar unnu sleitulaust við snjóruðning í höfuðborginni og nágrenni hennar í gær. Nánast ófært var í borginni í gærmorgun og nokkuð um yfirgefna bíla í vegköntum þar sem bílstjórar höfðu gefist upp á akstrinum.

„Þetta hefur gengið þokkalega, það var erfiðast í morgun vegna skafrenningsins en staðan var sæmileg þegar við hættum í gærkvöldi," segir Guðni Hannesson, verkstjóri hjá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar. „Við höldum áfram í dag og reynum að ryðja þær húsgötur sem við náðum ekki að ryðja í gær." Hann segir Grafarvog, Grafarholt og Norðlingaholt hafa orðið einna verst úti af hverfum höfuðborgarsvæðisins.

„Ruðningur á okkar vegum hefur gengið vel, við erum ekki með nema lítinn hluta af götum í kringum borgina," segir Hjálmar Haraldsson, vaktmaður hjá Vegagerðinni, en Vegagerðin sér um að ryðja götur til Keflavíkur og Hvalfjarðarganga ásamt Miklubraut og Hafnarfjarðarvegi. „Við höfum ekki orðið mikið varir við fólk í vandræðum, það var þá helst í gærmorgun þegar göturnar voru verstar. Þær eru að mestu leyti orðnar hálkulausar núna." - sþs

BÍLLINN LOSAÐUR Fjöldi borgarbúa átti í vandræðum með að komast á milli staða í snjónum í gær. Starfsmenn Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar ruddu götur borgarinnar frá morgni til kvölds og halda áfram í dag.

Miele
1. verðlaun í Þýskalandi
W2241WPS

Miele þvottavélar
-hreinn sparnaður

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr. 114.800

EIRVÍK
-hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík
Sími 588 0200 – www.eirvik.is

BOÐEIND.IS
í 19 ár - Þar sem verð og gæði fara saman
Fáðu faglega ráðgjöf og kauptu vandaða fartölvu á góðu verði

Asus A6V-Q

Almennt verð kr. 109.900,-
Staðgreiðsluverð
kr. 94.900,-
Ef vinnsluminnið í tölvunni er stækkað upp í 1GB DDR 2 kostar hún
kr. 99.900,- stgr.

Skjár: 15.4" WXGA (Glare type)
Örgjörvi: Intel Mobile Pentium 1.7GHz
Skjákort: Nvidia Geforce Go 7300 256MB
Vinnsluminni: 512MB DDR2 / mest 2GB
Harður diskur: 100GB
Netkort: LAN 10/100/1000
Þráðlaust netkort: 802.11a/b/g
Geisladrif: 8x dual layer DVD brennari
Vefmyndavél: 1.3Mega Pixla m.hljóðnema
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Rafhlaða: 8 Cells - Allt að 3,5 klst. ending
Ábyrgð: 2ja ára alþjóðleg ábyrgð
Fartölvutaska & optical USB mús fylgir frítt með ásamt öflugum hugbúnaðarpakka.
Allar fartölvur frá Boðeind koma með Microsoft XP Professional stýrikerfi og eru Microsoft Vista tilbúnar.

Boðeind ehf. - Mörkin 6 - 108 RVK - S: 588 2061
Opið alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - sala@bodeind.is
Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu - thjonusta@bodeind.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

GOTT AÐ VERA VEL BÚIN Margir voru á ferli í snjónum í borginni í gær, sumir gangandi og aðrir akandi. Á Langholtsvegi mátti sjá traktor á ferðinni og sá komst leiðar sinnar hindrunarlaust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vandræði í borginni vegna snjóþyngsla

Björgunarsveitarmenn sinntu um 200 verkefnum aðfaranótt sunnudags og í gærdag. Lögreglan þurfti að óska eftir aðstoð Strætós bs. til að ferja fólk heim úr miðbæ Reykjavíkur. Mikil ófærð var víða á höfuðborgarsvæðinu.

VEÐUR Alls 52 björgunarsveitarmenn sinntu um 200 verkefnum á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt sunnudagsins og í gærdag. Mikil snjóþyngsli voru á götum borgarinnar. Langflest útköllin voru vegna þess að fólk hafði fest bíla sína í snjónum, en björgunarsveitarmennirnir aðstoðuðu einnig starfsfólk á heilbrigðisstofnunum sem gekk erfiðlega að komast til vinnu sinnar í gærmorgun.

Að sögn Ólafar Snæhólm, upplýsingafulltrúa Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, voru fyrstu útköllin um klukkan fimm um nóttina og um fjórum tímum síðar höfðu björgunarveitarmenn sinnt rúmlega 120 verkefnum. Björgunarsveitirnar héldu áfram að sinna útköllum fram eftir degi, þótt færð hafi skánað þegar líða tók á daginn. Björgunarsveitarmennirnir luku störfum sínum um klukkan hálffimm í gærdag.

Kristín Hermannsdóttir, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir að snjókoman sem gekk yfir Faxaflóasvæðið í fyrrinótt hafi byrjað um klukkan tvö um nóttina í Reykjavík en verið gengin yfir um klukkan sjö. Snjókoman náði ekki mikið austar en að Hveragerði. Kristín segir að snjókomubakki hafi gengið hægt yfir svæðið frá Snæfellsnesi til Reykjaness og það hafi snjóað mjög mikið úr honum á skömmum tíma. Um hádegisbilið var snjókomubakkinn genginn endanlega yfir Suðurnesin og færðist út á miðin vestur af landinu að sögn Kristínar.

Vegna snjókomunnar átti fólk sem var statt í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt sunnudagsins erfitt með að komast heim til sín því fáir leigubílar voru á ferli vegna ófærðarinnar. Um klukkan fimm brá lögreglan í Reykjavík á það ráð að kalla eftir aðstoð Strætós bs., svo fólk sem var í leigubílaröðinni í Lækjargötu þyrfti ekki að bíða eftir leigubílum úti í snjókomunni. Fljótlega áttaði lögreglan sig á því að ekki væru nægilega margir leigubílar í miðbænum til að koma öllu fólkinu til síns heima, og voru um 150 einstaklingar keyrðir heim í þremur strætisvögnum. Um klukkan níu í gærmorgun var lokið við að ferja fólkið heim.

Gærdagurinn var erilssamur hjá lögreglunni í Reykjavík því tilkynnt var um 26 umferðaróhöpp. Mikil ófærð var víða í borginni, sérstaklega í úthverfum og í íbúðargötum; margir bílar sátu til dæmis fastir í snjónum á Víkurvegi í Grafarvogi eftir hádegi í gær. ingifreyr@frettabladid.is

SNJÓR Í REYKJAVÍK Það gekk á ýmsu í fannferginu í borginni í gær.

UM 50 ÚTKÖLL

Lögreglan á Akranesi var kölluð út um fimmtíu sinnum frá því klukkan þrjú aðfaranótt sunnudags og fram undir hádegi á sunnudeginum. Öll útköllin voru innanbæjar á Akranesi.

Flestöll útköllin voru vegna þess að fólki gekk erfiðlega að komast heim til sín eftir vinnu um nóttina, eða að komast til vinnu sinnar um morguninn, vegna snjóþyngsla. Lögreglan aðstoðaði fólkið við að koma bílum sínum af stað.

Pétur Jóhannesson, lögregluvarðstjóri hjá lögreglunni á Akranesi, segir að ekki hafi snjóað eins mikið í bænum í mörg ár.

MEGA VIKA

20.-26. NÓV.

ALLAR PIZZUR Á 1.090 KR.*

Fiton/SÍA

Allt 2 lítra gos á 195 kr.

Fyrstu þúsund pizzunum fylgja bíómiðar eða glaðningur tengdur The Holiday

Brauðstangir 295 kr.
Kjúklingacombo 495 kr.
Hot Wings 495 kr.
Buffalo Wings 495 kr.
Kartöflubátar 295 kr.

58•12345

Domino's Pizza®

*ef þú sækir

www.dominos.is



Þarftu betri bíl?

Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Skýrsla Alþjóðabankans um hversu auðvelt er að reka fyrirtæki í 175 löndum:

Ísland í tólfta sæti listans

VIÐSKIPTI Ísland er í tólfta sæti yfir lönd þar sem auðvelt er að reka fyrirtæki. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Alþjóðabankans þar sem kannað var hversu auðvelt er að reka fyrirtæki í 175 löndum. Áður var Ísland í ellefta sæti.

Þau lönd sem standa Íslandi framar eru Singapúr, Nýja-Sjáland, Bandaríkin, Kanada, Hong Kong, Bretland, Danmörk, Ástralía, Noregur, Írland og Japan. Samkvæmt skýrslunni er erfiðast að reka fyrirtæki í Kongó, Austur-Tímor og Gínea-Bissá.

Þar segir að Ísland standi framarlega hvað varðar vernd eignarréttar og einnig þykir auðvelt að fá samningum framfylgt hérlendis. Það sem erfiðar rekstrarskilyrði hérlendis er talið vera erfiðleikar við að ráða og reka starfsfólk. Þá þykir Ísland standa öðrum löndum að baki hvað varðar vernd fjárfesta.

Melissa Johns, sérfræðingur hjá Alþjóðabankanum, er væntanleg hingað til lands eftir helgi. Hún mun kynna skýrsluna á morgunverðarfundi á Grand Hóteli á þriðjudag sem Viðskiptaráð Íslands, utanríkisráðuneytið, Alþjóðabankinn og Þróunarsamvinnustofnun standa sameiginlega fyrir. - sþs

Á STJÓRNARFUNDI Í skýrslunni segir að Ísland standi framarlega hvað varðar vernd eignarréttar.

Breskir hermenn í Kenía:

Drápu trylltan nashyrning

KENÍA, AP **Breskir hermenn, sem villtust við heræfingar í Kenía á föstudag, drápu hvítan nashyrning sem réðst að þeim. Hvítir nashyrningar eru í útrýmingarhættu og aðeins um 170 eftir í Kenía, en hermennirnir sögðust ekki hafa átt annarra kosta völ.**

Áður voru um 20 þúsund hvítir og svartir nashyrningar í Kenía, en fjöldi þeirra hefur snarminnkað vegna veiðiþjófa sem ásælast horn þeirra. Hvítir nashyrningar geta orðið allt að 2,7 tonn að þyngd og eru næststærstu landdýrin á eftir fílum. - sgj

PALESTÍNA

Tvö skólabörn særðust í árás

Sjö ára palestínskur drengur fékk byssuskot í höfuðið þegar kúlnahríð Ísraelshers lenti á barnaskóla SÞ á Gazasvæðinu. 12 ára stúlka var skotin í fótinn. Börnin eru á batavegi.

BUSH KEMUR TIL FUNDAR George Bush Bandaríkjaforseti og Laura, eiginkona hans, heilsa forseta Víetnam, Nguyen Minh Triet, og konu hans, Tran Thi Kim Chi, við komuna til fundarins í Hanoi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vilja aukið viðskiptafrelsi

Aðildarríki APEC vilja viðræður um aukið frjálsræði í alþjóðaviðskiptum. Ríkin sammæltust um að kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu yrði að stöðva.

VÍETNAM, AP Kjarnorkudeilan við Norður-Kóreu og endurlífgun alþjóðlegra viðræðna um alþjóðaviðskipti og tolla voru meðal umfjöllunarefna leiðtoga efnahagsbandalags Kyrrahafsríkja, APEC, um helgina. Fundurinn var haldinn í Víetnam.

Svokallaðar Doha-viðræður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar liðuðust í sundur í sumar og aðildarríki APEC, 21 talsins, vilja ráða bót á því. „Við erum tilbúin að stöðva þráteflið," sagði í yfirlýsingu frá leiðtogum ríkjanna. „Það felur í sér að skera niður landbúnaðarstyrki sem skaða samkeppnisstöðu í viðskiptum, stuðla að betra aðgengi landbúnaðarvöru að mörkuðum, lækka tolla á iðnaðarvörum og styðja viðskipti með þjónustu með tilliti til hagsmuna aðildarríkjanna."

Þrátt fyrir áherslur á alþjóðaviðskipti tröllriðu umræður um Norður-Kóreu fundinum, en ríkið er ekki aðili að APEC.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, benti á Víetnam sem góða fyrirmynd fyrir önnur ríki heimshlutans. „Ef leiðtogar Norður-Kóreu og Myanmar fylgdu fordæmi Víetnam, mundi það opna nýja braut friðar og tækifæra," sagði Rice. Sergey Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, sagði að heimurinn þyrfti að nálgast kjarnorkudeiluna afar varlega, en af festu.

George Bush Bandaríkjaforseti fagnaði afstöðu Shinzo Abe, nýs forsætisráðherra Japans, sem hefur fylgt Bandaríkjunum að máli í deilunni við stjórnvöld Norður-Kóreu, en kjarnorkutilraun þeirra hinn 9. október vakti óhug á heimsvísu.

„Við viljum að leiðtogar Norður-Kóreu heyri að ef þeir stöðva kjarnorkuáætlanir sínar erum við tilbúin að hefja viðræður við þá um öryggismál og stuðla að nýjum efnahagsaðgerðum í þágu íbúa landsins," sagði Bush eftir stundarlangan fund með Roh Moo-hyun, forseta Suður-Kóreu.

Stjórnvöld Suður-Kóreu hafa ekki verið reiðubúin að styðja aðgerðir gegn Norður-Kóreu að fullu, en studdu þó ályktun Sameinuðu þjóðanna gegn mannréttindabrotum kommúnistastjórnarinnar í Pyongyang.

„Stjórnvöld í Suður-Kóreu eru ábyrg fyrir afleiðingum þessa glæps, að hindra samskipti Kóreuríkjanna," sagði í tillkynningu frá talsmanni Norður-Kóreustjórnar í kjölfar ályktunarinnar.

steindor@frettabladid.is

Hefur þú áhuga á að starfa í forystu VR?

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillingarnefnd tillögu um skipan í trúnaðarstöður félagsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn skriflegt erindi til starfsmanns nefndarinnar, Elísabetar Magnúsdóttur, á skrifstofu VR. Einnig er hægt að senda erindið á **uppstillingarnefnd@vr.is** fyrir 6. desember 2006.

Uppstillingarnefnd mun stilla upp lista sem endurspeglar eins og hægt er félagið; aldur, kyn og störf félagsmanna. Einnig verður litið til félagsaðildar og starfa fyrir félagið.

Kosið er um, 8 meðstjórnendur í stjórn VR og 3 til vara, 57 fulltrúa í trúnaðarráð og 25 til vara, 4 fulltrúa í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og 4 til vara.

Uppstillingarnefnd

Virðing Réttlæti

VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Fíton/SÍA

SKJÁREINN ER VINSÆLASTUR

Samkvæmt nýrri áhorfskönnun Capacent horfa meira en **80%** landsmanna undir fimmtugu á SkjáEinn í hverri viku. SkjárEinn heldur áfram að bjóða upp á vinsælustu sjónvarpsþætti á Íslandi og sýnir fjóra af tíu vinsælustu þáttum þjóðarinnar!

AMERICA'S NEXT TOP MODEL
VINSÆLASTI KONUÞÁTTURINN

INNLIT ÚTLIT
VINSÆLASTI HÖNNUNARÞÁTTURINN

KING OF QUEENS
VINSÆLASTI ERLENDI GRÍNÞÁTTURINN

CSI NEW YORK
VINSÆLASTI SPENNUÞÁTTURINN

ENNEMM / SÍA / NM2460

Garðavöllur á Akranesi:

Kylfingar vilja byggja golfhótel á Garðavelli

FERÐAMÁL Hugmyndir eru nú uppi um að byggja sextíu herbergja hótel á Garðavelli á Akranesi. Í erindi þriggja meðlima Golfklúbbsins Leynis til bæjaryfirvalda kemur fram að klúbburinn myndi hafa aðstöðu á neðstu hæðinni. Segja bréfritarar að hótel á Garðavelli myndi efla golfklúbbinn enn frekar ásamt því að boðið yrði upp á glæsilegt gistirými, ráðstefnusali og veitingastað fyrir jafnt golfara sem almenning. Heimir Fannar Gunnlaugsson, formaður Leynis, segir stjórn félagsins vilja skoða hugmyndina. Endanleg ákvörðun verði síðan í höndum almenns félagsfundar. **- gar**

GARÐAVÖLLUR Golfklúbburinn Leynir fengi aðstöðu í nýju hóteli á Garðavelli.

Málanám frjálst val innan EES

Útlendingar sem flytja innan EES-svæðisins þurfa ekki að læra tungumálið í nýju landi ef þeir vilja það ekki. Á Norðurlöndunum er tungumálanám útlendinga með ýmsu sniði.

INNFLYTJENDUR Misjafnar reglur gilda um nám útlendinga í tungumáli viðkomandi lands á Norðurlöndum. Sameiginlegt er í öllum löndunum fimm að nám í tungumáli viðkomandi lands er frjálst fyrir borgara innan EES-svæðisins en tungumálanámið er ýmist skylda eða frjálst val fyrir borgara frá ríkjum utan EES.

Finnar og Svíar hafa málanámið frjálst val fyrir alla borgara, hvort sem það eru borgarar innan EES-svæðisins eða utan, þó að boðið sé upp á tungumálanám á kostnað hins opinbera í báðum löndum. Í Finnlandi ber atvinnulífið hluta kostnaðarins og óformlega séð er ætlast til að fólk sem ætlar að starfa í Finnlandi læri finnsku eða finnlandssænsku. Svíar bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða í sænsku og eru almennt séð engin takmörk á því hversu mikið nám útlendingarnir mega taka. Sveitarfélagið borgar.

Í Danmörku þurfa útlendingar sem koma utan ESB að læra dönsku í 30 stundir á viku í þrjú ár og má áætla að það nám taki rúmlega tvö þúsund stundir í allt. Norðmenn og Íslendingar gera hins vegar minni kröfur. Í Noregi þurfa útlendingar, sem koma utan EES, aðeins að læra norsku í 250 stundir á kostnað hins opinbera og á Íslandi í 150 stundir. Á Íslandi er það fyrst og fremst einstaklinginn sjálfur og stéttarfélögin sem bera kostnaðinn, þó með stuðningi ríkisins.

Eiríkur Bergmann, dósent í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, segir að gætt hafi misskilnings í umræðunni sem hefur farið fram hér á landi. „Við höfum undirgengist ákveðinn milliríkjasamning um að íbúar á EES-svæðinu hafi sjálfkrafa atvinnuréttindi á Íslandi. Það er búið að ganga frá því og það er ekki hægt að þvinga þetta fólk til eins eða neins," segir hann.

EIRÍKUR BERGMANN „Það er ekki hægt að þvinga þetta fólk til eins eða neins," segir Eiríkur Bergmann, dósent á Bifröst.

Eiríkur bendir á að mjög einfalt sé að bjóða upp á málakennslu fyrir útlendinga og hvetja fólk til að læra íslensku en ekki sé hægt að skylda það. „En auðvitað bjóða öll ríkin upp á tungumálaþjálfun fyrir þá sem eru nýkomnir þótt með misjöfnum hætti sé hvernig það er gert, hvort atvinnurekendur eru hvattir til að veita tungumálakennslu eða eitthvað annað."

Misjafnt er hvort þjóðfélagsfræðsla og vinnumarkaðsfræðsla blandast inn í tungumálaþjálfunina í viðkomandi ríkjum eða ekki.

ghs@frettabladid.is

Internet í dreifbýli:

Síminn fyrstur með WiMAX

UPPLÝSINGATÆKNI Síminn býður nú aðgang að samskiptaneti sem nýtir WiMAX-tækni. Um er að ræða þráðlaust net sem hentar vel fyrir bandbreiðar internetteningar.

Síminn er fyrstur til að bjóða tengingar með tækninni, en þjónustan er nú þegar í tilraunarekstri fyrir sumarhúsasvæði í Grímsnesi. „Um er að ræða langdrægt kerfi sem hentar vel þar sem hvorki er ljósleiðara- né ADSL-samband," segir Síminn en með tækninni er við bestu aðstæður hægt að veita notendum mikinn tengihraða og afkastamikla sítengingu við netið.

Nýju tæknina má nýta bæði fyrir talsíma og gagnaflutning. **- óká**

WIMAX LOFTNET Langdrægar þráðlausar háhraðatengingar geta bætt lífsgæði í dreifðum byggðum.

Við erum
geðveikt góð saman

Sparisjóðurinn og viðskiptavinir hans sameinast nú um að styrkja samtök sem vinna að úrbótum í geðheilbrigðismálum. Fjórði hver Íslendingur á við geðræn vandamál að stríða einhverntíma á ævinni en með réttri meðhöndlun og stuðningi eru yfirgnæfandi líkur á að fólk nái bata.

Við bjóðum viðskiptavinum Sparisjóðsins að velja eitt af þeim átta félögum sem við höfum ákveðið að styrkja í ár. Þá mun Sparisjóðurinn greiða 1000 kr. fyrir hvern þann viðskiptavin sem tekur þátt. Auk þess geta allir, viðskiptavinir og aðrir, lagt málefninu lið og bætt við upphæð að eigin vali. Farðu inn á **www.spar.is** eða komdu í næsta Sparisjóð og gefðu þinn styrk.

Fíton/SÍA

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

Ljósmyndarafélag Íslands segir ljósmyndaiðn á landsbyggðinni í hættu:

Ljósmyndarar stefna dómsmálaráðherra

DÓMSMÁL Ljósmyndastofur utan Reykjavíkursvæðisins eru óðum að hætta störfum og ljósmyndaiðn gæti lagst þar af, fari sýslumannsembættin ekki eftir samkeppnislögum og láti af myndatökum fyrir vegabréf, segir Gunnar Leifur Jónasson, formaður Ljósmyndarafélags Íslands, en með nýju fyrirkomulagi vegabréfaútgáfu fóru sýslumenn að bjóða fólki upp á ókeypis myndatökur.

Félagið hefur stefnt Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra fyrir brot á ákvæði samkeppnislaga, sem fjallar um lögverndun iðngreina. „Sýslumenn landsins eru í raun að reka eigin ljósmyndastofur. Tekjutapið er 50 til 60 milljónir," segir Gunnar.

Kristján L. Möller, Samfylkingunni, spurði dómsmálaráðherra út í málið á þingi í gær. Sagði Björn að þetta fyrirkomulag hefði verið rætt við ljósmyndara á sínum tíma að viðstöddum fulltrúa Samtaka iðnaðarins. Svo virtist sem ljósmyndarar hefðu nú skipt um skoðun. „Ég tel að þetta sé þjónusta við neytendur og það eru á þriðja tug þúsunda manna sem hafa nýtt sér hana," sagði Björn.

Gunnar Leifur er á öndverðri skoðun. „Það var ákveðið að gera þetta án þess að tala við okkur, við fréttum af þessu fyrirkomulagi erlendis frá. Þá fengum við fund með ráðherra og á honum var okkur sagt að það sem fram færi hjá sýslumönnum yrði sjálfsafgreiðsla. Annað kom á daginn."

- kóþ, - bþs

GUNNAR LEIFUR JÓNASSON, FORMAÐUR LJÓSMYNDARAFÉLAGSINS Segir að ljósmyndastofur á landsbyggðinni séu í útrýmingarhættu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Ungur karlmaður ákærður:

Sérlega alvarleg líkamsárás

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru gegn sautján ára karlmanni fyrir að hafa slegið mann með glerglasi í höfuðið á skemmtistaðnum Traffic við Hafnargötu í Keflavík í desember síðastliðnum. Við höggið hlaut fórnarlamb árásarinnar nokkra djúpa skurði vinstra megin á höfði og á gagnauga og fór slagæð í sundur. Fórnarlambið missti einn og hálfan til tvo lítra af blóði.

Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness. Ríkissaksóknari krefst að ákærði verði dæmdur til refsingar auk þess sem fórnarlambið krefst skaðabóta.

- ifv

BENEDIKT PÁFI XVI Vill bæta samskipti ólíkra trúfélaga.

Fundur í Vatíkaninu:

Páfi ræddi um Mið-Austurlönd

RÓM, AP Ástandið í Mið-Austurlöndum var helsta umræðuefni Þýskalandsforseta, Horst Koehler, og Benedikts páfa XVI þegar þeir hittust í Vatíkaninu á laugardag.

Ræddu páfi og Þýskalandsforseti nauðsyn þess að ólík trúfélög ættu í friðsamlegum samskiptum. Lýstu mennirnir jafnframt yfir eindregnum áhuga til að styrkja samskipti við meginland Afríku. Mikilvægi menntunar barst einnig í tal.

Vel fór á með þeim kumpánum og bauð þýskalandsforseti páfa meðal annars í heimsókn til Þýskalands. Sagðist sá síðarnefndi ætla að íhuga tilboðið, en hann kom síðast til föðurlandsins árið 2005. **- rve**

Göran Persson:

Smeygði sér fremst á biðlista

SVÍÞJÓÐ Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, smeygði sér fremst á tuttugu ára biðlista eftir leiguíbúð í miðborg Stokkhólms með einu símtali nýlega. Persson og eiginkona hans, Anitra Steen, fá því leiguíbúðina afhenta í byrjun næsta árs. Langt á undan öllum öðrum. „Óþolandi," segir formaður leigusamtakanna, Barbro Engman, við sænska dagblaðið Aftonbladet.

Eiginkona Persson hringdi nýlega í fasteignafélagið sem á leiguíbúðina og spurði hvort hann gæti töfrað fram íbúð. „Við erum að breyta skrifstofuhúsnæði í tvær íbúðir. Persson og Steen höfðu áhuga á annarri íbúðinni," segir Mathias Aronsson Metzner, framkvæmdastjóri félagsins. Aðrir sem hafa áhuga á svona íbúð þurfa að bíða í tuttugu ár.

- ghs

BANDARÍKIN

Bardagi í verslunarmiðstöð

Bandarískur leyniþjónustumaður á frívakt reyndi að grípa inn í slagsmál í verslunarmiðstöð á laugardag með þeim afleiðingum að einn slagsmálahundanna skaut hann. Leyniþjónustumaðurinn náði að særa byssumanninn og varð sextán ára unglingur einnig fyrir skoti.

LÖGREGLUMÁL

Fimm líkamsárásir

Fimm líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglunnar í Reykjavík aðfaranótt laugardagsins en var engin þeirra sögð alvarleg. Auk þess voru fjórir ökumenn teknir fyrir ölvunarakstur.

SVELLKALDUR DANS Ungverska dansparið Nora Hoffmann og Attila Elek léku listir sínar á Bercy-leikvanginum í París í keppni í listdansi á skautum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Náttúruverndarsamtökin IWMC um hvalveiðar Íslendinga:

Réttmætar sjálfbærar veiðar

HVALVEIÐAR Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin World Conservation Trust hafa lýst yfir stuðningi við sjálfbærar hvalveiðar Íslendinga. Samtökin hafa höfuðstöðvar í Sviss og beita sér fyrir „sjálfbærri nýtingu villtra auðlinda náttúrunnar til sjós og lands sem leiðar til náttúruverndar“, eins og segir í fréttatilkynningu.

„Íslendingar hyggjast veiða svo örfáa hvali að eingöngu þeir sem eru blindaðir af eigin órum geta haldið því fram að veiðarnar gætu haft einhver neikvæð langtímaáhrif á hvalastofna. Veiðarnar eru augljóslega sjálfbærar og fyllilega réttmætar,“ segir Eugene Lapointe, forseti samtakanna, en hann var um árabil framkvæmdastjóri CITES, alþjóðasamningsins um alþjóðaviðskipti með villt dýr og plöntur í útrýmingarhættu.

EUGENE LAPOINTE Forseti IWMC.

Lapointe bendir á að fordæmingarupphróp stjórnmálamanna og talsmanna dýraverndarsamtaka séu byggð á innantómum rökum. Í raun sé gremju þeirra fyrst og fremst að rekja til þeirra eigin getuleysis. „Þeir hafa hvorki vald né tæki til að hindra Íslendinga, Norðmenn og Japani í að veiða hvali. Þeir hafa eyðilagt eina tækið sem þeir gætu beitt til áhrifa á stjórn hvalveiða, [Alþjóðahvalveiðiráðið], og eina ráð þeirra er því að grípa til þess að lesa yfir og móðga hvalveiðiþjóðir í kastljósi eigin fjölmiðla. Sannleikanum er hver sárreiðastur,“ skrifar Lapointe í forystugrein á heimasíðu samtakanna, www.iwmc.org.

- aa

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Miskabætur vegna gæslu

DÓMSMÁL Reykvískum karlmanni á þrítugsaldri hafa verið dæmdar miskabætur í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna þess að hann sætti gæsluvarðhaldi lengur en efni voru talin til. Upphæð bótanna nemur 250 þúsund krónum. Gjafsóknarkostnaður, þar með talin þóknun til lögmanns mannsins að upphæð 400 þúsund krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Maðurinn hafði verið ákærður fyrir að hafa reynt að flytja amfetamín inn í landið, auk þess að hafa tæp 17 grömm af amfetamíni í fórum sínum. Hann var sýknaður af tilraun til innflutnings, en dæmdur vegna fíkniefnavörslu. **- jss**

KASSAGERÐAREITUR Byggja á fjórar sautján hæða íbúðablokkir sem standa hægra megin á myndinni og sex háhýsi fyrir atvinnustarfsemi sem sjást til vinstri. Á milli nýju blokkanna sést í núverandi fjölbýlishús við Kleppsveg. MYND/GP-ARKITEKTAR

Háhýsi í Laugarnesi

Formaður húsfélagsins á Kleppsvegi 2-8 sér marga kosti við fyrirhugað háhýsahverfi við Kleppsveginn. Hugmyndin er sú að reisa fjórar sautján hæða blokkir næst Laugarnesinu og sex allt að fjórtán hæða hús upp með Kleppsveginum.

SKIPULAGSMÁL Til stendur að reisa fjórar sautján hæða íbúðablokkir við Laugarnesið í Reykjavík. Þar við hliðina og austur með Kleppsveginum er áætlað að byggja sex skrifstofuhús sem verða allt að fjórtán hæðir.

Frumtillögur GP-arkitekta um þetta hafa verið til skoðunar í borgarkerfinu frá í haust. Samkvæmt þeim á að rífa vöruskemmurnar sem fyrir eru á svæðinu og byggja 84 þúsund fermetra af atvinnuhúsnæði og 40 þúsund fermetra af íbúðarhúsnæði „í háum gæðaflokki“.

Neðstu hæðir atvinnuhúsanna verða tengdar og á þar að vera ýmis þjónusta á borð við verslanir og veitingastaði. Brú yrði yfir Kleppsveginn fyrir fótgangandi.

„Ef það gengur eftir að það komi göngubrú til að tengja Laugarneshverfið við þetta svæði þá bætir það mjög mikið alla þjónustu í hverfinu,“ segir Sigrún Hlín Sigurðardóttir, formaður húsfélagsins á Kleppsvegi 2-6 og Laugarnesvegar 116-118.

Sigrún segir að háhýsabyggðin hafi enn ekki verið rædd á vettvangi húsfélagsins. Sjálf sér hún ýmsa kosti. „Ég held að flestir séu sammála um að það verði gott að losna við allt þetta verksmiðjufargan og fá frekar blandaða íbúða- og þjónustubyggð. Við mundum til dæmis losna við Hringrás sem hefur verið alger þyrnir í okkar augum frá því kviknaði þar í og við þurftum öll að flytja burtu í sólarhring,“ segir Sigrún.

KLEPPSVEGURINN Norðan megin við Kleppsveginn er hugmyndin að byggja 124 þúsund fermetra háhýsabyggð. „Frá þessum húsum er frábært útsýni í norður til Esjunnar, til vesturs í átt að miðbæ Reykjavíkur, sem og í austur í átt að Mosfellsbæ,“ segja GP-arkitektar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Að sögn GP-arkitekta verður leitast við að skerða útsýni núverandi íbúa sem minnst. Og Sigrún telur að ekki muni mikið útsýni tapast:

„Þeir sem eru vestanmegin í mínum stigagangi og á númer 4 og númer 2 missa í rauninni ekkert af þessu fallega vesturútsýni af því að Laugarnestanginn verður alltaf friðaður. Húsin blokkera Esjuna þegar litið er til austurs en eins og þetta er sett upp þá sér maður á milli þessara turna.“

Sigrún hefur þó áhyggjur af umferðarmálunum og áhrifum háhýsanna á vindafar. Magnús Jónsson veðurstofustjóri hafi bent á að hærri hús tækju niður sterkan vind í alls kyns hvirflum.

„Það eru ofboðslegir vindstrengir sem koma með Esjunni. Við húsið hjá okkur er stundum ekki stætt í stífri norðanátt.“

Lóðirnar og fasteignirnar á þeim eru í eigu Faxaflóahafna og félags í eigu Bygg hf.

gar@frettabladid.is


8 sinnum
meiri hraði fyrir
sama pening
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA • Ljósm. Svenni Speight
HiveLite 3.990 kr. á mánuði
Með Hive Lite færðu 8Mb nettengingu og 4 GB af erlendu niðurhali fyrir aðeins 3.990 krónur á mánuði. Fyrir sama pening færðu 1Mb tengingu hjá Símanum eða Og Vodafone. Það er óneitanlega ekkert gaman að borga sama verð fyrir átta sinnum hægari tengingu. Enda er það algjör óþarfi – sérstaklega þegar það er ekkert mál að skipta. Hringdu í 414-1616 og fáðu meira fyrir peninginn.
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
Hive

ÉG SÁ MÖ
KAUPA NO

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR | Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 | Keflavík Sími 421 8808 | Akureyri Sími 464 7940 | www.ih.is

MMU
TAÐAN BÍL

75.000 KR. GJAFABRÉF
FRÁ SMÁRALIND FYLGIR HVERJUM NOTUÐUM BÍL!

Opið: Mánudaga frá kl. 10:00 - 18:00 Þriðjudag til föstudags frá kl. 9:00 - 18:00 Laugardaga kl. 12:00 - 16:00

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

„ORÐRÉTT“

Tæknileg mistök

„Sykurmolarnir eru tæknileg mistök.“

EINAR ERNI BENEDIKTSSYNI SYKURMOLA VAR TÍÐRÆTT UM ÁRNA JOHNSEN Á TÓNLEIKUM HLJÓMSVEITARINNAR Í LAUGARDALSHÖLL Á FÖSTUDAG.

Laugardalshöllin 17. nóvember.

Vandfyllt skarð

„Verður skarð Milton Friedmans í heimi fræða og frelsis vandfyllt.“

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON SKRIFAÐI GREIN UM HAGFRÆÐINGINN MILTON FRIEDMAN, SEM LÉST Á FIMMTUDAGINN, Í MORGUNBLAÐIÐ Í GÆR. BÁÐIR ERU ÞEIR ÞEKKTIR BOÐBERAR FRJÁLSHYGGJUNNAR.

Morgunblaðið 18. nóvember.

nær og fjær **tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HILMAR GUNNARSSON RITSTJÓRI

Lúxus að vera í Mosfellsbæ

„Það er allt fínt að frétta og allt bara á fullu við að útbúa næsta blað,“ segir Hilmar Gunnarsson, ritstjóri bæjarblaðsins Mosfellings. „Næsta blað kemur út 1. desember og verður jólatengt. Mosfellingur kemur út á þriggja vikna fresti og er dreift frítt í öll hús hérna og á Kjalarnesi. Ég tók við blaðinu fyrir einu ári og þetta hefur gengið mjög vel. Síðasta blað var það stærsta til þessa, 32 síður, og ég held að toppnum sé náð í bili. Það er góð sátt um blaðið. Sumum þótti sá sem ritstýrði því á undan mér aðeins of mikið til vinstri en ég reyni að vera allra. Það eru margir sem skrifa í blaðið, fólk úr öllum flokkum, og svo reynir maður að vera með efni fyrir sem flesta aldurshópa.“

Hilmar hefur alltaf búið í Mosfellsbæ og kann því mjög vel. „Ég er nýbúinn að kaupa mína fyrstu íbúð í Skeljatanga. Það kom ekkert annað til greina en að búa áfram í Mosfellsbæ. Ég er búinn að mála og er að koma mér fyrir. Ég stefni á innflutningspartí á föstudaginn. Það er alveg frábært að búa hérna. Algjör lúxus að vera aðeins utan við stressið og skarkalann í bænum. Það er mikil uppbygging í Mosfellsbæ núna, en ég á ekki von á því að andinn hérna í bænum muni breytast nokkuð við það.“

INDÓNESÍA:
VÚDÚ Á BUSH

■ Bandaríkjaforseti heimsækir Indónesíu í dag. Ki Pamungkas, frægur vúdútöfrakarl, hefur framkvæmt skaðræðis svartagaldur gegn George W Bush. „Ég hata ekki Bandaríkin, en ég þoli ekki Bush,“ segir Ki sem er vongóður með árangur. Hann skar geit á háls, kreisti snák og stakk svarta kráku í hjartastað. Síðan kryddaði hann blóðsullið úr dýrunum og bætti brokkólí við blönduna, drakk og smurði framan í sig. Það kemur í ljós í dag hvort galdurinn virkar á forsetann, en gamlar vúdúhefðir eru enn víða við lýði á Indónesíu þótt þetta sé fjölmennasta múslímaríki heims.

SJÓNARHÓLL
SNJÓR OG OPNUN SKÍÐASVÆÐA

KÁRI ELLERTSSON Framkvæmdastjóri Skíðasambands Íslands.

Fagna fönn

„Við fögnum öllum snjó sem kemur, það er ekki nokkur spurning,“ segir Kári Ellertsson, framkvæmdastjóri Skíðasambands Íslands, um fannfergið sem skall á íbúum höfuðborgarsvæðisins í gær. „Mér skilst að snjórinn sé enn ekki nægur til þess að hægt sé að opna skíðasvæðin í Bláfjöllum og Skálafelli en á Akureyri er fullt af snjó og frábært færi. Þessi helgi var fyrsta opnunarhelgin þar fyrir hinn almenna skíðamann. Ég hef heyrt í fjöldanum öllum af fólki sem var þar á skíðum um helgina og hafði gaman af þrátt fyrir mikinn kulda.“

Kári segir nokkur mót á döfinni hjá félaginu í vetur. Fyrsta alþjóðlega skíðamót vetrarins verður haldið á Akureyri um miðjan desember, og verða fleiri haldin seinna í vetur. „Ólíkt flestum öðrum borgarbúum vonum við að það haldi áfram að fenna, við viljum hafa þetta svona í allan vetur,“ segir hann.

Heilsað tvö þúsund sinnum á dag

Jarðgöngin um Hvalfjörð voru opnuð árið 1998 og það verður rukkað fyrir ferðir í gegnum þau í að minnsta kosti tíu ár í viðbót. Kristján Kristjánsson og Þórunn Kjartansdóttir voru á vakt í gjaldskýlinu þegar Tilveran kíkti á staðinn.

KRISTJÁN OG ÞÓRUNN Í GJALDSKÝLINU VIÐ HVALFJARÐARGÖNG Gaman í vinnunni í vistlegu skýlinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GLH

Skýlið er mun stærra séð innan frá en að utan og minnir helst á félagsheimilið í Með allt á hreinu. Kristján situr við myndarlegt stjórnborð þar sem meðal annars eru skjáir sem sýna frá eftirlitsmyndavélunum í göngunum. Hann rukkar bíla á leið til Reykjavíkur, en Þórunn rukkar bíla úr hinni áttinni. Það er hlýtt og notalegt inni í skýlinu þótt það sé heimskautakuldi fyrir utan. Vissulega vill þó blása inn um lúguna.

„Blessaður vertu, það er öll kynding hér á fullu,“ segir Kristján og bendir á ofn við fæturna á sér. „Kuldinn er svo sem ekkert vandamál. Þetta starf er ekki líkamlega þreytandi en það getur oft verið andlega þreytandi. Ég myndi segja að það versta við djobbið er að fólk á það til að hella sér yfir mann, skamma mann svoleiðis eins og hund. Verstir eru þeir á pallbílunum sem eru lengri en sex metrar því þeir þurfa að borga 3.000 kall í göngin. Fólk er oft með ótrúlegan kjaft og leiðinlegt. Maður tekur skammirnar inn á sig og fer oft dapur í bragði heim.“

Átta manns starfa í skýlinu, á tveggja manna 8 klukkutíma vöktum. „Konurnar eru á tvískiptum vöktum, en karlarnir í þrískiptum því að beiðni lögreglunnar þótti ekki í lagi að skilja konurnar einar eftir hérna á nóttunni,“ segir Þórunn. „Það kom nú lögreglukona hérna um daginn og henni fannst þessar reglur algjört rugl.“

Skýlið er vistlegt. Þarna er kaffivél, súpuvél og að sjálfsögðu salerni. „Það er ekkert einmanalegt á næturvöktunum því það er vel séð um okkur,“ segir Kristján. Hann bendir á tölvu og sjónvarp máli sínu til stuðnings. „Við erum með netið og allar sjónvarpsstöðvarnar. En starfið gengur svo sem út á meira en að rukka því við sjáum líka um öryggismál í göngunum. Það kemur oft fyrir að menn verða bensínlausir þarna niðri eða að bílar bili. Á sumrin erum við að draga þetta tvo, þrjá bíla upp á dag.“

„Sem betur fer hafa nú aldrei orðið slys á fólki og við höfum aldrei þurft að binda um sár,“ segir Þórunn. „Menn keyra stundum utan í, stundum kannski fullir undir stýri. Svo eru göngin þrifin daglega og um helgar sjáum við um það. Það er ótrúlegasta drasl sem við höfum lent í að þrífa upp: smokkar, nærbuxur, hægðir – nefndu það!“

„Þetta getur líka verið skrautlegt á sumrin þegar sveitaböllin eru hérna í sveitinni,“ segir Kristján. „Þá eru iðulega einhverjir stuðboltar sem ætla að labba í gegn eftir böllin. Þá er ekkert að gera nema hringja á lögguna. Það er líka agalega mikið um að menn eru að brjóta bjórflöskur í göngunum. Það er mikil slysahætta af því og oft springa dekk vegna þessa. Og svo hefur slökkvitækjum í göngunum verið stolið að minnsta kosti þrisv-ar. Það er svaka vesen því slökkvitækin eru tengd við kerfi og við erum skyldug til að kalla slökkvilið og sjúkrabíl á svæðið þegar hreyft er við þeim.“

Þrátt fyrir óþægindi af fullum stuðboltum og einstaka skammir finnst Kristjáni og Þórunni vinnan fín. „Það er auðvitað mismikið að gera í þessu, en að meðaltali eru um 5.000 bílar að fara í gegn á sólarhring,“ segir Kristján. „Á sumrin er auðvitað meira að gera og á sunnudögum á sumrin bíður maður kannski góðan daginn tvö þúsund sinnum á einni átta tíma vakt. Maður er náttúrlega eins kurteis og maður getur við alla. En alveg sérstaklega við þessa á pallbílunum!“ **gunnarh@frettabladid.is**

KRISTJÁN Í RÍKI SÍNU Vonandi enginn pallbíll á leiðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GLH

Þegar gæðin skipta máli
Lotus Professional borðpappírsvörur

Til hátíðabrigða

Í verslun RV að Réttarhálsi eru nú á tilboði Lotus LinStyle dúkar og servíettur í mörgum litum. Einnig eru á tilboði ýmsar gerðir af servíettum, diskamottum og „löberum“ með jólamynstri.

Takmarkað magn er í boði af sumum jólavarningi. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Á tilboði í nóvember 2006
Lotus LinStyle servíettur, diskamottur, „löberar“ og dúkar

Eggert Bjarnason
sölumaður hjá RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

tunglið RV6219B

Nýjar jólaskreytingar í Kringlunni:

Átta eldvarin silfurhreindýr

Í ár var jólaskrautið komið upp í Kriglunni 9. nóvember. „Það er nú seinna en í fyrra því þá var búið að skreyta 1. nóvember,“ segir Birta Flókadóttir markaðsstjóri. Jólaskrautið í ár eru heljarmikil silfurhreindýr sem hanga úr loftinu eða á veggjum. „Við höfum skipt um jólaskraut á nokkurra ára fresti og í byrjun árs tókum við þá ákvörðun að fá nýtt skraut í ár. Okkur fannst kominn tími á eitthvað ferskt og á ævintýralegum nótum. Hreindýrin hafa vakið athygli, krakkarnir eru mikið að benda á þau og finnst þetta sniðugt. Hreindýrin koma frá Bretlandi og við keyptum inn átta hreindýr. Þau eru náttúrlega kirfilega fest og úr eldvörnum efnum. Þau bjóða upp á að það er hægt að leika sér með lýsinguna á þeim. Í ár verður rauð lýsing en það má gera ráð fyrir því að við breytum um lit á næsta ári.“

SILFURHREINDÝRIN Í KRINGLUNNI Kyrfilega fest og úr eldvörnum efnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Birta segir að ákveðið hafi verið að hlaða Kringluna minna en venjulega og vera með færri hluti en stærri. „Í suðurhúsinu eru jóla-ljósakrónur, eins konar kristals-ljósakrónur. Þær eru franskar.“ **- glh**

Við erum gott Teymi

Teymi hf. er nýtt félag í Kauphöll Íslands

Teymi hf. verður skráð á markað í dag. Félagið stefnir að því að verða stærsta félag sinnar tegundar á Íslandi. Innan samstæðu Teymis eru Vodafone, Kögun, Securitas, Skýrr og EJS. Auk þess rekur Teymi fyrirtæki á borð við P/F Kall, Mömmu, BTnet og lággjaldasímafélagið SKO.

Áhugaverður kostur fyrir fjárfesta

Teymi hf. er skýr valkostur fyrir fjárfesta. Innan Teymis eru félög sem starfa öll á markaði þar sem vöxtur er umtalsverður. Auk þess mun Teymi leita leiða til að auka sérhæfingu fyrirtækjanna og finna nýja tekjumöguleika, m.a. með samstarfi þeirra á milli. Við erum gott Teymi og þess vegna áhugaverður fjárfestingarkostur.

TEYMI

SECURITAS Skýrr vodafone EJS KÖGUN

Mamma SKO BTnet kall

ÍSLENSKA/SIA.IS/TEY 34950 11/06

Svona erum við

> Sjónvarpsafnot á hverja þúsund íbúa



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: FRANSKI SÓSÍALISTAFLOKKURINN

Forystuafl stjórnarandstöðunnar

Franski Sósíalistaflokkurinn valdi á fimmtudag frambjóðanda sinn í forsetakosningunum sem fram fara í Frakklandi í apríl. Með framboði Segolene Royal á kona í fyrsta sinn raunhæfan möguleika á að verða forseti franska lýðveldisins.

Saga flokksins?
Franski Sósíalistaflokkurinn var stofnaður árið 1969, á grunni SFIO, „Frakklandsdeildar Heimsþings sósíalista", eins og meginhreyfing lýðræðissinnaðra sósíalista í Frakklandi hét síðan á 19. öld, en hún mátti sín lengi lítils í samkeppninni við kommúnista, sem nutu mikils fylgis í Frakklandi megnið af 20. öldinni.

Francois Mitterrand, sem varð formaður Sósíalistaflokksins árið 1971, tók þá stefnu að ganga til kosninga í kosningabandalagi við kommúnista og komst nærri því að ná kjöri til forseta í kosningunum árið 1974. Í kjölfarið varð flokkurinn forystuafl sósíalista í landinu. Kosningaósigur vinstriflokkanna í þingkosningum árið 1978 olli kreppu, en Mitterrand hélt samt yfirhöndinni. Hann vann síðan í forsetakosningunum árið 1981 og gegndi því embætti óslitið til ársins 1995. Hann var fyrsti sósíalistinn sem náði kjöri til æðsta embættis Frakklands.

Þróunin síðustu ár?
Forsetaembættið féll í skaut Gaullistanum Jacques Chirac þegar Mitterrand-tímabilinu lauk árið 1995, og hægriflokkarnir voru þá jafnframt í þingmeirihluta. Það breyttist árið 1997, og Chirac neyddist til að skipa Lionel Jospin, leiðtoga sósíalista, forsætisráðherra. Jospin dró sig í hlé eftir að hafa hlotið niðurlægjandi ósigur í forsetakosningunum 2002, er hann fékk færri atkvæði en hægriöfgamaðurinn Jean-Marie Le Pen í fyrri umferð kosninganna. Francois Hollande, sambýlismaður Segolene Royal, tók við flokksformennskunni, en hann hefur átt bágt með að ná flokknum upp úr kreppunni sem hann komst í á óvinsældastjórnarárum Jospins. Flokkurinn er þó óumdeilt forystuafl stjórnarandstöðunnar.

SPURT & SVARAÐ
GULLBORGIN

Arfleið Binna í Gröf

GUNNAR MAREL EGGERTSSON
Skipstjóri

Hópur manna vinnur um þessar mundir hörðum höndum að því að bjarga hinu sögufræga skipi Gullborginni. Gunnar Marel Eggertsson skipstjóri er í forsvari fyrir hópinn.

Hvað gerir Gullborgina merkilega?
Gullborgin er eitt glæsilegasta og besta sjóskip sem hefur flotið um Íslandsstrendur fyrr og síðar. Hún var smíðuð fyrir Færeyinga í upphafi, sem seglskip ekki síður en vélskip. Þess vegna er skrokkurinn á henni sérstaklega glæsilegur og fallegur.

Var þetta mikið aflaskip?
Já, og Binni í Gröf fór miklar frægðarfarir á því. Það væri því mikil skömm að rífa hana. Íslendingar eru mjög skammt á veg komnir með að hugsa til fortíðar við að varðveita sögulega muni og sérstaklega því sem við kemur sjó. Það er til dæmis enginn síðutogari varðveittur hér.

Ertu vongóður um að þetta takist?
Ég er mjög vongóður. Hún gæti til dæmis nýst sem sýningargripur við bryggju. Fólk gæti þá gengið um borð og skoðað sögu skipsins og í leiðinni þverskurð af íslensku sjómannalífi eins og það var á síðustu öld.

Innflytjendamálin krauma undir

Uppsveifla í hollenzku efnahagslífi er talinn munu tryggja hægri- og miðflokkum sigur í þingkosningunum í Hollandi á miðvikudag. Þótt innflytjendamálin hafi ekki verið áberandi á yfirborði kosningabaráttunnar kraumar enn í þeim suðupotti.

Eftir áralangar deilur um innflytjendamál hafa þau horfið að mestu af yfirborði umræðunnar í hollenzkum stjórnmálum í aðdraganda kosninganna.

En þegar nánar er að gáð kemur glöggt í ljós að með valinu milli hægri- og miðflokkanna, sem stjórnað hafa landinu undanfarin fjögur ár, og vinstriflokkanna hins vegar, standa hollenzkir kjósendur frammi fyrir vali milli afgerandi stefnuvalkosta hvað varðar „fjölmenningarsamfélagið" svonefnda, en þau mál hafa verið mjög í brennidepli hollenzkrar þjóðfélagsumræðu síðan heittrúarmúslimi myrti kvikmyndagerðarmanninn Theo van Gogh um hábjartan dag á götu í Amsterdam haustið 2004.

Þverpólitísk samstaða um herta stefnu

Að vísu eru forystuflokkar beggja fylkinga, kristilegir demókratar Jan Peter Balkenendes forsætisráðherra og Verkamannaflokkurinn undir forystu Wouter Bos, á einu máli um að halda áfram að taka hart á innflytjendum sem sýna skort á hollustu við frjálslyndisgildi hollenzks þjóðfélags – það skýrir hvi þessi mál gegndu eins litlu hlutverki í kosningabaráttunni og raun varð á – en umtalsverður munur er á því hvernig flokkarnir hyggjast útfæra þessa stefnu.

Með sigri hægriflokkanna „gæti Holland stefnt inn á ónumið land í innflytjendamálum og gert landið að framverði hægrilausna með svipuðum hætti og það var eitt sinn frumherji frjálslyndisnýjunga í samfélagsmálum á borð við lögleiðingu kannabisefna, líknardráps og vændis," skrifar fréttaritari AP-fréttastofunnar um þetta.

Nú, nokkrum dögum fyrir kosningar, samþykkti minnihlutastjórn Balkenendes bann við að slæður sem hylja allt andlitið séu bornar á almannafæri í Hollandi, en þessu banni er beint gegn svonefndum búrka-kyrtlum múslimakvenna. Með Balkenende við stjórnvölinn, með tryggan þingmeirihluta að baki sér eftir kosningasigur, þykir líklegt að einnig verði leitt í lög að umsækjendur um ríkisborgararétt skuli sitja námskeið í hollenzkum lögum og siðum, og jafnvel að tvöfaldur ríkisborgararéttur verði afnuminn.

Vinni vinstriflokkarnir má gera ráð fyrir að mun skemmra verði gengið í að knýja innflytjendur, einkum úr röðum múslima, til að sýna og sanna að þeir séu viljugir að aðlagast hollenzku samfélagi og virða gildi þess.

Fyrri öfgar orðnar að meginstraumi

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakannana bendir flest til að Balkenende fái umboð kjósenda til að mynda meirihlutastjórn. Munar þar mestu um þá efnahagsuppsveiflu sem nú virðist komin á skrið í landinu. Þar sem allstór hluti kjósenda er óákveðinn eykur það óvissuna um úrslitin og mikið er talið velta á að kjörsókn verði góð.

En að mál eins og hugmyndir um að banna búrkur skuli yfirleitt vera uppi á borði „meginstraums"-stjórnmála Hollands er til vitnis um þá grundvallarafstöðubreytingu sem van Gogh-morðið og fleiri mál sem varða öfgafulla, aðlögunaróviljuga innflytjendur hefur valdið hjá þorra fólks í landinu. Viðhorf sem úthrópuð voru sem hægriöfgar fyrir fjórum árum – og skutu manni eins og Pim Fortuyn skyndilega upp á stjörnuhimin stjórnmálanna fyrir rúmum fjórum árum – eru nú orðin viðtekin og viðurkennd sem viðhorf yfirgnæfandi meirihluta bæði kjósenda og flestra málsmetandi stjórnmálamanna. Fortuyn var myrtur af hollenzkum vinstriöfgamanni skömmu fyrir kosningar árið 2002.

Að taka hart á innflytjendamálunum er mjög til vinsælda fallið um þessar mundir hjá meirihluta innfæddra Hollendinga, sem lízt ekki á blikuna þegar til þess er litið að það er ekki lengra en þrír-fjórir áratugir síðan þeir hófu að bjóða „gestaverkamönnum" frá Marokkó og Tyrklandi til landsins, auk fólks frá fyrrverandi nýlendum Hollands, svo sem Indónesíu, sem nú er fjölmennasta múslimaríki heims. Morðið á van Gogh hefur kynt undir vantrausti infæddra Hollendinga á múslimum í landinu, sem þegar eru um sex prósent af 16 milljónum íbúa þess.

Áþreifanlegur árangur

Það er engum blöðum um það að fletta að hert stefna stjórnvalda hefur haft áþreifanleg áhrif. Rita Verdonk, ráðherra innflytjendamála úr frjálslynda hægriflokknum VVD, sagði í viðtali við dagblaðið NRC Handelsblad um síðustu helgi, að straumur innflytjenda til landsins á grundvelli reglna um sameiningu fjölskyldna hafi minnkað úr 40.000 á viku árið 2002 í 50 á viku nú. „Við höfum náð stjórn á innflytjendamálunum, og þannig verður það að vera áfram," sagði hún. „Sannir flóttamenn sem sæta ofsóknum í eigin landi eru velkomnir. En það eru aðeins um 10-20 prósent hælisleitenda. Flestir koma vegna þess að hér ríkir velmegun."

Framganga Verdonk í þessum málum hefur bakað henni bæði vinsældir og andúð. Í sumar reyndi hún að svipta vin sinn og flokksfélaga, Ayan Hirsi Ali, hollenzkum ríkisborgararétti sínum vegna þess að upp komst að hún hefði logið er hún sótti fyrst um hæli fyrir þrettán árum. Ali kom þá sem flóttamaður frá Sómalíu til Hollands og varð síðar fræg fyrir baráttu sína gegn mannréttindabrotum í nafni íslams, einkum og sér í lagi gegn kúgun múslimakvenna. Þótt hún væri þingmaður á Hollandsþingi þurfti hún að fara huldu höfði vegna morðhótana öfgamúslima í kjölfar morðsins á vini hennar Theo van Gogh. Verdonk taldi að eitt yrði yfir alla að ganga og því fengi Ali enga „séra Jóns"-meðferð. Ráðherrann var þó knúinn til að bakka.

Þessar deilur innan ríkisstjórnarinnar urðu minnsta stjórnarflokknum, D66, tilefni til að yfirgefa hana, en þar með missti hún meirihlutann og boðað var til kosninga 22. nóvember. Það endaði líka með því að Ali dró sig í hlé og flutti alflutt til Bandaríkjanna.

FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Efnahagsmálin auka sigurlíkur stjórnarflokka

Hagvöxtur er nú meiri í Hollandi en hann hefur verið í fimm ár og þykir það auka líkurnar á því að samsteypustjórnin undir forystu Jans Peters Balkenende og flokks hans, kristilegra demókrata, fái umboð kjósenda í kosningunum á miðvikudaginn til að stjórna landinu áfram. Þrátt fyrir að tvær af þremur ríkisstjórnum Balkenendes hafi sagt af sér á kjörtímabilinu.

KRISTILEGIR DEMÓKRATAR
Jan Peter Balkenende, 50 ára
CDA

VERKAMANNAFLOKKURINN
Wouter Bos, 43 ára

LYKILTILLÖGUR Í EFNAHAGSMÁLUM

- Að greiða upp 6,5 milljarða evra skuldir ríkissjóðs fyrir árið 2011
- Að minnka skuldir ríkissjóðs úr 50% af VLF niður í 15% á 25 árum
- Að halda fleira fólki virku á vinnumarkaði fram til 65 ára aldurs og jafnvel lengur
- Frá árinu 2011 skuli allir lífeyrisþegar fæddir eftir 1946 taka þátt í fjármögnun lífeyriskerfis ríkisins
- Að verja 400 millj. evra í félagslegt húsnæði á árunum 2008-2011, 550 millj. í barnaumönnun.
- Verja 2,3 milljörðum evra til að sjá vinnandi foreldrum fyrir barnaumönnun þrjá daga í viku
- Fjárfesta 500 millj. evra í menntun og nýsköpun
- Hækka laun kennara um allt að 10%

Þingið jan. 2003-jún. 2006: CDA 44, PvdA 42, VVD 28, SP 9, Aðrir, 150 sæti

VVD: *Frjálslyndur hægriflokkur sem aðild á að minnihlutastjórn með CDA, frá því önnur stjórn Balkenendes tapaði þingmeirihlutanum í júní*

SÓSÍALISTAFLOKKURINN *Flokkur á vinstrijaðrinum, sem er hugsanlegur stjórnarsamstarfsflokkur Verkamfl. og Græna-vinstrifl.*

Meðal annarra flokka í framboði eru ***Græni-vinstriflokkurinn*** GroenLinks, ***D66*** (miðflokkur sem yfirgaf samsteypustjórn Balkenendes í sumar og olli því þar með að boðað var til kosninga), og ***Geert Wilders*** (eins-manns-flokkur sem berst gegn innflytjendum og er spáð allt að tíu þingsætum)

Myndir: Associated Press © GRAPHIC NEWS

MARGIR ÓÁKVEÐNIR
Vegfarandi í Amsterdam gengur hjá veggspjaldi með kosningaauglýsingum allra flokka. Hátt hlutfall óákveðinna nú síðustu dagana fyrir kosningarnar gerir það erfitt að spá fyrir um úrslitin. Mið- og hægriflokkarnir þykja þó sigurstranglegastir.

24

flýttu þér hægt...

opið allan sólarhringinn...

- 10-11 Barónsstíg, Reykjavík
- 10-11 Hjarðarhaga, Reykjavík
- 10-11 Langarima, Reykjavík
- 10-11 Lágmúla, Reykjavík
- 10-11 Dalvegi, Kópavogi
- 10-11 Engihjalla, Kópavogi
- 10-11 Lyngási, Garðabæ
- 10-11 Staðarbergi, Hafnarfirði
- 10-11 Kaupangi, Akureyri
- 10-11 Hafnargötu, Keflavík

10-11

...alltaf opið!

www.10-11.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Metnaðarfullar áætlanir á hálendinu:

Vatnajökuls-þjóðgarður

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Á sama tíma og stjórnvöld hér hafa nýlega lagt fram metnaðarfulla áætlun um Vatnajökulsþjóðgarð koma ráðamenn Norsk Hydro óboðnir hingað til lands og tilkynna öllum að óvörum að þeir hafi áhuga á að reisa mörg þúsund tonna álver hér á landi – hvorki meira né minna! Hugsandi fólk tengir fyrirætlanir Norðmannanna strax við vatnsaflsvirkjanir og verður þá hugsað til Jökulsár á Fjöllum með tignarfossinn Dettifoss auk allra hinna fossanna sunnan og norðan við.

Það er eins gott að áætlanir um Vatnajökulsþjóðgarð eru komnar vel á veg , og að Jökulsá á Fjöllum er þar innanborðs frá upptökum til sjávar, því annars væri hætta á að menn færu aftur að velta fyrir sér virkjanamöguleikum þar. Vonandi eru þær hugmyndir komnar út af borðinu í eitt skipti fyrir öll með tilkomu þjóðgarðsins, en allur er þó varinn góður í þessum efnum sem öðrum.

Ef ráðamenn Norsk Hydro eru í alvöru að hugsa um að reisa hér álver, þá ætti helst að benda þeim á Keilisnes, ef ekki verður af stækkun i Straumsvík og álveri í Helguvík, en næsta álver hér hlýtur hins vegar að rísa norðan við Húsavík.

Vatnajökulsþjóðgarður verður stærsti þjóðgarðurinn hér á landi, og jafnframt sá stærsti í Evrópu. Hann mun í framtíðinni ná allt norðan frá ósi Jökulsár á Fjöllum í Öxarfirði og suður undir ströndina í suðri milli Ingólfshöfða og Hornafjarðar. Meginuppistaðan í þjóðgarðinum verður þó sjálfur Vatnajökull – stærsti jökull í Evrópu.

Það eru metnaðarfullar áætlanir sem umhverfisráðherrar undanfarinna ára hafa haft um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á grundvelli þingsályktunartillögu Hjörleifs Guttormssonar sem samþykkt var árið 1999. Stofnun slíks þjóðgarðs er ekkert skyndiverk, og því er gott að umræðan um stofnun hans taki sinn tíma svo að allir geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Innan væntanlegs þjóðgarðs verður mikið land sem er í eigu einstaklinga, og þótt ríkið hafi nýverið lagt fram óbilgjarnar kröfur varðandi þjóðlendur í Suður-Þingeyjarsýslu má það ekki verða til þess að seinka stofnun þjóðgarðsins. Þessar kröfur ríkisins eru ekki beint til þess að greiða fyrir samningum við landeigendur varðandi væntanlegan þjóðgarð. Annars vegar er það að ásælast land, sem um aldir hefur verið talið í einkaeign, og hins vegar kemur skýrt fram í skýrslu umhverfisráðuneytisins um Vatnajökulsþjóðgarð, sem ríkisstjórnin samþykkti að byggja áframhaldandi vinnu við stofnun garðsins á, að mikilvægt sé að ná góðu samkomulagi við landeigendur á svæðinu. Án þátttöku þeirra verði ekkert af garðinum.

Vatnajökull og nágrenni hans er mikil náttúruperla, sem þarf að ganga vel um. Það er grundvallaratriði að tryggja öllum jafnan aðgang að svæðinu, hvort sem er að ræða göngufólk, jeppaeða vélsleðamenn. Allir eiga að geta notið þess sem svæðið hefur upp á að bjóða, en jafnframt þarf að koma því þannig fyrir að einn hópurinn sé ekki fyrir öðrum, og allir geti notið frjálsræðisins og víðáttunnar á hálendinu innan ákveðinna marka.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Engir hugsjónamenn

Í ævisögu Margrétar Frímannsdóttur vandar hún Vinstri grænum ekki kveðjurnar. Í broti sem birtist á bloggsíðu Bókaútgáfunnar Hólar segir meðal annars: Margsinnis síðan hef ég heyrt sæmilega greint fólk halda því fram að Vinstri grænir séu slíkur hugsjónaflokkur að þeir hafi ekki getað hugsað sér að gefa tommu eftir í sameiningarviðræðunum … Þetta er tómt bull og kjaftæði.

Þeir sem stóðu að því að stofna Vinstri græna eru, þvert á móti, stjórnendur í eðli sínu og gerðu það ekki aðeins vegna hugsjóna sinna, heldur einnig vegna þess að þeir vilja vera kóngar í sínum flokki. Þá segir hún Hjörleif Guttormsson hafa verið virkjunarsinna þegar hann var iðnaðarráðherra og viljað stóriðju á Austurlandi. Alþýðubandalagið, að sögn Margrétar, var nefnilega enginn talsmaður umhverfismála og verið til dæmis mótfallið því að styrkja umhverfisráðuneytið.

Og þá var kátt í höllinni

Fjöldi manns var samankominn í Laugardalshöll á föstudagskvöld til að hlýða á magnaða tónleika Sykurmolanna. Eftir því var tekið þegar Sykurmolarnir stigu á svið, að ekki var fullt í stúku, þrátt fyrir uppselda miða. Sætin áttu eftir að fyllast þegar leið á kvöldið, en FL Group hafði keypt stóran hluta stúkumiða og boðið vel völdum gestum. Fyrir tónleikana voru veisluhöld í hliðarsal hallarinnar og áttu sumir gestanna erfitt með að slíta sig frá ókeypis áfenginu sem þar var í boði.

Var svo sem aldrei aðdáandi, en …

Í eftirpartíi FL Group, sem haldið var á sama stað og forveislan, mátti heyra ýmsa segja: „Ég var nú aldrei neinn sérstakur aðdáandi Sykurmolanna, en maður sleppir ekki svona góðu partíi.“ Fyrir hönd Sykurmolanna hafa vonandi fleiri séð ljósið, í boði FL Group.

svanborg @frettabladid.is

Ástkæra ylhýra og fleira

VALGERÐUR BJARNADÓTTIR
Í DAG | Málnotkun

Fyrir pistlahöfundinn hefur lífið aftur hafið sinn vanagang að lokinni prófkjörsbaráttu. Það var skemmtilegur tími, kona hefði ekki slegið hendinni á móti betri árangri en telur þó að þegar öllu sé á botninn hvolft megi hún vel við una. Alls konar spekingar túlka niðurstöður kosninga af þessu tagi hver með sínum hætti. Endanlegur dómur um hvort vel tókst til eða ekki verður kveðinn upp á kjördag, það gera kjósendur. Því hvort heldur okkur líkar betur eða verr, þá er það ekki eingöngu vegna stefnu stjórnmálaflokka sem fólk gefur þeim atkvæði sitt heldur skipta málsvararnir og áherslur þeirra einnig máli.

Dagur íslenskunnar var í síðustu viku. Í grunnskólum var lögð áhersla á að við hlökkum til jólanna en okkur hlakkar ekki til þeirra. Njörður P. Njarðvík fékk verðlaun, hann sagðist helst hafa áhyggjur af andvaraleysi. Ég held að hann eigi þá meðal annars við ósið eins og þann að við segjum hæ og bæ, í stað þess að nota góð, gild og þægilega íslensk orð eins og sæl og bless. Ef svo er þá er ég honum sammála en játa að ég er sek um þetta, mea culpa, mea culpa. Nú heiti ég því að venja mig af þessum ósið, fyrst kona getur hætt að reykja þá hlýtur hún að geta hætt þessu.

Stofnanamál er ákaflega leiðinlegt fyrirbrigði finnst mér og stend í mikilli baráttu við viðkomandi aðila. Viðkomandi aðili birtist í mörgum myndum, hann getur verið kona eða karl og hann getur verið fyrirtæki. Aðilinn er ekki alltaf viðkomandi. Hann getur verið samningsaðili, pöntunaraðili, móttökuaðili og jafnvel óásættanlega óináanlegur. Það mun vera manneskja sem kona er mjög pirruð á að ná aldrei sambandi við vegna þess að manneskjan sem oftast er karl hefur mjög mikið að gera eða er alltaf á fundum eða kannski bara í golfi.

Í vikunni barðist ég við sögnina að vanefna, hún hefur fyrir einhverra hluta sakir fest í skjölum sem gefin eru út á mína ábyrgð. Ég veit að um vanefndir getur verið að ræða og ég veit líka að margir búa við vanefni, en

Aðilinn er ekki alltaf viðkomandi. Hann getur verið samningsaðili, pöntunaraðili, móttökuaðili og jafnvel óásættanlega óináanlegur.

þykist aldrei hafa vanefnt neitt þótt ég hafi ábyggilega ekki efnt allt sem ég hef lofað um ævina. Ekki voru allir á eitt sáttir um skoðun mína á þessu enda sagnorðið notað í skjölunum í langan tíma. Það var þó látið undan nöldrinu í mér og héðan í frá verður sagt á mínum vinnustað að fólk standi ekki við samninga eða efni ekki það sem það hefur lofað, að minnsta kosti verður það svo ef ég heyri til.

Fyrsta snjónum kyngdi niður um helgina. Væntanlega fer ég þá gangandi í vinnuna næstu daga eða þar til snjóinn tekur upp. Er svo heppin að búa í göngufæri við vinnustaðinn. Ég ætla nefnilega að fara að áskorun borgaryfirvalda og leggja nagladekkjunum og leggja þar með mitt af mörkum til að minnka svifrykið, skora á fleiri að gera það. Þeir sem ekki eru svo heppnir að geta gengið í vinnuna geta gengið út á stoppistöð og tekið strætó. Það er hrikalegt að sjá hvernig naglarnir fara með göturnar og rykið sem læðist inn til okkar sem búum við miklar umferðargötur er til merkis um mengunina sem naglarnir valda. Auðvitað er ekki hægt að banna nagladekk, eðlilegt að atvinnubílstjórar noti þau svo og þeir sem þurfa að fara út fyrir bæinn, en við sem erum nær eingöngu á ferðalagi innanbæjar ættum að ganga eða nota almenningssamgöngur þessa daga sem snjórinn liggur yfir.

Fyrst minnst var á borgaryfirvöld verður ekki látið hjá líða að hrósa þeim fyrir áform um að borga fyrir íþróttir eða listnám krakkanna. Borgarráð mun fyrr í mánuðinum hafa falið íþrótta- og tómstundaráði, ÍTR, að gera tillögur um svokallað frístundakort. Þetta er hið besta mál og mun sams konar kerfi eða eitthvað sem skilar sama árangri þegar vera komið í gagnið í einhverjum nágrannasveitarfélögum. Ég trúi því að þetta muni renna beint til þeirra sem krakkarnir sækja þjónustu til þannig að þetta hafi engin áhrif á skattgreiðslur foreldranna, ég vona minnsta kosti að svo sé. Því fyrr sem þetta kemst í gagnið því betra. Bravó fyrir Reykjavíkurborg í baráttunni við svifrykið og að taka þátt í kostnaði við tómstundaiðkun krakkanna.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

Hugmyndafræðileg flatneskja?

UMRÆÐA
Stjórnmál

BOLLI THORODDSEN

Björgvin Guðmundsson (mis)notar sl. fimmtudag stöðu sína á Fréttablaðinu til að lýsa í pistlinum Frá degi til dags, málefnastarfi Heimdallar síðastliðin tvö ár, sem „hugmyndafræðilegri flatneskju“. Nú geti hins vegar „frjálshyggjumenn andað léttar“ því „hugsjónir Heimdallar lifi góðu lífi“ hjá núverandi stjórn, sem nýlega hafi mótmælt kaupum ríkisfyrirtækis á prentsmiðju og að ríkið reki RÚV.

Lesendum til glöggvunar var Björgvin framarlega í hópi þeirra, sem réðu árum saman í Heimdalli, en urðu síðan ítrekað að lúta í lægra haldi í Heimdallar- og SUS-kosningum 2004-6. Er hann því miður iðulega í skrifum sínum fastur í þeim skotgröfum.

Þegar við tókum við stjórn Heimdallar haustið 2004 var starfið að margra mati í lægð, stuðningur ungs fólks við Sjálfstæðisflokkinn langt undir kjörfylgi, var um 23% í alþingiskosningum 2003. Samherjar Björgvins, hinir „sönnu“ frjálshyggjumenn höfðu þá farið með völd í Heimdalli árum saman, en náðu ekki betur til ungs fólks en þetta. Þessu þurfti að snúa við og ný stjórn Heimdallar ákvað að leggja, auk hefðbundinna baráttumála frjálshyggju, áherslu á mál, sem sneru að ungu fólki: Húsnæðis- og menntamál, forvarnir, stöðu ungra innflytjenda, borgarmál og mannréttindi fatlaðra, samkynhneigðra og þolenda kynferðisafbrota. Kapp var lagt á að virkja sem flesta, gera starfið upplýsandi og skemmtilegt. Þetta var seinvirkt grasrótarstarf, sem skilaði sér. Síðastliðinn vetur sýndu reglulegar mælingar á fylgi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík að það hafði nær tvöfaldast meðal ungs fólks frá alþingiskosningum 2003. Fleira kemur til en breyttar áherslur í ungliðastarfi, en ég fullyrði að það eigi sinn þátt.

Ég spyr því hvort það sé ekki hugmyndafræðileg flatneskja, ef pólitískt ungliðastarf snýst fyrst og fremst um mikilvægi frjáls markaðar og frelsis einstaklinga? Eiga stjórnmál ekki að snúast um fleira en rekstrarform og verða jöfn tækifæri ekki að fylgja frelsi einstaklingsins? Snúast stjórnmál ekki um aðstæður venjulegs ungs fólks? Ég tel að svo sé og er þess fullviss að það gerir líka ný stjórn Heimdallar, sem við studdum sl. haust, gegn félögum Björgvins. Stóraukinn stuðningur ungs fólks við Sjálfstæðisflokkinn bendir einnig til að það sé okkur sammála.

Höfundur er fyrrverandi formaður Heimdallar og annar varaformaður SUS.

Afa vill aðgerðir

UMRÆÐAN
Aldraðir

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Afa-samtökin, félag aðstandenda aldraðra, héldu blaðamannafund fyrir skömmu um ástandið í vistunarmálum aldraðra. Gagnrýndu þau harðlega „útspil“ heilbrigðisráðherra en ráðherrann tilkynnti með miklum áróðurbrag fyrir skömmu ,að verja ætti 1,3 milljörðum í byggingu hjúkrunarheimila næstu 4 árin. Bentu samtökin á, að ríkið hefði tekið nær 3 milljarða úr framkvæmdasjóði aldraðra og notað í rekstur. Þessi fjárhæð, 1,3 milljarðar, er því aðeins brot þeirrar fjárhæðar.

AFA-samtökin krefjast þess, að 3 milljörðunum verði skilað að fullu.

Samtökin sögðu á blaðamannafundinum, að algert ófremdarástand ríkti í hjúkrunar- og vistunarmálum aldraðra. Biðlistar væru langir eftir rými og margir aldraðir þyrftu að vera í hverju herbergi. Í Danmörku þekkist ekki, að fleiri en einn sé í herbergi. Ísland er mörgum áratugum á eftir Danmörku í hjúkrunar- og vistunarmálum aldraðra. Afa-samtökin krefjast þess, að aðgerðir til úrbóta verði gerðar strax en ekki eftir mörg ár eins og stjórnvöld boða.

Afa-samtökin hafa m.a. sagt, að heilbrigðisráðherra hafi ekki heimild til þess að ákveða þær aðgerðir sem hún hafi boðað í hjúkrunar- og vistunarmálum aldraðra.

Heilbrigðisráðherra, Sif Friðleifsdóttir, segir, að um misskilning sé að ræða hjá Afa- samtökunum. Aðgerðir stjórnvalda séu í samræmi við samkomulag ríkisins og Landssambands eldri borgara frá í sumar. Hér gæti verið um misskilning að ræða hjá ráðherranum. Landssamband eldri borgara hefur ekkert umboð til þess að semja fyrir hönd allra eldri borgara um málefni þeirra. Samkomulagið eða yfirlýsingin frá í sumar hefur lítið gildi. Fulltrúar Landssambandsins voru þvingaðir með hótunum til þess að skrifa undir það. Landssambandið telur þar aðeins um fyrsta skref að ræða á langri braut og hefur þegar samþykkt nýjar kröfur á hendur ríkinu.

Tekið skal undir kröfur Afa-samtakanna. Það verður að gera aðgerðir strax. Það dugar ekkert margra ára „plan“.

Höfundur er viðskiptafræðingur.

Er óeigingirni guðleg?

UMRÆÐAN
Trúmál

Á dögunum varði sr. Hildur Eir Bolladóttir þann sjálfsagða rétt guðfræðinga að tjá sig opinberlega um siðferðileg ágreiningsmál með þeim furðulegu rökum að „siðfræði er guðfræði“. Í þessum orðum kristallast sú sjálfhverfa skoðun sumra guðfræðinga að rætur allrar siðlegrar breytni liggi í trúnni á Guð Biblíunnar. Sr. Sigurður Árni Þórðarson endurspeglaði þessa trú nýverið í prédikuninni „Guðlast“, þar sem hann segir m.a.: „Ef Guð hverfur úr lífi fólks og þjóða er hætta á að á nokkrum kynslóðum hverfi gildin, hverfi munur góðs og ills, hverfi siðgreind fólks og þar með verði allt flatt. Allt flýtur“. Eins og flestum ætti að vera ljóst er þessi skilningur að siðlegri breytni mannsins í besta falli vafasamur, enda felst í honum að þeir sem ekki trúa á Guð Biblíunnar séu siðblindir. Hér á eftir ætla ég að fjalla um rannsóknir sem varpa nýju ljósi á grundvöll mannlegrar breytni.

Frá lokum síðustu ísaldar hefur maðurinn smátt og smátt lagt undir sig jörðina. Forsenda þessa er hæfileiki mannsins til þess að eiga samskipti við óskylda einstaklinga í mjög stórum hópum, sem byggist fyrst og fremst á trausti. Hvað er það í fari mannsins sem gerði honum þetta kleift? Eins og hagfræðingurinn Herbert Gintis bendir á í greininni „Material Sense and Material Interest“ (Social Research, 2006) hafa, auk kristninnar, þrjú megin svör við þessari spurningu tekist á í evrópskri menningu frá tímum upplýsingarinnar. Rómantíska viðhorfið, sem rekja má til Rousseau og Marx, er að maðurinn sé að eðlisfari góður og óeigingjarn, en hafi spillst vegna efnishyggjunnar. Klassíska viðhorfið, sem rekja má til Hobbes og Humes og á sér

STEINDÓR J. ERLINGSSON

marga fylgismenn innan hag- og þróunarlíffræði, gengur út á það að maðurinn sé að eðlisfari eigingjarn og að allt óeigingjarnt atferli sem hann sýnir sé sprottið af eigingjörnum hvötum. Þriðja viðhorfið, sem rekja má til Lockes og á sér marga fylgismenn innan félags- og mannfræði, gengur út á að maður fæðist ekki með neitt eðli, þ.e. sé óskrifað blað við fæðingu, og mótist af því félagslega umhverfi sem hann fæðist inn í. Nýjar atferlisrannsóknir Gintis og félaga hafa leitt í ljós að þessi þrjú viðhorf hafi öll eitthvað til síns máls, en eins og Gintis bend-

Af þessu má ljóst vera að það er eitthvað fleira en trú á Guð sem ræður siðferði í Bandaríkjunum. Kannski er það sú staðreynd að þessi þjóð virðist leggja meiri áherslu á eigingirnina en aðrar þjóðir?

ir á eru þau ein og sér „algjörlega ófullnægjandi“.

Það sem hlýtur að teljast markverðast við þessar rannsóknir er það sem kallað er sterk gagnkvæmni (strong reciprocity), sem felur í sér tilhneigingu til óeigingjarns samstarfs við aðra, og að refsa þeim sem brjóta reglur samstarfsins á eigin kostnað, jafnvel þegar ólíklegt er að kostnaðurinn verði bættur. Rannsóknir á svo kölluðum úrslitakostaleik eru eitt dæmi um hvað í þessu felst, en hann er spilaður af tveimur einstaklingum og getur útkoman á verið á bilinu 1-10. Þegar leikurinn er spilaður kemur sjálfselska útkoman, þ.e. 1, aldrei fram. Meðal háskólanemenda er útkoman 43-48%. Til þess að svara þeirri gagnrýni að háskólanemendur á Vesturlöndum sé alltof einsleitur hópur til þess að hægt sé að draga almennar ályktanir af þessum rannsóknum gerðu Gintis og félagar tilraunir með úrslitakostaleikin í fimmtán „frumstæðum“ samfélögum, sem tilheyrðu 12 löndum í fjórum heimsálfum, og var útkoman þar á bilinu 26-50%. Í þessu felst, eins og Gintis bendir á, að hugmyndin um „sjálfselskt atferli fær ekki stuðning í neinu samfélaganna sem rannsökuð voru“.

Í áður nefndri prédikun er vísað í rithöfundinn Dostojevskíj sem „minnti á að: ‚Ef Guð er ekki til er allt leyfilegt“. Í þessu ljósi er athyglisvert að horfa til Bandaríkjanna sem er langtrúaðasta þjóð Vesturlanda. Hjá þessari ríkustu þjóð heims eru um 40 milljónir einstaklinga án sjúkratrygginga. Bandaríkin hafa langhæsta hlutfall fanga í heiminum, eða 714 á hverja 100.000 íbúa, og eru þær rúmu tvær milljónir sem eru í fangelsum í Bandaríkjunum 23% af áætluðum fangafjölda í heiminum meðan Bandaríkjamenn telja 5% af heildarfjölda mannkyns. Af þessu má ljóst vera að það er eitthvað fleira en trú á Guð sem ræður siðferði í Bandaríkjunum. Kannski er það sú staðreynd að þessi þjóð virðist leggja meiri áherslu á eigingirnina en aðrar þjóðir? En eins og rannsóknirnar sem hér hafa verið kynntar sýna er mannkyn „þríeitt“ og er tilvist óeigingjarnra einstaklinga ekki háð tilvist hins meinta Guðs kristinna manna. Hún grundvallast á trausti manna á meðal sem auk menningarlegra áhrifa virðist samkvæmt nýrri rannsókn að einhverju leyti stjórnast af hormóninu oxytoxin.

Höfundur er vísindasagnfræðingur.

Kristniboðsskipunin í skólum

UMRÆÐAN
Trúmál

Fréttablaðið greindi í síðasta mánuði frá mótmælum Siðmenntar vegna Vinaleiðar, „kristilegrar sálgæslu“ í grunnskólum, á þeim forsendum að þar væri um óeðlileg tengsl skóla og kirkju að ræða. Í fréttinni hafnaði Karl Sigurbjörnsson biskup því að um trúboð væri að ræða.

Síðan hefur verið margbent á og vitnað til starfsemi djáknans í Mosfellsbæ, brautryðjanda Vinaleiðar til sjö ára, sem tekur af allan vafa um að Vinaleiðin er klárt trúboð í skólum. En Halldór Reynisson, verkefnisstjóri á fræðslusviði Biskupsstofu, hefur nú ítrekað afneitun biskupsins í þrígang. Í Morgunblaðinu 21. október sagði hann um Vinaleiðina: „Hún er þjónusta við náungann en ekki boðun.“ Hinn 5. nóvember sagði hann á sama stað: „Þjóðkirkjan gerir skýran greinarmun á boðun trúar annars vegar og þjónustu eða fræðslu hins vegar.“ Og 14. nóvember birtir hann nýjar „siðareglur“ Vinaleiðar á vef kirkjunnar þar sem segir: „Vinaleiðin er ekki trúarleg boðun.“

Af þessu tilefni er fróðlegt að skoða hvað kirkjunnar menn segja um trúboð. Ragnar Gunnarsson ætti að þekkja það því hann er framkvæmdastjóri Kristniboðssambandsins og hefur starfað sem kristniboði, kennari og „skólaprestur“. Á vef kirkjunnar segir hann: „Þjóðkirkjan skilgreinir sig sem biðjandi, boðandi og þjónandi kirkju. Orð Guðs er boðað í guðsþjónustum, í barna og æskulýðsstarfi, helgistundum – og reyndar á boðunin að umvefja og merkja allt starf kirkjunnar. Hún hefur það

REYNIR HARÐARSON

hlutverk hér í heimi að boða Jesú Krist og að vitna um kærleika hans. Þannig stundar þjóðkirkjan boðunarstarf eða trúboð hér heima.“

„Kristniboð er oft notað um boðun kirkjunnar í öðru samfélagi … Trúboð er oft notað um það sama, en af mörgum einskorðað við þýðingu á orðinu „evangelism“, sem er boðandi starf í nánasta umhverfi. Íslensku orðin skýra sig sjálf. Að boða trú, að boða kristni.“ „Við þurfum kænsku, djörfung, visku og kærleika til að flytja boðin áfram…“

Það virðist erfitt að samræma orð Halldórs og Ragnars og því er ekki úr vegi að skoða ályktun Kirkjuþings nú í októberlok því Kirkjuþing fer með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar. Vina-

Kirkjunnar menn tala tungum … tveim. Kærleiksþjónustan miðlar kristinni trú og er rekin samkvæmt kristniboðsskipuninni en er ekki boðun.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?
Tímaritaútgáfan Birtingur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í kvöldsölu. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

Samvisku- og reglus. ungur maður leitar að hlutastarfi. Byrja strax. S. 846 4863.

Áttu auðvelt með að tala við fólk? Okkur vantar fólk í símasölu 2-4 kvöld í viku. Góð laun í boði. Uppl. í s. 553 9600 frá kl. 14-22.

Starfsmenn óskast, helst vanir pappalögnum. Upplýsingar í síma 896 4947.

Myndir & Myndbönd

Leita að 6-8 áhugasömum sem vilja búa til tekjur í eigin viðskiptum, vefmyndir.ws

Óskum að ráða leiðbeinendur í vinnu í leikskólann Gullborg við Rekagranda. Upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 562 2455 eða 693 9820.

Kaffihús

Helgastarfsmaður óskast í bakarí og kaffihús. Uppl. gefur Saga í síma 551 3524 Sandholt, Laugavegi.

Kvöld og helgarþjónusta

Óskum eftir að ráða starfsmann í þjónustu við aldraða hjá Félagsþjónustu Seltjarnarnesbæjar. Starfið er 40% starf og unnið er 2 - 3 kvöld í viku (16.30 - 20.15) og aðra hverja helgi. Hentar vel með námi. Um er að ræða tímabundið starf fram yfir áramót. Gefandi og fjölbreytt starf. Kynnið ykkur kaup og kjör. Nánari upplýsingar hjá Þóru eða Snorra í síma 595 9130 eða 897 2079.

Starfsmenn óskast, helst vanir pappalögnum. Upplýsingar í síma 896 4947.

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 694 7768.

Vana sjómenn vantar á 65 tonna netabát. Uppl. í s. 848 4851.

Áttu auðvelt með að tala við fólk? Okkur vantar fólk í símasölu 2-4 kvöld í viku. Góð laun í boði. Uppl. í s. 553 9600 frá kl. 14-22.

Atvinna óskast

Íspólska ráðningarþjónustan, býður pólska starfsmenn. Uppl. í s. 894 7799 og +00 486 6958 7238 eða ispolska@simnet.is

Samvisku- og reglus. ungur maður leitar að hlutastarfi. Byrja strax. S. 846 4863.

Starfsfólk frá Lettlandi: smidir, verkamenn etc. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Einkamál

Símaspjall 908 6666.

Hæ ég heiti Heiða, ég er heit og vilt og mig langar til að heyra í þér í kvöld í símaspjalli. Opið allan sólahringinn. Er til fyrir þig.

Yndislegu símadömurnar hjá Rauða Torginu hafa aldrei verið fleiri! Þær eru stundum með opið á daginn, allan daginn! Nína og Fjóla eru virkilega eldheitar! Hringdu í þær, símar eru 908-6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og Visa, Mastercard (ódýrara, kr. 199,90 mín).

Karlmenn- Heitar konur hljóðrita XXX upptökur í einrúmi! Þú heyrir þær í Sögum Rauða Torgsins! Stórkostleg kynf. afþreying! Símar 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9930 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 19,90 mín)

Rafverktaki getur bætt við sig verkefnum. Upplýsingar í síma 893 0998.

Smiðir

Kraftafl ehf auglýsir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu

Upplýsingar í síma 840 1616

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014 samkvæmt 2. mgr. 21.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin felst í lagningu ljósleiðara frá sveitarfélagsmörkum Fljótsdalshrepps á Fljótsdalsheiði, að tengivirki Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal.

Um er að ræða tenginu á milli nokkurra tengivirkja í flutningskerfi Landsnets á Norður-og Austurlandi.

Breytingartillagan liggur frammi til kynningar á skrifstofu Fljótsdalshrepps, Végarði frá og með mánudeginum 20. nóvember til mánudagsins 11. desember.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna , eigi síðar en 11. desember.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Fljótsdalshrepps, Végarði.

Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Oddviti Fljótsdalshrepps

Menntaskólinn við Hamrahlíð
STÖÐUPRÓF í desember 2006

Stöðupróf á vegum menntamálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:

Þriðjudaginn 5. des. Kl. 18:00 Franska (FRA103 - 403)
Miðvikudaginn 6. des. Kl. 16:00 Enska (ENS103 - 303)
Föstudaginn 8. des. Kl. 18:00 Þýska (ÞÝS103 - 403) og víetnamska (VÍE103 - 403)
Laugardaginn 9. des. Kl. 10:00 Norska (NOR103 - 203) og sænska (SÆN103 - 203)
Mánudaginn 11. des. Kl. 18:00 Stærðfræði. (STÆ103, STÆ203 og STÆ263).
Miðvikudaginn 13. des. Kl. 18:00 Spænska (SPÆ103 - 403)
Fimmtudaginn 14. des. Kl. 18:00 Danska (DAN103 - 203)
Föstudaginn 15.des. Kl. 18:00 Ítalska (ÍTA103 - 403)

Skráð er í stöðupróf á skrifstofu skólans í síma 595-5200. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Prófgjald, kr. 3500 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis prófdag, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala prófstaka og sýna kvittun í prófinu.

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla er tekið fram að þessi próf séu ætluð þeim sem búa yfir þekkingu og reynslu sem ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla. Að gefnu tilefni skal tekið fram að fyrir liggur álit menntamálaráðuneytisins um að stöðupróf skuli ekki nota sem upptektarpróf fyrir nemendur sem fallið hafa á annar eða bekkjarprófi.

Rektor.

HLJÓMSKÁLINN

Hljómskálinn, æfingahús Lúðrasveitar Reykjavíkur, er hingað til eina húsið á Íslandi, sem byggt hefur verið eingöngu til tónlistariðkunar. Húsið var byggt vegna slæmrar húsnæðisaðstöðu lúðrasveitarfélaga Reykjavíkur á öndverðri 20. öld. Fjáröflun hófst fyrir nýtt húsnæði árið 1922, en kostnaður við byggingaframkvæmdir námu 26.415,51 kr.
Heiti Hljómskálans var fyrst notað opinberlega þegar boðað var til félagsfundar Lúðrasveitar Reykjavíkur, eins og sameinaðar lúðrasveitir kölluðu sig þá, í húsnæðinu 22. desember sama ár. Skálinn stendur í almenningsgarði í Reykjavík, sem dregur heiti sitt af honum.
(Heimild: www.reykjavikcityband.com)

DRAUMAHÚSIÐ MITT **FRIÐRIK FRIÐRIKSSON LEIKARI**

Ballettsalur og rúgbrauð að mála á

Friðrik tók spurninguna um draumahúsið ekki mjög alvarlega enda er ekki um mjög alvarlega spurningu að ræða. „Ég vil eiga hús í skógarlundi í afskekktum dal, langt frá skarkala heimsins. Það á að vera hæfilega stórt, bara svona svo ég geti boðið öllum mínum frábæru vinum í mat og boðið þeim að gista. Það myndi enginn bara skreppa til mín heldur allir gista."

Friðrik er greinilega mjúkur maður því hann vill hafa gróðurhús þar sem hann ræktar tómata og basiliku auk húsdýragarðs. „Dýrin verða alla vega hjá mér á sumrin. Þá gætu ég og gestirnir klappað þeim en á veturna myndi ég bara slátra þeim."

Í húsinu yrðu tvö mjög skemmtileg herbergi. Annars vegar nuddstofa með erótískum indverskum málverkum á veggjunum og hins vegar ballettsalur með speglum og stöng. „Þá gæti ég boðið gestum að taka í ballettstöng ef þeir vilja. Hver hefur ekki lent í því að fara í matarboð og langa í ballett?"

Ef gestunum hugnast ekki ballett er hægt að skreppa út í bílskúr þar sem Volkswagen-rúgbrauðið hans Friðriks stæði. „Bíllinn er málaður af mér sjálfum og gestunum sem koma. Allir mega mála svo bíllinn yrði alltaf með nýjum og nýjum myndum." Veggirnir yrðu þaktir vopnasafni Friðriks en hann ætlar að veiða sér til matar. „Svo í kjallara bílskúrsins verður poolborð, glymskratti og bjórdæla. Þetta verður svona strákaherbergi fyrir strákana á meðan Álfrún kærasta mín fer kannski með vinkonum sínum í ballett."

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar. Heimild: Fasteignamat ríkisins.

Bæjarráð Akraness hefur farið fram á heildarmat fasteigna á Akranesi.

Endurmat fasteigna

Akranesbær hefur farið fram á heildarendurmat fasteigna á Akranesi.

Bæjarráð Akraness ætlar að óska eftir því við Fasteignamat ríkisins að gert verði heildarendurmat fasteigna á Akranesi. Tilgangur endurmatsins er að allar eignir í bænum verði metnar undir sömu forsendum. Staða fasteignamats á Akranesi er mjög mismunandi samkvæmt fulltrúum bæjarráðs. Sambærilegar eignir í aldri og stærð eru til dæmis ekki metnar á sömu forsendum.

Fyrr á þessu ári fór fram endurmat fasteigna í Grundarfirði. Við endurmatið hækkaði fasteignamat íbúðarhúsnæðis um 37 prósent og einstakar eignir á bilinu 6 til 65 prósent.

Vonast er til að endurmat fasteigna á Akranesi fari fram í upphafi næsta árs.

Frétt fengin af www.skessuhorn.is. *- jóa*

Hvað er að því að Hafnfirðingar kjósi um stækkun Alcan?

UMRÆÐAN
Álver

SIGURÐUR P. SIGMUNDSSON

Í Fréttablaðinu 12. nóvember sl. var viðtal við Rannveigu Rist, forstjóra Alcan, um stækkunaráform álversins í Straumsvík. Viðtalið er um margt athyglisvert.

Rannveigu virðist svíða það mjög að Hafnfirðingar skuli eiga að fá að kjósa um stækkun álversins. Af máli hennar má ráða að ekkert sé sjálfsagðara en að 460 þúsund tonna risaálver, þriðja stærsta álver í heimi, verði staðsett inni í þéttbýli höfuðborgarsvæðisins.

Rannveig segir að umræða sem einkennist af upphrópunum sé gagnslítil og að móta þurfi stefnuna með yfirveguðum umræðum. Þessi skoðun er athyglisverð þar sem Alcan hefur hingað til ekki beinlínis fagnað umræðu um stækkunina. Rannveig getur hins vegar ekki stillt sig um að læða inn gamalkunnri hótun þegar hún segir það breytingu hér á landi að íbúar geti kosið fyrirtæki í burtu eða niður. Flokkast þetta undir yfirvegaða umræðu?

Rannveig segir að undirbúningur að stækkuninni hafi staðið frá árinu 1999. Þessi fullyrðing er undarleg í ljósi þess að móðurfélag Alcan hefur ekki enn þá tekið ákvörðun um að stækka í Straumsvík. Eins hefur Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi álversins, margoft sagt í ræðu og riti að fyrirtækið væri einungis að búa sig undir hugsanlega stækkun.

Spurð um starfsmannamál Alcan segir Rannveig starfsmannastefnu fyrirtækisins vera til fyrirmyndar. Það var og. Ekki veit ég úr hvaða fílabeinsturni forstjórinn stjórnar þar sem öllum má ljóst vera að það er eitthvað að þegar 300 starfsmenn mæta á fund til að styðja við brottrekna félaga sína. Alcan er kannski ekki eins eftirsóknarverður vinnustaður og Rannveig vill vera láta.

Það er alveg rétt hjá Rannveigu að umræðan um hugsanlega stækkun álversins í Straumsvík þarf að vera yfirveguð. Þá verða líka öll sjónarmið að fá að koma fram og njóta sannmælis. Það er hins vegar á Rannveigu að skilja að þar sem fyrirtækið er þegar búið að kaupa lóðina og fá starfsleyfi að þá eigi málið að vera nánast frágengið. Það liggur í orðum hennar að athugasemdir fjölmargra Hafnfirðinga séu til þess eins fallnar að tefja málið og skaða hagsmuni Alcan.

Hvað með hagsmuni Hafnfirðinga, fólks sem valið hefur sér búsetu í bænum út frá tilteknum forsendum? Er eitthvað óeðlilegt við það að íbúar hafni aukinni mengun, raflínuskógi í bæjarlandinu og mikilli röskun meðan á byggingartíma stendur svo fátt eitt sé talið? Er eitthvað að því að íbúum hugnist ekki að risaálver verði afgerandi kennileiti í bæjarlandinu sem jafnframt myndi þrengja mjög að annarri byggð og takmarka þar með þróun íbúðabyggðar? Hver bað eiginlega um þessa stækkun? Ekki voru það almennir borgarar í Hafnarfirði.

Góðir Hafnfirðingar. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur vel þetta mál og að mynda ykkur skoðun með hagsmuni Hafnarfjarðar til framtíðar að leiðarljósi. Síðast en ekki síst. Það hlýtur að vera lýðræðislegur réttur okkar að fá að kjósa um þvílíka stórframkvæmd, þá langstærstu í sögu bæjarins.

Höfundur er hagfræðingur.

AF NETINU

Engin hætta

Björn Bjarnason skrifar um erlendar merkingar á varðskip og lögreglu á bjorn.is

Það verður ekki farið að merkja lögreglubíla á ensku. Sumar lögreglustöðvar hafa nú þegar í dag heiti sitt á ensku. Ég tel líklegt að á nýjum búningum lögreglumanna muni einnig koma fram enska orðið „police" til að það liggi ljóst fyrir hverjir eru þar á ferð.

Órói innan flokkanna

Egill Helgason skrifar um liðin prófkjör á visir.is

Frjálslyndi flokkurinn er líklega að klofna vegna innflytjendamálanna. Margrét Sverrisdóttir lýsti því yfir að hún kærði sig ekki um rasisma og Jón Magnússon. Faðir hennar Sverrir kallaði Jón utanveltubesefa. Guðjón A. Kristjánsson kom í viðtal á Bylgjunni á föstudag og bað Jón afsökunar fyrir hönd Margrétar. Raunar bað hann Gunnar í Krossinum líka afsökunar, en Margrét hafði farið nokkuð háðulegum orðum um ofsatrúarfólk.

ROBERT KENNEDY (1925-1968) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI

Mín trú er sú að fátækt sé af hinu illa þegar við höfum nægtir alls.

Kennedy var yngri bróðir Johns Kennedy Bandaríkjaforseta og hlaut sömu örlög árið 1968 þegar hann var ráðinn af dögum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 20. NÓVEMBER 1995

Díana játar að hafa verið Karli ótrú

Á þessum degi árið 1995 viðurkenndi Díana prinsessa af Wales í sjónvarpsviðtali að hafa haldið framhjá Karli krónprins. Þetta var í fyrsta sinn sem Díana tjáði sig opinberlega um skilnað sinn við prinsinn. Sjónvarpsmaðurinn Martin Bashir hafði tekið klukkutímalangt viðtal við prinsessuna fyrir þáttinn Panorama á BBC. Í samtali þeirra kom meðal annars fram að Díana hafði átt í ástarsambandi við reiðkennarann James Hewitt. Hún lýsti einnig sárum tilfinningum sínum vegna langrar vináttu Karls við Camillu Parker-Bowles. Þá ræddi hún einnig á opinskáan hátt um þunglyndi og búlimíu sem hún hafði lengi átt við að stríða.

Mánuði eftir viðtalið sendi Elísabet drottning bréf til bæði Karls og Díönu þar sem hún bað þau um að fá lögskilnað. Hjónabandinu lauk því formlega hinn 28. ágúst 1996.

Díana lést á sviplegan hátt í bílslysi 31. ágúst 1997 í París. Karl prins giftist Camillu Parker-Bowles í apríl á þessu ári.

MERKISATBURÐIR

1763 Dómkirkjan að Hólum í Hjaltadal, sú sem enn stendur, er vígð.

1945 Réttarhöldin yfir 24 háttsettum nasistaforingjum hefjast í Nürnberg.

1947 Elísabet krónprinsessa giftist Philip Mountbatten í Westminster Abbey.

1959 Viðreisnarstjórnin, samsteypustjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks undir forsæti Ólafs Thors, tekur við völdum.

1975 Spænski einræðisherrann Francisco Franco hershöfðingi andast 82 ára að aldri.

1992 Eldur kviknar í Windsorkastala í Englandi.

Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson

Þegar andlát ber að

Alhliða útfararþjónusta í 16 ár

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is · utfarir@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Lillý Steingrímsdóttir,

Þverholti 10, Keflavík,

sem lést á Heilsustofnun Suðurnesja, 12. nóvember sl. verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 21. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilsustofnun Suðurnesja.

Jón Ísleifsson
Ísleifur Jónsson
Svanlaug Jónsdóttir
Hildur Nanna Jónsdóttir
Steinunn Stefanía Magnúsdóttir
Ólafur Eggert Júlíusson
Sigtryggur Leví Kristófersson
ömmu-, langömmubörn og fjölskyldur þeirra.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Þorvaldur Magnússon

Gullsmára 11,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 21. nóvember kl. 13.

Árni Rúnar Þorvaldsson
Magnús Smári Þorvaldsson
Halldór Bergmann Þorvaldsson
Magnús Ívar Þorvaldsson
Guðni Þór Þorvaldsson
María M. Magnúsdóttir
Barnabörn og barnabarnabörn
Valgerður Sumarliðadóttir
Þóra Þorgeirsdóttir
Alda Sigrún Ottósdóttir
Kolbrún Haraldsdóttir
Sigurlaug Pálsdóttir
Ingibjörg G. Magnúsdóttir

Legsteinar

Kynningarafsláttur af völdum tegundum

Fjölbreytt úrval

Hagstæð verð

Stuttur afgreiðslufrestur

Steinsmiðjan Rein

Viðarhöfða 1 · 110 RVK.

sími 566 7878 · www.rein.is

REIN

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

AUÐUNN JÓNSSON: HEIMSMEISTARI Í KRAFTLYFTINGUM

Vissi að þetta yrði mitt mót

„Það er búið að vera takmark hjá mér mjög lengi að sigra á þessu móti," segir nýkrýndur heimsmeistari í kraftlyftingum, Auðunn Jónsson. „Ég hef keppt á heimsmeistaramótum víða um heim og alltaf langt í burtu frá Íslandi, til dæmis í Japan og Austur-Evrópu. Þess vegna sá ég að ég kæmist ekki nær heimavellinum en í Stavanger í Noregi. Þannig að ég vissi það fyrir að þetta yrði mitt mót og það gekk eftir."

Margir félagar Auðuns studdu við bakið á honum í Stavanger sem honum þótti mjög gott enda var spenna í keppninni alveg fram að síðustu lyftu. „Aðalkeppinautur minn klikkaði á síðustu lyftunni sinni þannig að ég var í raun búinn að vinna fyrir síðustu lyftuna mína," segir Auðunn en hann vann á endanum með tuttugu kílóa mun. „Ég náði að lyfta öllum mínum lyftum í mótinu og það er ekki hægt að fara fram á meira en það."

Heimsmeistaramót í kraftlyftingum er samsett úr þremur greinum, hnébeygju, bekkpressu og réttstöðulyftu. „Ég var alveg við minn besta árangur í hnébeygju og réttstöðulyftu en setti Íslandsmet í bekkpressu þar sem ég bætti mig um fimm kíló."

Auðunn mætti galvaskur til vinnu sinnar á meðferðarheimilinu á Stuðlum á mánudaginn og var að vonum vel fagnað. „Það var bara veisla þegar ég kom og það var alveg meiri háttar. Krakkarnir hafa verið mjög áhugasamir um lyftingar og líkamsrækt í gegnum tíðina og verið mjög jákvæðir gagnvart mér. Oft þegar það er útivistartími förum við í líkamsræktarstöð og ég sýni þeim hvernig þeir eiga að bera sig að," segir Auðunn og játar því að krökkunum þyki það spennandi að fá heimsmeistara í húsið.

Spurður hvort hann ætli að láta gott heita og hætta á toppnum, segir Auðunn: „Ég er reyndar að reyna að gera það upp við mig núna. Markmiðin mín náðu ekkert lengra en fram að þessu móti. Ég vil alls ekki fara að segja að ég sé hættur en koma svo aftur."

HEIÐRAÐUR AF KÓPAVOGSBÆ Haldið var kaffisamsæti í Kópavogi til heiðurs Auðuni enda einstakt afrek íþróttamanns bæjarins. Heimsmeistarinn er hér ásamt dætrum sínum, Elmu Láru og Ragnheiði Emilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einu sinni áður hefur Íslendingur unnið heimsmeistaratitil í kraftlyftingum en það var náfrændi Auðuns, Guðni Sigurjónsson. „Hann vann reyndar í næsta flokki fyrir neðan mig, 110 kg flokki árið 1991 en við erum systkinabörn."

sigridurh@frettabladid.is

Forvarnarverkefnið Flott án fíknar snýst um jákvæða styrkingu unglinga:

Fimmhundruð flott án fíknar

FORVARNIR Á fimmta hundrað unglinga hafa skráð sig í klúbbinn Flott án fíknar og eru alls níu klúbbar starfræktir í dag.

Um er að ræða nýja nálgun í forvörnum samkvæmt hugmynd Guðrúnar Snorradóttur, verkefnisstjóra hjá Ungmennafélagi Íslands, sem stýrir verkefninu. „Þetta byrjaði fyrir fjórum árum þar sem ég var námsráðgjafi í Lindarskóla í Kópavogi. Ég var að þreifa fyrir mér varðandi forvarnir og þannig varð þetta til. Og þetta virtist vera eitthvað sem krakkarnir vildu því strax varð meirihluti unglinga í skólanum meðlimir í klúbbnum."

KÁTIR KLÚBBMEÐLIMIR Fjöldi unglinga mætti í Smáralindina í gær þar sem forvarnarverkefnið var kynnt. Allir fengu boli eins og prýða ungmennin á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Krakkarnir gera skriflegan samning við foreldra sína um að neyta ekki tóbaks, áfengis né ólöglegra vímuefna. Svo hittast þau reglulega og gera eitthvað skemmtilegt saman að sögn Guðrúnar. „Dæmi um það sem þau gera er bingó, matarkvöld, keila, sundlaugarpartí og margt fleira."

Guðrún segir að sér hafi þótt skorta jákvæða styrkingu í forvarnarvinnu undanfarið. „Við höfum verið að horfa of mikið á þá sem hafa fallið. Ég vil að við beinum athyglinni að þessum flottu krökkum sem eru að standast þrýstinginn."

Framtíðarsýn Guðrúnar er að allir grunnskólakrakkar á landinu eigi kost á að ganga í klúbb á hverjum stað. „Einnig viljum við stofna framhaldsstarfsemi fyrir framhaldsskólakrakkana."

- sdg

DAGUR RAUÐA NEFSINS

1. desember 2006

unicef

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

1. desember 2006

BAUGUR GROUP

FONS

GLITNIR

samskip

STUÐ MILLI STRÍÐA Tilgangslaust drasl

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR HUGAR AÐ UMHVERFINU

Á mínum yngri árum átti ég ekki mikið af leikföngum. Eina dúkku, þónokkuð af bókum og dúkkulísum, eitthvað af spilum, bolta og snú snú band. Ég man eftir öllum mínum leikföngum sem eru í dag sjúskuð og slitin af mikilli notkun og mörg þeirra ónýt. Að sjálfsögðu langaði mig í meira af leikföngum og beið því afmælis og jóla með eftirvæntingu.

Eitthvað bjó ég sjálf til af leikföngum, eins og dúkkuhús. Þá tók ég nokkra pappakassa og límdi þá saman. Ég bjó til þriggja og fjögurra hæða hús, skar út fyrir hurðum og gluggum og slétti álpappír til að búa til spegla á veggina. Gardínurnar voru gerðar úr servíettum og myndirnar á veggina voru myndir úr gömlum vörulistum sem ég fékk hjá mömmu.

Í dag eiga bæði ég og börnin mín svo mikið af dóti að erfitt er að henda á því reiður. Ég fer reglulega og kaupi kassa undir leikföngin og annað dót og fer með þá fulla inn í geymslu. Auðvitað er það afar heimskulegt að safna að sér öllu þessu drasli, sérstaklega í ljósi þess að við göngum talsvert á höfuðstól auðlinda jarðarinnar á ári hverju. Ólíkt bönkunum veitir jörðin ekki yfirdrátt og áður en langt um líður verður allt uppurið.

Með jólin á næsta leiti, held ég að þetta sé eitthvað sem vert er að hafa í huga. Ég er ekki manna best þegar kemur að þessum málum og er mjög dugleg að kaupa tilgangslaust drasl og bý aldrei neitt til lengur. Kannski að jólakortin mín verði þá rafræn í ár og ég láti það kjurt liggja að bæta jólakúlusafnið. Enda eru það ekki kortin og kúlurnar sem heilla mig mest við jólin. Heldur fríið, kyrrðin og hvíldin frá amstri dagsins.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Morgunverðarfundur

SVÞ í samvinnu við Viðskiptaráð Íslands

verður haldinn 22. nóvember 2006

á Grand Hótel–Hvammi kl. 8:30

Stórátak í vegamálum!

DAGSKRÁ

8:15 **Innskráning**

8:30 **Áherslur atvinnulífsins í vegamálum**
Sigurður Jónsson, *framkvæmdastjóri SVÞ.*

Sigurður Jónsson

8:40 **Það er þörf fyrir stórátak í vegamálum – samgönguáætlun endurskoðuð**
Sturla Böðvarsson, *samgönguráðherra.*

Sturla Böðvarsson

9:00 **Nýjar lausnir í vegamálum**
Þór Sigfússon, *forstjóri Sjóvá.*

Þór Sigfússon

9:15 **Hvernig virkar einkaframkvæmd í vegamálum?**
Halldór Benjamín Þorbergsson, *framkvæmdastjóri Suðurlandsvegar ehf.*

Halldór Benjamín Þorbergsson

9:30 **Pallborðsumræður** með þátttöku Hreins Haraldssonar *framkvæmdastjóra þróunarsviðs Vegagerðarinnar* auk frummælenda.

Fundarstjóri: Kristján Þór Júlíusson, *bæjarstjóri Akureyrarbæjar.*

Kristján Þór Júlíusson

Þátttökugjald er 1.500 kr.

Skráning á svth@svth.is

SVÞ
Samtök verslunar og þjónustu

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SIRKUS SJÓNVARPS-STJARNA ÍSLANDS



MY NAME IS EARL

SO YOU THINK YOU CAN DANCE

RESCUE ME

VANISHED

NÝTT, SPENNANDI OG SKEMMTILEGT SJÓNVARPSEFNI
ER EINA ÁSTÆÐA ÞESS AÐ SIRKUS TÓK

33% STÖKK

Í ÁHORFI Á MILLI KANNANA

SIRKUS - FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS TV

kl. 20.00
Miklos Dalmay hefur flutning á átján píanósónötum Mozarts í Salnum í fyrsta sinn í kvöld og heldur áfram á leika þær næstu mánudaga. Einstakt tækifæri til að heyra allar sónötur Mozarts í einu.

menning

menning@frettabladid.is

Kristinn í Hlégarði

Kristinn Sigmundsson og Jónas Ingimundarson verða með tónleika í Hlégarði í kvöld. Kristinn leitar aftur á fornar slóðir: Sigmundur faðir hans var húsvörður í Hlégarði á sjötta áratugnum svo Kristinn þekkir þar hvern krók og kima. Þeir félagar þáðu því boð Tónlistarfélags Mosfellsbæjar með þökkum að syngja þar í kvöld. Þar verða þeir með sama prógrammið og vakti hvað mesta lukku í Salnum á laugardaginn var. Miðasala verður við innganginn og ekki ólíklegt að menn víðar að en úr Mosó klofi skafla til að sjá þá félaga.

KRISTINN SIGMUNDSSON SÖNGVARI

> Ekki missa af …

Stuttmyndum kvöldsins í Kastljósi.

Höfundar eru Böðvar Bjarki Pétursson með Kysstu mig eins og Paul … og Ari Alexander Ergis Magnússon með Hún talar íslensku.

ARI ALEXANDER

Kötturinn ráðagóði

Hugleikur Dagsson hefur samið myndasögur um langt árabil og sífellt fært sig upp á skaftið eftir að útgefandinn hans, JPV útgáfa, réðst í að koma sögum hans á framfæri: síðustu bækur hans hjá forlaginu, Fermið okkur og kattaræventýrið, sem hér er til skoðunar bera þess nokkuð merki að verið sé að kassa inn á vinsældir fyrri bóka.

Hugleikur hefur í smámyndum sínum notast við afar einfaldar teikningar og svartagallshúmor af grófari gerðinni. Í nýju bókinni er að finna eina langa sögu um baráttu Kisa við hnakkana og aðra styttri og síðan nokkrar strípur, hálfsíðusögur sem eru frá 2005. Þetta er skemmtilegt stöff, hér byggir meira á furðuheimi myndasögunnar, klisjum sem öðlast endurnýjaðan þrótt í höndum teiknarans og í leiðinni fær Hugleikur tækifæri til að skopast að ýmsu í opinberu lífi. Hér má sjá hvað egó Bubba er stórt. Nú er bara hvort kóngur kærir? Hugleikur er frumlegur höfundur og miðlungsteiknari sem hann heldur sig við með einföldum myndastíl. Húmorinn er enn grófur, svartur og absúrd.

En þetta er samt ekki fullburða útgáfa. Til að svo væri hefði höfundurinn lagt í lengri sögu með stærri lyktum, það er eins og loftið leki úr blöðrunni og síðari sagan, Dularfulli afmælisdagurinn, er uppfylling, rétt eins og margar strípurnar sem þó eru margar snjallar. Svo illa tekst til í arkarsamsetningu bókarinnar að síðustu fimmtán síðurnar í bókinni eru auðar. Hefði nú ekki verið ráð að fylla þær, svona í tilefni af verðinu, kúnnanum eða bara jólum? Í ekki stærri bók eru það hálfléleg býtti.

Páll Baldvin Baldvinsson

BÆKUR

Eineygði kötturinn Kisi og Hnakkarnir
Hugleikur Dagsson
JPV útgáfa

★★

Skemmtileg viðbót við hugverk Hugleiks en harla stuttaraleg útgáfa.

KVIKMYNDIR Ólafía Hrönn Jónsdóttir í Mýrinni, sem er að slá aðsóknarmet fyrri mynda íslenskra og skákar Pirates of the Caribbean.

LJÓSMYND SÖGN BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON

Mýrin slær aðsóknarmet

Mýrin heldur áfram sigurgöngu sinni og er orðin aðsóknarmesta mynd ársins, hefur slegið út kafla tvö í þríleik Disneys um afturgengna sjóræningja í Karíbahafinu. Þegar þetta er ritað um miðjan dag á sunnudegi hafa sjötíu þúsund kvikmyndahúsagestir séð gerð Baltasars Kormáks af sakamálasögu Arnaldar Indriðasonar.

Er Baltasar Kormákur, leikstjóri og annar framleiðenda myndarinnar, að vonum ánægður. Mýrin stefnir í að ná eldri metum í aðsókn íslenskra kvikmynda, Engla alheimsins sem var sótt af ríflega 80 þúsund gestum og gamla metið sem Allt á hreinu átti fyrir daga skipulegrar talningar en hana sá vel á tug yfir hundrað þúsund gesti.

Baltasar er að vonum ánægður með þessar viðtökur á þessum þrjátíu dögum sem myndin hefur verið í sýningu. Hún er ekki enn farin í kynningu erlendis en Bavaria Films annast dreifinguna. Réttur er þannig þegar seldur til Þýskalands og Norðurlandanna. Segir Baltasar að strax eftir áramótin taki hann til við að koma myndinni á framfæri við hátíðir og dreifingaraðila í öðrum löndum. Aðspurður hvaða áhrif þessar viðtökur hafi á verkefni hans næstu misseri segir hann að nú verði hann að snúa sér að sviðsetningum í leikhúsi að nýju.

Sviðsetning hans á Pétri Gaut gengur enn fyrir fullu húsi í Kassa Þjóðleikhússins og lýkur sýningum þar um áramót. Þaðan verður sviðsetningin flutt til London og sett upp í Barbicanleikhúsinu í febrúar og verður á fjölunum í tvær vikur. Þá hefur Baltasar boðist að setja sviðsetningu sína upp með þarlendum leikurum í Moskvu og Vilnius, en Rimas Tuminas, leikstjóri og leikhússtjóri, sem hér vann talsvert á sínum tíma, bauð honum að vinna verkið þar en hann er að taka við stjórn leikhúsa þar eystra. Þá er fyrirhugað að fara með íslensku sýninguna til Póllands og sýna hana á leikhúshátíð þar þegar sýningum í Bretlandi lýkur.

Baltasar segist halda áfram að þjóna tveimur herrum. Sér standi til boða sviðsetningar hér heima og umboðsmaður hans er hér á landi þessa dagana: „Ameríski bunkinn af handritum er hér alltaf og minnkar ekki en ég er mishrifinn af því öllu. Svo er ég að vinna að verki sem byggir á Ivanov eftir Tjekov sem verður að hluta unnið með spuna og ég vil bæði sjá á sviði og hvíta tjaldinu með sama leikhópnum.“

Þegar þetta er ritað eru menn að búa sig undir Edduna sem verður í kvöld en þar hefur Mýrin hlotið fimm tilnefningar. Ætti framgangur hennar þar að tryggja enn betri aðsókn næstu vikur sem gerði aðsókn hennar að sögulegum tíðindum í íslenskri kvikmyndagerð.

- pbb

BALTASAR KORMÁKUR Sækir fram á erlendum vettvangi leikhúsa með Pétur Gaut Þjóðleikhússins.

Námskeið fyrir nýja sjálfboðaliða

Heimsóknavinir óskast!

Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands óskar eftir sjálfboðaliðum til að heimsækja fólk sem býr við einsemd og eingangrun.

Undirbúningsnámskeið eru haldin hjá Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands á Laugavegi 120, 4. hæð.

Heimsóknarvinur veitir félagsskap m.a. með því að spjalla, lesa eða fara í göngu- og ökuferðir.
Heimsóknir eru að jafnaði einu sinni í viku í klukkustund.

Heimsóknavinir og gestgjafar eru á öllum aldri og af báðum kynjum.

Námskeiðin eru ókeypis og opin öllum áhugasömum.

Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands
Laugavegi 120, sími 545 0400
Heimsóknarþjónusta RRKÍ,
beinn sími 545 0409.

Einnig hægt að sækja um beint á Netinu:
www.redcross.is/reykjavikurdeild/
Ég vil gerast sjálfboðaliði

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

NÝJAR BÆKUR

Bókaforlagið Veröld hefur gefið út glæpasöguna Sér grefur gröf eftir Yrsu Sigurðardóttur. Áður en bókin kom út á Íslandi hafði verið gengið frá samningum um útgáfu á henni um víða veröld, m.a. í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi, Ítalíu og um allan hinn spænskumælandi heim. Þetta er önnur glæpasaga Yrsu en í fyrra sendi hún frá sér Þriðja táknið. Í sögu Yrsu er óhugnanlegt morð framið á nýju heilsuhóteli á Snæfellsnesi. Bærinn þar sem hótelið stendur reynist þekktur fyrir reimleika. Þóra Guðmundsdóttir, sem lesendur þekkja úr Þriðja tákninu, er réttargæslumaður eigandans og liggur hann undir grun. Rannsókn hennar leiðir í ljós hörmulega atburði er áttu sér stað á bóndabænum fyrir mörgum áratugum en hafa legið í þagnargildi allar götur síðan. En tengjast þeir eitthvað morði á ungri konu sumarið 2006? Þess má geta að hægt er að nálgast upphaf bókarinnar á vefsetri útgefanda: www.verold.is.

Út er komin bókin Útkall Leifur Eiríksson brotlendir eftir Óttar Sveinsson. Um miðnætti miðvikudaginn 15. nóvember 1978 var Flugleiðavélin Leifur Eiríksson, DC 8-63, í aðflugi á flugvellinum í Kólómbó á Sri Lanka. Um borð voru þrettán Íslendingar, þar af átta manna áhöfn. Einnig voru þar 249 indónesískir pílagrímar. Önnur Flugleiðaáhöfn beið þess að taka við vélinni á flugvellinum. Í beljandi hitabeltisrigningu og þrumuskýjum treystu íslensku flugmennirnir á blindaðflugstæki á jörðu niðri. Tæki sem reyndust ekki í lagi. Vélin brotlenti í skógi tæpa 2 km frá brautarenda – fjórða stærsta flugslys sögunnar á þessum tíma varð staðreynd. Í þessari bók segja þeir fimm Íslendingar, sem björguðust, og íslenska áhöfnin sem beið á flugvellinum, í fyrsta skipti alla söguna af því sem gerðist. Einnig upplýsir Skúli Jón Sigurðarson frá Flugmálastjórn hvað gerðist við rannsóknina ytra. Hvernig hann og Flugleiðamenn komust með reyfarakenndum brögðum að sannleikanum hjá flugmálayfirvöldum á Sri Lanka. Og hvernig leynilögregla fylgdi þeim hvert fótmál.

Út er komin viðtalsbókin Fótspor á fjöllum eftir blaðamanninn og ferðalanginn Pál Ásgeir Ásgeirsson með sex hressilegum viðtölum við orðlagða ferðalanga sem hafa ferðast um Ísland alla sína ævi. Fallega myndskreytt bók í sama broti og árbók Ferðafélags Íslands. Gerður Steinþórsdóttir íslenskufræðingur er harðvítugur ferðamaður sem hefur vitjað margra fáförnustu staða á Íslandi og hefur kannað óbyggðir víða um heim. Valgarður Egilsson, læknir, skáld og fjallgöngumaður, er rómaður fyrir leiðsögn sína um Víkur og Fjörður. Guðmundur Hallvarðsson frá Búðum í Hlöðuvík er þjóðsagnapersóna meðal Hornstrandarfara eftir fararstjórn þar í áratugi, Ingvar Teitsson læknir, sem stýrir Ferðafélagi Akureyrar, þekkir Norðurland öðrum betur. Harðfylgi á ferðalögum, víðtæk reynsla og skarpskyggni hafa aflað Höskuldi Jónssyni, fyrrverandi forseta Ferðafélags Íslands, virðingar í hópi ferðamanna. Og Sigrún Valbergsdóttir, leiðsögumaður og fjallageit, hefur legið úti á Hornströndum og Arnarvatnsheiði en Svarfaðardalur stendur hjarta hennar næst. Útkall gefur út.

Skáldskapurinn og ljósið

Sagan um samband skáldsins og skáldagyðjunnar er efniviður nýrrar óperu eftir Karólínu Eiríksdóttur sem sýnd er í Íslensku óperunni um þessar mundir. Sagan fjallar um það hversu mikilvægur skáldskapurinn er: Hann er ljós heimsins. Skáldið í sögunni gefur sér ekki tíma til að sýna gyðjunni sinni næga ræktarsemi, þorir ekki að taka stökkið yfir til hennar en sendir skuggann sinn á fund hennar í staðinn. Afleiðingarnar láta ekki á sér standa. Án þess að hann geri sér grein fyrir því sjálfur, hefur innblásturinn horfið, orðin sem skáldagyðjan hefur blásið honum í brjóst er ekki að finna í texta hans lengur. Þar eru orð, en ekki skáldskapur.

Skáldið býsnast yfir vondri gagnrýni, upptekið af sjálfu sér og veltir ekkert fyrir sér hvað hefur orðið af skugganum. Sá hefur hins vegar átt annríkt við að safna peningum með fjárkúgunum og svikum, fundið sér prinsessu – sem er skuggi skáldagyðjunnar. Þau hjúin hafa tunguskorið gyðjuna og þarmeð upprætt bévítans skáldskapinn úr heiminum. Þau hafa náð völdum og fyrir dyrum stendur brúðkaup þeirra. Að því brúðkaupi loknu hafa skuggar þeirra sameinast, skáldið og skáldagyðjan fara í gálgann og myrkur mun ríkja um eilífð alla.

Efniviðurinn er vissulega óvenjulegur fyrir óperu ¿ en engu að síður skemmtilegur og boðskapurinn þarfur. Ég ætla mér ekki þá dul að fjalla um tónsmíðina í óperunni en fyrir leikmann er hún nokkuð strembin. Kannski er um að kenna þjálfunarleysi í að hlusta á íslenskan texta í óperuforminu – en mér fannst instrumental hlutinn stundum athyglisverður. Það var hins vegar eitthvað skrýtið við að hlusta á söngvarana syngja talmál. Texti óperunnar er líka fremur óskáldlegur, bein samtöl og útpældar hugsanir, vantar alla dramatíkina sem felst í því að komast í uppnám, velta hlutunum fyrir sér og komast að niðurstöðu. Dálítið stirðbusalegt á að hlýða. En þótt texti og laglínur væru eitthvað frá því að hrífa, var frammistaða söngvaranna prýðileg. Flottar raddir og ágætis leikræn tilþrif.

Umgjörð sýningarinnar er ágæt, búningar, brúður og grímur skemmtilega unnin. Leikmyndin einföld, aðallega myndir sem fljóta yfir spjaldveggina sem ramma af sviðið – erfitt, hins vegar, að sjá að þær myndir væru í minnstu tengslum við efniviðinn og framvinduna á sviðinu. Lýsingin var líka nokkuð dimm og fyrir bragðið verður uppfærslan drungaleg, brúður, grímur og búningar njóta sín ekki sem skyldi.

Ég er ekki alveg viss fyrir hverja þessi ópera er skrifuð. Sé ekki fyrir mér að henni sé ætlað að hrífa almenning – en það er nú ekki eins og það sé eitthvert atriði hjá tónskáldum í dag. Þótt efniviðurinn sé áhugaverður og margt vel gert í uppfærslunni, verður að segjast eins og er að tónlistin og textinn eru nokkuð leiðinleg.

Súsanna Svavarsdóttir

LEIKLIST

Skuggaleikur

Strengjaleikhúsið í samvinnu við Íslensku óperuna.

Leikstjórn: Messíana Tómasdóttir og Ástrós Gunnarsdóttir.
Hljómsveitarstjóri: Guðni Franzson
Tónlist: Karólína Eiríksdóttir.
Höfundur: H.C. Andersen
Leikgerð og söngtextar: Sjón.
Söngvarar: Ásgerður Júníusdóttir/Ingibjörg Guðjónsdóttir/Eyjólfur Eyjólfsson/Sverrir Guðjónsson.

★★

Strembin tónlist, leiðinlegur texti, dimm lýsing og ágæt umgjörð.

RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun

Kangoo

Master

Trafic

Trafic

Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi.
Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; **þægindi** vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn þinn stóran hluta úr degi; **sparneytni** svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu.

Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. **B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.**

Renault er leiðandi merki atvinnubíla í Evrópu.

Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.620.000
Verð frá kr. 1.301.205 án vsk
Fjármögnunarleiga kr. 24.896
Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.

Renault Trafic
Verð frá kr. 2.280.000
Verð frá kr. 1.831.325 án vsk
Fjármögnunarleiga kr. 35.295
Fjármögnunarleiga kr. 28.350 án vsk.

Renault Master
Verð frá kr. 2.720.000
Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 42.024
Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.

B&L ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is
www.renault.is
www.atvinnubilar.is

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALEIKUR

Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur,
Sjón og Messíönu Tómasdóttur

2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
MIÐAVERÐ KR. 2.500
ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR."
RONJA RÆNINGJADÓTTIR

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 26/11 kl. 14 Sun 3/12 kl. 14
Sun 10/12 kl. 14 Lau 30/12 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 26/11 kl. 20 Fös 1/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20

FOOTLOOSE
Fös 24/11 kl. 20 Lau 2/12 kl. 20
Lau 9/12 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 23/11 kl. 20 UPPS. Sun 3/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20 Fös 29/12 kl. 20

BLÓÐBRÚÐKAUP
Nemendaleikhúsið frumsýnir Blóðbrúðkaup.
Fös 24/11 kl. 20 Frumsýning UPPS.
Lau 25/11 kl. 20 Miðaverð 1.500.

FJÖLSKYLDUSÝNING Íd
Lau 25/11 kl. 14 Síðasta sýning.
Frítt fyrir 12 ára og yngri

ÚTFÁFUTÓNLEIKAR HELGA RAFNS
Mið 22/11 kl. 20 Miðaverð 2.300

WATCH MY BACK
Kómískur spuni. Flutt á ensku.
Sun 26/11 kl. 20.10 Miðaverð 1.000 kr.

MEIN KAMPF
Fös 24/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Síðustu sýningar

AMADEUS
Lau 25/11 kl. 20 Sun 3/12 kl. 20

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR SNIGLABANDSINS
Fim 23/11 kl. 21 Miðaverð 3.500

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR STEBBA OG EYFA
Mið 29/11 kl. 20 og 22. Miðaverð 4.000

JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Mið 22/11 kl. 18 og 20 Frums. UPPS.
Fim 23/11, Fös 24/11, Mán 27/11
Sýnt kl. 9:30 og 13:00
Sýningartími 1 klst. Miðaverð 500 kr.

BROT AF ÞVÍ BESTA
Fim 30/11 kl. 20 Fim 7/12 kl. 20
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum.
Jóladjass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur

MOZART TÓNLEIKAR
Sun 26/11 kl. 15 Miðaverð 1.000

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
Lau. 25/11 **nokkur sæti laus**, sun. 26/11 **nokkur sæti laus**, fös. 1/12 nokkur sæti laus, lau. 2/12. Síðustu sýningar fyrir jól.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 30/12 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 17:00 örfá sæti laus**, lau. 6/1 **kl. 14:00,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 23/11 **örfá sæti laus**, fös. 24/11 **örfá sæti laus**. Aukasýningar fös. 8/12 **nokkur sæti laus** og lau. 9/12 **örfá sæti laus**. Allra síðustu sýningar!

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Fös. 24/11 nokkur sæti laus, sun. 26/11 **uppselt**. Síðustu sýningar fyrir jól!
Lau. 6/1, lau. 13/1.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

KÚLAN Lindargötu 7, kl. 17:00 og 20:00

UMBREYTING – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Fös. 24/11 **kl. 20:00 uppselt.** Allra síðusta sýning!

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 uppselt**.

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu

LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 **kl. 13:00 uppselt** og **kl. 15:00 uppselt,** sun. 26/11 **kl. 13:00 uppselt** og **kl. 15:00 uppselt,** lau. 2/12 **kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 nokkur sæti laus og kl. 16:00**, sun. 3/12 **kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt** og **kl. 16:00**, lau. 9/12 **kl. 13:00, kl. 14:30** og **kl. 16:00**, sun. 10/12 **kl. 13:00 örfá sæti laus** og **kl. 14:30 örfá sæti laus**, lau. 16/12 **kl. 13:00** og **kl. 14:30**, sun. 17/12 **kl. 13:00** og **kl. 14:30**.

HVERS VEGNA LÁTA KONURNAR SVONA?
Námskeið fyrir almenning um Bakkynjur hefst 21/11.
Skráning á midasala@leikhusid.is eða í síma 551 1200.
Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu **www.leikhusid.is**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Bölvun eða blessun Braga

Aðalpersónan í nýjustu skáldsögu Braga Ólafssonar er ljóðskáldið Sturla Jón Jónsson, rithöfundur með snert af sjálfseyðingarhvöt sem ferðast til Litháen á ljóðahátíð. Skáldsagan Sendiherrann fjallar um þrá þessa Sturlu Jóns eftir persónulegri formbyltingu, hann vill segja skilið við ljóðið en allt hans líf virðist líka litað af meiriháttar óþreyju – kannski er hann í óttalegri tilvistarkreppu eða kannski er hann bara ofurvenjulegur nútímamaður.

Bragi hefur áður gefið út skáldsögurnar Hvíldardaga, Gæludýrin og Samkvæmisleiki auk ljóðabóka, og sver saga þessi sig töluvert í ætt við þá fyrstnefndu. Í þeim báðum hverfist atburðarásin fyrst og fremst um hversdaglega og á köflum vandræðalega viðburði og hegðun. Þetta er hins vegar þéttari og viðburðarríkari saga – mjög fyndin á köflum og lúmsk eins og fyrri bækur hans allar.

Blessað ljóðið

Sögusviðið er Reykjavík nútímans með stuttri viðkomu á Egilsstöðum, og borgin Vilníus og smábærinn Druskininkai í Litháen en þangað hefur skáldið Sturla Jón sig á endanum eftir heilmikið basl. Ljóðahátíðir eru heldur ekkert smámál að takast á við, hvað þá ljóðið sjálft sem sífellt þvælist fyrir honum. Bókin ber undirtitilinn „ljóð í óbundnu máli" en skáldskapur Sturlu Jóns leiðir lesanda Sendiherrans í gegnum alla frásögnina og í bókarlok hefur honum tekist að segja skilið við ljóðið á sinn hátt. Það skal ósagt látið hvernig þessum menningarlega sendiherra Íslands tekst til við ljóðaupplesturinn í útlandinu en í bókinni eru birtar tvær greinar Sturlu Jóns sem hann skrifar fyrir og eftir það ævintýri, þar sem hann bæði skrifar sig frá og að ljóðinu aftur.

Ófrjálsa höndin

Annað aðalviðfangsefni bókarinnar er stuldur. Glæpsamleg hegðun Sturlu Jóns gæti valdið nokkurri angist hjá lesendum en það er annað stílbragð Braga sem hann beitir óspart, persónur hans komast auðveldlega í klandur – það getur verið meiri háttar mál að panta kaffibolla í bók eftir Braga Ólafsson. Ef vandræðagangurinn er ekki bókstaflegur eru líkur til að hann sé það í huga persónanna, við höfum jú öll eitthvað agalegt á samviskunni.

Sturla Jón verður að flokkast sem nokkuð bíræfinn þjófur en hann hefur sér ýmislegt til málsbóta, ekki síst skáldskapinn sjálfan sem verður bæði bölvun hans og blessun.

Kostulegar lýsingar

Höfundur kann þá list að hræra upp persónugalleríi með örfáum orðum. Þannig lifnar fjölskrúðugt ljóðaþingið við sem og fjölskylda Sturlu Jóns sem kemur talsvert við sögu. Sturla Jón er nokkuð tragísk persóna og hann er umkringdur álíka þjáðu fólki heima fyrir. Það virðist ekki allt vera í lukkunnar velstandi í fjölskyldunni hans, fortíðarvandræði fráskildra foreldra hans leita enn á hann og börnin hans eru fjarlæg. Á ljóðasamkomunni er að sama skapi kostulegur hópur af kollegum hans sem forvitnilegt er að kynnast, spurning hvort þessar lýsingar gefi raunsanna mynd af viðlíka uppákomum? Verandi mikill aðdáandi Litháa, og þá ekki síður litháískrar ljóðlistar, fannst mér ferðasagan sjálf stórsniðug og ég stóð mig að því að reyna að rekja hvaða kaffihús í Piliesstræti væri helsti örlagavaldur Sturlu.

Endurlitin í bókinni, þegar saga foreldra hans og frændans Jónasar, sem í blundaði skáld eins og svo mörgum öðrum, auðga frásögnina þó svo að sögu-höf-undur-inn setji þau ekki í beint samhengi við Sturlu Jón. Skáldið er óttaleg eyja og tengslalítill í sögunni þar til að hvít-rússneska skáldkonan Liliya Boguinskaia dúkkar upp á ljóðaþinginu (þar kemur þó ekkert fram um hvort hún sé skyld fimleikadrottningunni Svetlönu Boguinskaiu).

Allir litlu hlutirnir

Til marks um breyskleika mannsins er aðalpersónan umkringd áminningum um hversu ófullkomnu lífi hann lifir. Þetta birtist ekki aðeins í hans eigin fari heldur eltir ólukkan hann, til dæmis í formi bilaðs vídeótækis og blettótts hótelteppis. Bragi er lunkinn við að dreifa slíkum molum til leiðsagnar fyrir lesendur, hnappahnetan sem hann finnur og týnir er annað dæmi og undirstrikar að það eru áþreifanlegri hlutir sem tákngera tilfinningarnar sem lítið er talað um í bókinni enda er ekkert hávært uppgjör að finna í henni, bara stöðuga suðu.

Sögur Braga eiga eitthvað í manni eftir að lestrinum lýkur. Þótt Sendiherrann sé ekki jafn ágeng og Samkvæmisleikir né nístandi eins og Hvíldardagar er hún frábær saga af svolítið táknrænni ferð. Það er bjartsýnistónn yfir sögulokunum og maður kemst ekki hjá því að kíma reglulega yfir örlögum skáldsins og minnast þess jafnframt hvað það er oft hrikalega vandræðalegt að vera til.

BRAGI ÓLAFSSON RITHÖFUNDUR

BÆKUR
Sendiherrann
Bragi Ólafsson
Mál og menning
★★★★
Lúmsk, fyndin ferðasaga sem leynir á sér

Kristrún Heiða Hauksdóttir

Sýningar
mán 20/11, fim 23/11. fös 24/11 , lau 25/11 mið 29/11, fim 30/11 nóv og fös1.des. Miðaverð kr. 1.500 Skólafólk og hópar kr. 1.000

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

Eftirskrift í myndum

BÆKUR

PS Ísland
Páll Stefánsson
Mál og menning

★★★

Um margt glæsilegt verk en sundurlaust og umbrot sker myndir til skaða

Stór og saumuð bók með ljósmyndum eftir Pál Stefánsson kom út snemma í september, PS Ísland, og bætist í rekka ljósmyndabóka hans sem flestar eru sprottnar úr linnulausu starfi hans fyrir Iceland Review og skyldar útgáfur.
Páll segir í inngangsorðum bókarinnar að hann líti fyrst og fremst á sig sem tímaritaljósmyndara; landslagið varð meginviðfangsefni hans fyrir duttlunga örlaganna. Landslagsmyndin varð enda snemma eitt helsta viðfangsefni íslenskra ljósmyndara, rétt eins og landslagið lagði undir sig íslensku kvikmyndina. Föðurlandsástir, fósturjarðarbríminn sem menn drukku í sig með móðurmjólkinni, setti svip sinn á allt. Eins og Þorgeir Þorgeirson benti á í langri viðtalsmynd skömmu fyrir andlát sitt: íslenska hefðin í kvikmyndagerð voru auglýsingar fyrir landið sem ferðamannaland. Það er fyrst núna að íslensk kvikmyndagerð er að losa sig undan túrisma-vinklinum.

En er íslensk ljósmyndun laus? Þarf að senda íslenska ljósmyndara til útlanda til að þeir taki eftir öðru en landslagi?

PÁLL STEFÁNSSON

Í bók Palla Stefáns eru mörg gríðarlega falleg augnablik. Myndirnar eru flestar brotnar um á opnu sem þýðir að flestar myndanna eru rofnar skurði og skugga. Sem er synd. Ljósmyndarinn hefur litið aragráa augnablika í öllum veðrum á landinu og fest þau á filmu. Sumar myndir hans eru formrannsókn á lit og áferð í landinu og þar sækir hann til litatilrauna Rafns Hafnfjörð sem leiddu úr tilraunum hans sem fram koma á tíma afstraktsins. Þannig eru myndir Páls frá Hrafntinnuskeri (8, 16 og 120) meðan aðrar minna óskyggilega á þematíska rannsókn Hrings Jóhannessonar á tímabili (6, 18, 60, 108, 122). Þannig leitar myndefnið á kynslóð fram af kynslóð.

Spyrja má við vinnslu bókar sem PS hvað ráði samsetningunni?

Hér er ekki unnið skipulega með efnið eins og í hringvegsbókinni hans. Hér er heldur ekki unnið einvörðungu með panorama-verk sem þó eru nokkur í bókinni. Hún er samsafn og fyrir bragðið ósamstæð. Markhópurinn er líka útlendingafjöldi og íslenskir áhugamenn um fegurð landsins. Það er raunar ljóður á bókinni hvað hún er ósamstæð.

Einstaka myndir eru langt fyrir neðan þann standard sem Páll hefur sem ljósmyndari eins og klisjukenndur staur úr Grímsey. En margt er hér feikifallegt. En þetta er mannautt land. Burtu vikið spilliefnum, málmdrasli, vegir fáir – þetta er sá afvikni partur af landinu sem verður til meðan það er torbýlt og erfitt yfirferðar. Bókin verður þannig eins konar eftirskrift, áminning um það sem gleymdist en við verðum að vita: þessu erum við að glata.

Páll Baldvin Baldvinson

Dagur vonar á svið í janúar

BIRGIR SIGURÐSSON

Dagur vonar eftir Birgi Sigurðsson er nú í æfingum í Borgarleikhúsinu hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Dagur vonar var fimmta verk Birgis sem komst á svið og vakti gríðarlega athygli og aðdáun þegar það var frumsýnt í Iðnó í leikstjórn Stefáns Baldurssonar. Síðar var gerð eftir leikritinu sjónvarpsmynd í stjórn Lárusar Ýmis Óskarssonar. Að þessu sinni er það Hilmir Snær Guðnason sem leikstýrir og verður verkið frumsýnt í byrjun næsta árs á nýja sviði. Samstarfsmenn Hilmis eru Vytautas Narbutas sem gerir leikmynd og Kári Gíslason sem lýsir. Leikendur eru Ellert Ingimundarson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Hanna María Karlsdóttir, Rúnar Freyr Gíslason, Gunnar Hansson og Birgitta Birgisdóttir.

Lára býr með þremur stálpuðum börnum sínum eftir fráfall mannsins síns, Öldu sem er geðveik, Reyni hinum jarðbundna og Herði sem gælir við listamannsdrauma. Inn á heimilið kemur elskhugi Láru, Gunnar, atvinnulaus alkóhólisti, sem setur fjölskylduna í uppnám. Verk um mörkin á milli snilli og geðveiki, draums og veruleika, orsaka og afleiðinga.

Debetkort með kreditheimild
– vaxtalaus og án nokkurs kostnaðar!

*DMK Debetkortið** er einstakt í sinni röð þar sem það hefur tvöfalda eiginleika – bæði debet og kredit! *DMK Debetkortið* fæst án árgjalds og er með 200 fríum færslum.

*DMK Kreditheimildin** er nýjung hér á landi og er bæði vaxtalaus og án nokkurs kostnaðar. Það er góð tilfinning að eiga fyrir því sem maður ætlar að kaupa en stundum geta komið upp þær aðstæður að þörf er á að brúa bilið tímabundið. Þá kemur sér vel að eiga *DMK Debetkort* með kreditheimild!

Aðrir þættir *DMK þjónustunnar* eru:
- *DMK Yfirdráttarheimild*
- *DMK Tiltektarlán*
- *DMK Léttlán*
- *DMK 90% íbúðalán*
- *DMK Ráðgjöf*
- *DMK Reglulegur sparnaður*
- *DMK Tilboð*

Sæktu um *DMK* á spron.is

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

** skv. útlánareglum SPRON*

spron

Líka fyrir þig; lífið, fréttirnar og fjörið á ensku

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Keramik fyrir alla

Barnaafmæli
Bekkjaferðir

Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.

Tilboðspakkar
Keramik og pizza frá kr 1100 á mann.

Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

GRAND HÓTEL, HVAMMUR

BÆTT REKSTRARSKILYRÐI
-ÍSLAND Í ALÞJÓÐLEGUM SAMANBURÐI OG VIÐSKIPTATÆKIFÆRI Í ÞRÓUNARRÍKJUM

MORGUNVERÐARFUNDUR KL. 8:15-10:30 ÞRIÐJUDAGINN **21. NÓVEMBER** 2006

SKÝRSLA ALÞJÓÐABANKANS **DOING BUSINESS 2007** VERÐUR KYNNT OG AFHENT

FRAMSÖGUMENN:

- **Sigríður Snævarr, utanríksráðuneytinu**
  Ávarp
- **Melissa Johns, sérfræðingur hjá Alþjóðabankanum**
  - Key Findings of "Doing Business: How to Reform"
  - Regulatory Reforms in Africa, East-Europe and Asia
- **Guðjón Svansson, Útflutningsráði**
  Viðskiptasendinefnd til S-Afríku kynnt
- **Geir Oddsson, verkefnastjóri hjá Þróunarsamvinnustofnun**
  - Rekstur verkefna í þróunarlöndum

ALÞJÓÐABANKINN
UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Davíð Þorláksson, lögfræðingur VÍ, stýrir fundinum

Fundargjald með morgunverði og eintaki af skýrslunni kr. 5.000. Fundurinn er öllum opinn en æskilegt er að skrá þátttöku fyrirfram á www.vi.is, á fundir@vi.is eða á skrifstofu Viðskiptaráðs í síma 510 7100.

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

K-Fed heimtar fullt forræði

Kevin Federline, fráfarandi eiginmaður poppstjörnunnar Britney Spears, hefur farið fram á fullt forræði yfir sonum þeirra tveim og ber við að Britney sé ekki fær um að annast þá.

Eldri drengurinn er rúmlega ársgamall og sá yngri ekki nema tveggja mánaða. Federline, eða K-Fed eins og hann kallar sig, fór fram á forræðið yfir þeim degi eftir að Britney sótti um skilnað fyrr í mánuðinum. Fjölmiðlar hafa fjallað um nokkur afglöp Britney í móðurhlutverki og þykir líklegt að Kevin muni færa sér það í nyt. Fyrr á árinu sást til dæmis til hennar undir stýri með eldri son sinn í fanginu auk þess sem myndir náðust af henni þar sem bílstóll barnsins sneri í öfuga átt.

Sumir segja að Kevin hafi það eitt í huga að komast í buddu söngkonunnar en lögmaður hans segir það af og frá. „Þetta snýst aðeins um velferð barnanna og Kevin er tilbúinn að ganga alla leið til að hún verði tryggð," segir hann.

Fyrir á Kevin tvö börn og að sögn barnsmóður hans greiðir hann ekkert meðlag fyrir utan skólagjöld í einkaskóla. Afi Britney, June Austin Spears, hefur tjáð sig um málið í fjölmiðla og segir að Kevin sé rekinn áfram af græðgi. „Af hverju sóttist hann ekki eftir forræði yfir hinum börnunum? Það er bara vegna þess að ólíkt Britney er móðir þeirra ekki rík."

MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Allt stefnir í hatramma forræðisdeilu Britneyjar og Kevins yfir börnunum þeirra tveimur.

Leikur á móti Stiller

GWYNETH PALTROW

Leikkonan Gwyneth Paltrow mun að öllum líkindum fara með aðalhlutverkið í rómantísku gamanmyndinni The Seven Day Itch á móti Ben Stiller.

Leikstjórar myndarinnar eru Farelly-bræður sem hafa sent frá sér vinsældar myndir á borð við Dumb and Dumber og There´s Something About Mary. Er myndin lausleg endurgerð á The Heartbreak Kid frá árinu 1972. „Ben heldur að hann sér kvæntur konu drauma sinna. Hún er falleg en í brúðkaupsferðinni kemst hann að því að hún er klikkuð," sagði Bobby Farrelly.

Líkaminn fram yfir lífið

Umræðan um of mjóar fyrirsætur fer hátt um þessar mundir en átröskunarsjúkdómar og svelti hafa löngum verið tengd tískuheiminum. Nú hafa tvær frægar fyrirsætur dáið úr átröskunarsjúkdómnum með stuttu millibili og þær fréttir skekja nú tískuheiminn.

Í ágúst á þessu ári dó hin 22 ára gamla fyrirsæta Luisel Ramos eftir að hafa fallið í yfirlið á tískusýningu. Ramos þjáðist af átröskun og var víst búin að vera matarlaus í nokkra daga áður en hún dó vegna hjartabilunar. Ramos var frá Úrúgvæ en í Suður-Ameríku fer tíðni átröskunar hækkandi.

Dauðsfall hennar varð upphafið að umræðunni og brugðust margir við. Stjórnvöld í Madríd bönnuðu of mjóar fyrirsætur á sýningarvikunni þar og mörg stór nöfn í tískubransanum hafa lýst yfir stuðningi sínum við þetta uppátæki.

Nú fyrir stuttu dó svo hin 21 árs gamla Carolina Reston frá Brasilíu en hún þjáðist af anorexíu. Reston var á leiðinni til Parísar í viðtal við tískuhús Giorgio Armani og því á mikilli uppleið í bransanum. Þremur dögum fyrir viðtalið lést Reston á sjúkrahúsi í Sao Paulo og hafa hennar nánustu sagt að matarvenjur Reston hafi einkennst af tómötum og eplum einum saman. Reston hóf fyrirsætustörf aðeins 13 ára gömul.

Hinn margrómaði tískukóngur Giorgio Armani hefur einnig lýst yfir stuðningi sínum við baráttuna gegn átröskunarsjúkdómum og segist bara vilja kvenlega vaxnar fyrirsætur í sýningar sínar. „Fyrirsætur hafa stundum verið taldar aðeins gangandi herðatré en hið ofurgranna útlit er nú dottið úr tísku og heilbrigðið tekið við," segir Armani.

Þetta er umdeilt mál og spurning hvernig fólk ber sig að til að sporna við dauðsföllum af þessu tagi. En svo mikið er víst að eitthvað verður að gera því fyrirsætur í dag eru jú fyrirmyndir kvenna á öllum aldri.

alfrun@frettabladid.is

GIORGIO ARMANI Hefur lýst yfir andúð sinni á of grönnun fyrirsætum og vill bara notast við fyrirsætur með kvenlegar línur

OF GRANNAR FYRIRSÆTUR Þessi mynd frá tískuvikunni í Madríd vakti mikla athygli enda fyrirsætan óheyrilega grönn.

LUISEL RAMOS Umræðan um of grannar fyrirsætur hófst þegar hún dó aðeins 22 ára gömul vegna átröskunar eftir tískusýningu.

CAROLINE RESTON Lést í vikunni vegna átröskunar. Hún var upprennandi fyrirsæta en lést aðeins 21 árs gömul.

365 hf. - Birting lýsingar 20. nóvember 2006

365 hf., kt. 600898-2059, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, birtir í dag, mánudaginn 20. nóvember 2006, lýsingu á ensku undir heitinu Prospectus. Lýsingin er gefin út rafrænt á heimasíðu 365 hf., www.365.is og á heimasíðu umsjónaraðila, Landsbanka Íslands hf., www.landsbanki.is. Lýsingin er jafnframt birt í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf., http://news.icex.is. Fjárfestar geta nálgast eða óskað eftir innbundnum eintökum af lýsingunni hjá 365 hf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, næstu 12 mánuði.

Heildarfjöldi hluta í 365 hf. eru 3.286.671.824 hlutir. Allir útgefnir hlutir í 365 hf. eru skráðir á aðallista Kauphallar Íslands hf. Lýsingin er gefin út vegna breytinga á starfsemi 365 hf. (áður Dagsbrúnar hf.).

365 Landsbankinn

JAMES BOND Daniel Craig fer með hlutverk James Bond í Casino Royale.

Bond áfram í London

Næsta mynd um njósnarann James Bond verður tekin upp í London þó að framleiðendur myndarinnar hafi kvartað undan því að of dýrt sé að taka upp í borginni. Hótuðu þeir að taka næstu mynd upp annars staðar en þeim hefur nú snúist hugur.

James Bond-myndirnar hafa verið teknar upp rétt fyrir utan London, í Pinewood-kvikmyndaverinu, í rúm fjörutíu ár. Svo virðist sem engin breyting verði á því í bráð. „Við viljum taka upp tvær eða þrjár í viðbót með Daniel og viljum taka næstu upp í London," sagði Barbara Broccoli.

Kidman ófrísk?

Nú ganga þeir sögusagnir fjöllum hærra að óskarsverðlaunaleikkonan Nicole Kidman eigi von á barni. Það mun vera útistandandi magi leikkonunnar sem ýtti þessu slúðri af stað en Kidman var búin að lýsa því yfir að hún væri tilbúin í barneignir með nýbökuðum eiginmanni sínum, Keith Urban.

NICOLE KIDMAN Slúðurblöð vestanhafs halda því fram að leikkonan sé ófrísk.

Kidman mun hafa sagt Urban fréttirnar í vikunni en hann er staddur á meðferðarheimili vegna áfengisfíknar sinnar. Samkvæmt blaðinu National Enquirer mun kántrísöngvarinn hafa tekið fréttunum með jafnaðargeði en honum fannst tímasetningin ekki góð.

MEGASUKK Hljómsveitin Megasukk spilar í Kaupmannahöfn laugardaginn 25. nóvember.

Megasukk í Köben

Hljómsveitin Megasukk, sem er skipuð Megasi og Súkkati, heldur tónleika á Atlantshafsbryggjunni í Kaupmannahöfn laugardaginn 25. nóvember. Fetar Megasukk þar með í fótspor rokksveitarinnar Ham sem spilaði þar fyrir nokkrum vikum.

Kvöldið áður kemur þar fram færeysk/danska hljómsveitin Valran, sem blandar saman miðaldatónlist og rafrænum nútímahrynjanda. Þar mun Anna Katrín Egilströð syngja á íslensku, færeysku og dönsku. Hægt er að panta miða á tónleikana á heimasíðunni www.politikenbillett.dk/nordatlanten.

Aftur í Höllinni

Sálin hans Jóns míns og Gospelkór Reykjavíkur munu halda aðra tónleika í Laugardalshöll þann 30. desember næstkomandi vegna gífurlegrar eftirspurnar.

SÁLIN OG GOSPELKÓRINN

Síðustu tónleikar Sálarinnar og kórsins voru haldnir þann 15. september við mjög góðar undirtektir. Voru þeir jafnframt teknir upp og verða þeir gefnir út á plötu og á DVD-myndisk á föstudag. „Þetta gekk vonum framar og small saman eins og flís við rass, bæði tónlistin og söngurinn," segir Óskar Einarsson, stjórnandi Gospelkórsins, um tónleikana. „Allt ferlið gekk vel frá því að við ræddum saman þangað til þetta var búið. Það var ekkert nema friður og kærleikur og jákvæðir straumar," segir hann.

Tónleikarnir með Sálinni voru þeir fyrstu sem kórinn hélt með þekktri popphljómsveit, fyrir utan þátttöku kórsins í kvikmyndinni Í takt við tímann með Stuðmönnum.

Gospelkórinn mun hafa í nógu að snúast á næstunni og mun meðal annars halda átta tónleika í desember, þar á meðal lokaða tónleika með Garðari Cortes. - fb

Bæði nakin í nýju tónlistarmyndbandi

Peter André og Katie Price, eða Jordan, hafa nú gefið út myndband við lag sitt. Parið er eitt af vinsælustu pörum í Bretlandi enda skrautlegir karakterar. Lagið Lagið A Whole New World með skötuhjúunum er frumraun þeirra saman á tónlistarsviðinu en André gaf út nokkrar smáskífur á árum áður.

Nú er komið út myndband og vekur það athygli að bæði Jordan og André koma fram nánast nakin, André í sturtu og Jordan í baði enda eru þau bæði óhrædd við að sýna líkamann. Myndbandið er tekið upp á Ítalíu og er tekið í svart/hvítu. Það eru skiptar skoðanir um lagið og myndbandið, ýmist finnst fólki það hallærislegt eða fallegt og eru þeir ívið fleiri sem finnst það hallærislegt.

PETER ANDRÉ OG JORDAN

Óskað er eftir tillögum að tilnefningum til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2006

Þátttökurétt eiga plötur sem hafa verið gefnar út til almennrar sölu og dreifingar frá 25. nóvember 2005 - 24. nóvember 2006. Skráningargjald fyrir plötu er 8.000 krónur sem greiðist við skráningu. Ekki er tekið við ófullgerðum plötum. Tónverkum í flokki sígildrar og samtímatónlistar skal skila á hljóðriti í Íslenska tónverkamiðstöð, Síðumúla 34, 108 Reykjavík.

Tillögum skal skila á skrifstofu FÍH fyrir kl. 17.00 föstudaginn 24. nóvember 2006

Veitt verða verðlaun í eftirfarandi flokkum:

Fjölbreytt tónlist
(popp, rokk/jaðartónlist, dægurtónlist og ýmis tónlist)
::: Flytjandi ársins
::: Lag og texti ársins
::: Söngkona ársins
::: Söngvari ársins

Popp
::: Hljómplata ársins

Rokk/jaðartónlist
::: Hljómplata ársins

Dægurtónlist
::: Hljómplata ársins

Ýmis tónlist
::: Hljómplata ársins
Skila skal 9 eintökum af plötu

Sígild og samtímatónlist
::: Hljómplata ársins
::: Flytjandi ársins
::: Tónverk ársins
Skila skal 7 eintökum af plötu

Jazz
::: Hljómplata ársins
::: Flytjandi ársins
::: Lag ársins
Skila skal 7 eintökum af plötu

Sameiginleg verðlaun fyrir alla flokka
::: Plötuumslag ársins
Skila skal 3 eintökum af plötu

::: Myndband ársins
Skila skal 6 eintökum af dvd/vhs

::: Bjartasta vonin

Skráningareyðublöð er að finna á **www.islensktonlistarverdlaun.is** og á skrifstofu FÍH, **Rauðagerði 27, 108 Reykjavík**.

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2006

Nýtt bíó

CASINO ROYALE 007

spron

14

"BESTA BOND MYNDIN FRÁ UPPHAFI...BOND ER KOMINN AFTUR MEÐ LÁTUM, HEFUR ALDREI VERIÐ BETRI... ALVÖRU BONDARNIR ERU NÚ ORÐNIR TVEIR" Þ.Þ. FBL

"...LOKSINS FUNDINN LEIKARI SEM FYLLIR SKARÐ CONNERYS. HANN HEFUR MÝKT OG HÖRKU, DROTTNANDI ÚTGEISLUN OG ER ÁMÓTA KARLMANNLEGUR Á VELLI OG SKOTINN." S.V. MBL

"BESTA BOND MYNDIN Í ÁRARAÐIR" - V.J.V. TOPP5.IS

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

FM957 · 12 · 5 ÁRUS

BORAT

EMPIRE · VIGNIR JÓN VIGNISSON – TOPP5.IS · S.V. MBL · THE MIRROR · T.V. – kvikmyndir.com

70 ÞÚSUND GESTIR

MÝRIN

JÓN VIDAR - ÍSAFOLD

HALLGRÍMUR HELGASON – KASTLJÓSID · DAVÍÐ ÖRN JÓNSSON – KVIKMYNDIR.COM

FRÉTTABLAÐIÐ · 12 · GLITNIR

20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATÍNUM GLITNIS, EF GREITT ER MEÐ GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

DÝRIN TAKA VÖLDIN!

MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

L · SKÓGARSTRÍÐ · spron

16 · FEARLESS · LIB, Topp5.is "...EPÍSKT MEISTARAVERK!" - SALON.COM "TVEIR ÞUMLAR UPP!" - EBERT & ROEPER

L · THE DEVIL WEARS PRADA · EMPIRE

7

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

CASINO ROYALE	kl. 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 5, 8 og 11
SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL	kl. 4
OPEN SEASON ENSKT TAL	kl. 4, 6, 8 og 10
BORAT	kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA
MÝRIN	kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

CASINO ROYALE	kl. 5.30, 8.30 og 11.20 B.I. 14 ÁRA
SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL	kl. 6
MÝRIN	kl. 6 og 8.30 B.I. 12 ÁRA
FEARLESS	kl. 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA
DEVIL WEARS PRADA	kl. 8 og 10.20
DRAUGAHÚSIÐ ÍSL. TAL	kl. 6

Borgarbíó SÍMI 462 3500

CASINO ROYALE	kl. 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA
SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL	kl. 6
BORAT	kl. 10 B.I. 12 ÁRA
MÝRIN	kl. 8 B.I. 12 ÁRA

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í regnbogasalnum merktar með rauðu

midi.is · BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075 · LAUGARÁS BÍÓ · bara lúxus

CASINO ROYALE 007

14

ALLAR SÖGUR EIGA SÉR UPPHAF

Sýnd kl. 4, 7 og 10 b.i. 14

BORAT · Sýnd kl. 6, 8 og 10 b.i. 12

MÝRIN · Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10.10 b.i. 12

SKÓGARSTRÍÐ · Sýnd kl. 4 ÍSL TAL

www.laugarasbio.is · MIÐASALA OPNAR KL. 3:30

FRÉTTIR AF FÓLKI

Óskarsverðlaunaleikarinn **Jamie Foxx** er að jafna sig eftir að hálskirtlarnir voru teknir úr honum. Aðgerðin var gerð í síðasta mánuði og er Foxx allur að braggast. „Jamie var mjög kvíðinn fyrir aðgerðina því hann á bágt með sig þegar hann hefur ekki stjórn á hlutunum," sagði kunningi hans.

Heather Mills, sem skildi við **Paul McCartney**, ætlar að tjá sig um skilnaðinn í bandarískum sjónvarpsþætti sem heitir Extra. Verður viðtalið sýnt í næstu viku. Fjögurra ára hjónabandi þeirra lauk í maí. Síðan hafa þau deilt harkalega í fjölmiðlum og hefur Mills sakað Paul um að hafa farið illa með sig.

Fyrrum Bond-leikarinn **Pierce Brosnan** hefur tekið að sér aðalhlutverkið í njósnamyndinni Spy vs Stu. Fjallar hún um mann sem er dauðhræddur við að binda sig einni konu en ætlar engu að síður að biðja kærustu sinnar í sumarleyfi þeirra. Njósnari, sem Brosnan leikur, er staddur á eyjunni og fær áhuga á kærustu mannsins.

Myndskeið með nýjustu Rocky-myndinni er komið á netið. Myndin fjallar um það þegar boxarinn Rocky ætlar að stíga í hringinn í hinsta sinn gegn ungum andstæðingi. Myndin, sem að sjálfsögðu skartar **Sylvester Stallone** í aðalhlutverki, verður frumsýnd í febrúar á næsta ári.

Fyrstu þúsund pizzunum fylgja bíómiðar eða glaðningur tengdur The Holiday

Allt 2 lítra gos á 195 kr.

www.dominos.is

Domino's Pizza



SCANNER DARKLY	kl. 6 - 8 - 10:10	B.i.16	THE DEPARTED	kl. 9	B.i. 16
MÝRIN	kl. 7 - 9 - 10:15	B.i. 12	THE QUEEN	kl. 6	B.i. 12
moggatilboðið gildir ekki á Mýrina			BÖRN	kl. 8	B.i.12
FLY BOYS	kl. 6 - 9	B.i.12			

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

CASINO ROYALE	kl. 4:30 – 7:30 – 10:30	B.i.14	THE DEPARTED	kl. 7:30 - 10:30	B.i.16
CASINO ROYALE VIP	kl. 4:30 – 7:30 – 10:30		THE LAST KISS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B.i.12
moggatilboðið gildir ekki á Casino Royale			BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal.	kl. 3:40	Leyfð
JÓNAS M/- Ísl tal.	kl. 4 - 5:45	Leyfð	JACKASS NUMBER TWO	kl. 4	B.i.12
FLY BOYS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B.i.12	ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal.	kl. 3:50	Leyfð
ADRIFT	kl. 5:45 - 8 - 10:10	B.i.12			

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

THE DEPARTED	kl. 8 - 10:10	B.i.16	DIGITAL
JÓNAS M/- Ísl tal.	kl. 6	Leyfð	
ADRIFT	kl. 8 - 10:10	B.i.12	
THE LAST KISS	kl. 8	B.i.12	
BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal.	kl. 6	Leyfð	
MATERIAL GIRLS	kl. 6	Leyfð	

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

CASINO ROYALE	kl. 7 - 10	B.i. 12
moggatilboðið gildir ekki á Casino royale		
THE DEPARTED	kl. 8	B.i. 16

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

VEGGIE TALES M/- Ísl tal.	kl. 6	Leyfð
FLY BOYS	kl. 8	B.i.12
BARNYARD M/- Ísl tal.	kl. 6	Leyfð
THE DEPARTED	kl 8	B.i.12

www.sambioin.is | 575 8900 | www.sambioin.is

Sykurvíma í Ammælisveislu

Óskir margra rættust á föstudagskvöld þegar Sykurmolarnir komu aftur saman og léku á frábærum tónleikum í Laugardagshöll. Góður rómur var gerður að frammistöðu Molanna, sem komu greinilega vel æfðir og þétt spilandi til leiks. Vilhelm Gunnarsson ljósmyndari fangaði nokkur augnablik á mynd.

FJÓRIR MOLAR Það var dramatísk stund þegar Sykurmolarnir tíndust inn á sviðið og hófu dagskrána með laginu Traitor.

ÞÓR ELDON Í dómi sínum sagði tónlistarrýnir Fréttablaðsins að Þór væri sérstaklega frjór og lunkinn gítarleikari.



SIGTRYGGUR BALDURSSON Einn best trymbill fyrr og síðar og hélt öllu saman með eðal trommuleik.

BRAGI ÓLAFSSON Ætíð íhugull á svip eins og bassaleikara er siður.

MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR Hugmyndaríkur hljómborðsleikari eins og heyrðist á tónleikunum.

BJÖRK OG EINAR ÖRN Björk skoppaði um eins og tindilfættur engill en Einar lét vaða á súðum.

Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Lottó

Vinningstölur laugardaginn 18.11.2006

5 20 24 26 36

Einfaldur 1. vinningur næsta laugardag

Bónus tala 25

Jókertölur vikunnar

Jóker 6 7 9 4 4

1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 15.11.2006

Aðaltölur 2 19 27 37 44 47

Bónustölur 12 26 Ofurtala 18

Einfaldur 1. vinningur næsta miðvikudag

Jókertölur vikunnar 5 0 3 2 5

1. vinningur gekk ekki út

Birt með fyrirvara um prentvillur

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

> Kristján Ari til liðs við HK

HK-ingar hafa nú fengið liðsstyrk því Kristján Ari Halldórsson hefur ákveðið að ganga til liðs við félagið frá ÍR. Kristján er nítján ára og á sex leiki að baki fyrir U-17 og U-19 landslið Íslands og í samtali við Fréttablaðið sagðist hann spenntur fyrir þessari nýju áskorun. HK-ingar hafa fleiri leikmenn í sigtinu en þar á meðal er hinn bandaríski Chris Vorenkamp.

ARNAR SIGURÐSSON: HEFUR STAÐIÐ Í STRÖNGU UNDANFARNA MÁNUÐI Í TENNISHEIMINUM EN ER NÚ Í FRÍI HÉR Á LANDI

Hefur hækkað um átta hundruð sæti á árinu

Arnar Sigurðsson er fremsti tennisspilari okkar Íslendinga og hann hefur verið að keppa grimmt að undanförnu, aðallega í Mexíkó og Kaliforníu. Arnar verður 25 ára í næstu viku en hann kláraði nám í Bandaríkjunum síðasta vetur og hefur eftir það einbeitt sér að því að komast ofar á heimslistanum.

„Ég hef ekki verið hér á landi á þessum árstíma í tvö ár, þannig að það er ágætt að komast aðeins niður fyrir frostmark," sagði Arnar þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær.

„Markmiðið mitt er að taka þátt í stórmótunum, Wimbledon og opna franska mótinu og þeim öllum. En til þess þarf ég að vera á topp 300 á heimslistanum og markmiðið núna er að koma sér þangað.

Ég er í kringum 740 á heimslistanum núna en ég er búinn að fara upp um 800 sæti á þessu ári. Þetta er búið að vera nánast ævintýralegt, ég átti ekki von á því að þetta ætti eftir að gerast svona hratt. Það tekur oft langan tíma fyrir stráka að brjótast í gegn. Það tekur marga stráka mörg ár að komast inn á topp þúsund," sagði Arnar.

„Það er oft erfitt að útskýra fyrir fólki hvað það eru margir að berjast um þessi sæti. Það eru margir tugir þúsunda sem eru að reyna að fá einn punkt. Það er í raun draumur allra tennisspilara að fá einn punkt en nú er ég kominn með 22 punkta og það er í raun ævintýri líkast."

Arnar hefur mestmegnis verið á hótelum á þessum tíma sem hann hefur verið að keppa erlendis og sagði að það væri ansi kostnaðarsamt. „Þegar maður er að fikra sig upp listann er maður ekki að taka þátt í mótum út af peningnum þó að það sé verðlaunapeningur. Ég hef alveg fengið slatta en því miður þá er maður að eyða meira en maður er að fá fyrir að spila. Þetta væri ekki hægt ef maður fengi ekki styrki því fyrstu skrefin eru dýr, en á næsta ári ætla ég að spila meira en ég hef verið að gera og það er bara að vona að maður fái góða styrki til þess."

Arnar byrjar aftur að keppa í janúar og stefnir á að keppa mest í Mið-Ameríku og jafnvel í Bandaríkjunum.

ÞJÁLFARI ÁRSINS Ólafur Jóhannesson var valinn þjálfari ársins í meistaraflokki á fundi Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Knattspyrnuþjálfarafélagið:

Ólafur og Elísabet valin best

FÓTBOLTI Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands hélt á laugardaginn aðalfund sinn í Smáranum, félagsheimili Breiðabliks. Venja er að velja þjálfara ársins í meistaraflokki karla og kvenna á þessum fundum og í ár voru það Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH í karlaflokki, og Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari kvennaliðs Vals, sem fengu þessi verðlaun.

Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þjálfun yngri flokka. Þau sem fengu viðurkenningu í þeim flokki voru Ingvar Gísli Jónsson, þjálfari hjá FH, Páll Viðar Gíslason hjá Þór á Akureyri og Ásdís Hrönn Viðarsdóttir hjá Ægi í Þorlákshöfn.

Stjórn félagsins var endurkjörin á fundinum en Sigurður Þórir Þorsteinsson hefur gegnt starfi formanns undanfarin átta ár.

- dsd

ROGER FEDERER Er númer eitt á heimslistanum í tennis. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stórmeistaramót í tennis:

Federer sigraði í Sjanghæ

TENNIS Roger Federer sýndi og sannaði að hann er fremsti tennisspilari veraldar þegar hann rúllaði yfir James Blake í úrslitum á stórmeistaramóti sem fram fór í Sjanghæ. Úrslitaleikurinn var í gær og þar vann Federer öruggan sigur í þremur settum, 6-0, 6-3 og 6-4.

Blake lýsti þessum leik sem svo að hann hafi fengið kennslustund í tennis en Federer lék feikilega vel allan leikinn. Federer tapaði úrslitaleiknum á þessu móti fyrir ári síðan og var greinilega staðráðinn í að láta það ekki endurtaka sig. Hann sýndi algjöra yfirburði í fyrsta settinu og það eina sem Blake gat gert var að horfa til himins og biðja æðri máttarvöld um aðstoð. - dsd

Stjarnan vann á lokasprettinum

Gamla kempan Konráð Olavsson átti frábæran leik fyrir Stjörnumenn sem sóttu bæði stigin í Árbæinn í gær og unnu 27-24 í DHL-deild karla í handbolta.

HANDBOLTI „Við vorum einfaldlega lélegir og það var enginn klassi yfir þessum leik. Varnarleikurinn gekk ágætlega upp hjá okkur en sóknin var hins vegar ömurleg. Við spiluðum mjög óagað í sóknarleiknum og gáfum þeim þetta í lokin. Það var hausinn sem klikkaði á leikmönnum, það vantaði leikmenn hjá okkur en líka hjá þeim og ef við getum ekki unnið svona leiki á heimavelli eigum við ekki skilið að vinna neitt," sagði Sigurður Sveinsson, þjálfari Fylkismanna, sem var sár og svekktur eftir að hans menn töpuðu með þriggja marka mun fyrir Stjörnunni á heimavelli sínum í gær.

Leikurinn var í járnum allan fyrri hálfleikinn, gestirnir fóru betur af stað en heimamenn voru þó skrefinu á undan lengst af. Fylkir náði þriggja marka forskoti, 10-7, en lokamínútur hálfleiksins voru eign Stjörnumanna sem höfðu eins marks forskot, 12-11, í hálfleik.

Seinni hálfleikurinn þróaðist mjög svipað og sá fyrri og voru Fylkismenn yfir nær allan tímann en munurinn þó aldrei mikill. Þegar skammt var eftir af leiknum var Fylkir yfir 22-20 en þá hrundi leikur þeirra og Stjarnan refsaði þeim. Mikil spenna var undir lokin en þrjú síðustu mörk leiksins komu frá Stjörnunni sem vann 27-24.

Kristján Halldórsson, þjálfari Stjörnunnar, var ekki sáttur við leik sinna manna. „Við byrjuðum leikinn ágætlega en ég get sagt það hreint út að þetta var ekki góður leikur af okkar hálfu. Hópurinn gerði ekki það sem var lagt upp með en við náðum samt sigri. Það er jákvætt að við náum að sigra þótt við spilum illa, þegar fer að vora er bara horft á stigin. Þeirra leikur var voðalega háður Vladimir Duric sem er mjög sterkur leikmaður og við áttum erfitt með hann," sagði Kristján.

EKKERT GEFIÐ EFTIR Elías Már Halldórsson Stjörnumaður tekur hér duglega á Arnari Sæþórssyni Fylkismanni í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sterka leikmenn vantaði í bæði lið í gær, Tite Kalandadze er í leikbanni hjá Stjörnunni og þá voru Ólafur Víðir Ólafsson og Patrekur Jóhannesson ekki með. Hjá Fylkismönnum vantaði Eymar Krüger sem hefur skorað flest mörk þeirra það sem af er tímabili. Það var ekki fallegur handbolti sem var spilaður í Fylkishöllinni í gær, baráttan var frekar í aðalhlutverkinu. Konráð Olavsson spilaði lykilhlutverk og var markahæstur í Stjörnuliðinu. „Það eru til gamlir taktar í Konna enn þá. En að maður sem er langt kominn á fertugsaldurinn sé að klára þetta fyrir okkur sýnir leikmönnum að þeir þurfa aðeins að fara að spýta í," sagði Kristján.

Báðir markverðirnir stóðu sig vel í leiknum en besti leikmaður Fylkisliðsins var Duric sem skoraði alls níu mörk og þar af sex í fyrri hálfleiknum en gestirnir tóku hann úr umferð á köflum í leiknum. Stjarnan og Fylkir höfðu sætaskipti eftir leikinn í gær, Stjarnan hefur sex stig eftir sjö leiki en Fylkir hefur leikið leik færri og er með fimm stig.

elvargeir@frettabladid.is

Íslandsmeistarar Fram áttu ekki í miklum erfiðleikum með að leggja ÍR að velli:

Auðveldur sigur Framara á ÍR

HANDBOLTI Leikurinn fór hægt af stað og það var sem heimamenn vildu halda hraðanum niðri sem lengst. Eftir eilítið jafnræði náðu Framarar smám saman þriggja marka forskoti í bragðdaufum leik en undir lok hálfleiksins hrundi leikur ÍR-inga og Framarar náðu sjö marka forskoti. Staðan í hálfleik var 19-12 gestunum í Fram í vil.

Gestirnir hófu seinni hálfleikinn á sömu nótum og þeir enduðu þann fyrri og voru fljótlega komnir með tíu marka forskot. Þar með má segja að úrslit leiksins hafi verið ljós og bæði lið léku út leiktímann án mikillar fyrirhafnar eða áreynslu.

Leikur heimamanna í gær einkenndist af lélegu skipulagi, en á tímum virtust hvorki leikmenn né þjálfari vita í hvorn fótinn átti að stíga. Léleg vörn varð þeim að falli og það er ljóst að meira þarf að koma til ef ekki á að fara illa fyrir liðinu í vetur. Sigur Framara var aldrei í vafa og lokatölur urðu 29-40 þeim í vil.

JÓHANN GUNNAR EINARSSON Er hér kominn í gott færi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Framara, var sáttur í leikslok. „Við bjuggumst við ÍR-ingunum sterkari en þetta. Þeir hafa spilað betur að undanförnu. Við spiluðum mjög vel í dag, sannfærandi varnarleik og góðan sóknarleik, og þeir virkuðu ráðalausir." Þá sagðist hann viss um að leiðin lægi upp á við eftir misjafnt gengi í vetur. „Meistaradeildin færði okkur mikla reynslu sem nýtist liðinu en við þurfum að vinna okkur upp töfluna. Við eigum tvo leiki til góða á hin liðin og þurfum bara að klára þá og hífa okkur upp. Það er mikið eftir."

- kar

HARRINGTON Lék frábært golf í Japan. NORDICPHOTOSS/GETTY IMAGES

Paidrag Harrington í Japan:

Vann Tiger í bráðabana

GOLF Padraig Harrington frá Írlandi bar sigur úr býtum á opna stórmótinu í golfi sem lauk í Miyazaki í Japan í gær. Hann vann besta kylfing heims, Tiger Woods, á annarri holu í bráðabana. „Þegar þú ert að keppa gegn kylfingi eins og Tiger þá verðurðu að grípa öll þau tækifæri sem þér býðst. Heppnin var með mér í liði en stundum fylgir lukkan þeim hugrökku," sagði Harrington.

Harrington átti sannkallað undrahögg á annarri holu bráðabana þegar hann lét tré sem var í vegi fyrir honum ekki stöðva sig. Hann og Tiger voru jafnir eftir 72 holur, báðir á níu höggum undir pari. Í gær lauk einnig opna meistaramótinu í Hong Kong en þar var það kylfingurinn Jose Manuel Lara sem sigraði með eins höggs mun. Nýliðinn Juvic Pagunsan varð í öðru sæti. **- egm**

NBA-körfuboltinn:

Utah Jazz á miklu skriði

NBA Utah Jazz hefur farið mjög vel af stað í NBA-deildinni en í fyrrinótt vann liðið níunda leik sinn af fyrstu tíu með því að leggja Phoenix 120-117 eftir framlengingu. Með þessum sigri jafnaði liðið bestu byrjun sína í sögunni.

Nýliðinn Paul Millsap vakti mikla athygli í leiknum en hann spilaði eins og þrautreyndur leikmaður og skoraði sex af átján stigum í framlengingunni. Deron Williams var stigahæstur Utah manna í leiknum en hann skoraði 25 stig.

„Sjálfstraust mitt er algjörlega í hámarki og ég get þakkað þjálfurum mínum og liðsfélögum fyrir það. Það er mjög erfitt að koma inn sem nýliði en mér er sýnt mikið traust og legg mig allan fram," sagði Millsap sem hefur átt algjöra draumabyrjun í NBA-deildinni enda hjá liðinu sem hefur náð bestum árangri allra liða í upphafi leiktíðar.

Meðal annarra úrslita í fyrrinótt má nefna að Washington sigraði Cleveland 111-99 þar sem Gilberto Arenas skoraði 45 stig og gaf sex stoðsendingar fyrir Washington. - egm

ÚRSLIT Í GÆR

DHL-deild karla:

ÍR - FRAM (12-19) 29-40

Mörk ÍR: Davíð Georgsson 7/5 (11/5), Björgvin Hólmgeirsson 6 (17), Jón Heiðar Gunnarsson 4 (6), Brynjar Steinarsson 4 (7), Andri Númason 3 (3), Ólafur Sigurgeirsson 2 (3), Sigurður Magnússon 1 (1), Ivan Jovanovich 1 (4).
Varin skot: Jacek Kowal 15, Stefán Pedersen 2.
Mörk úr hraðaupphlaupum: 3 (Sigurður, Davíð Andri).
Fiskuð víti: 5 (Andri 3, Björgvin 2).
Utan vallar: 16 mínútur.
Mörk Fram: Þorri Björn Gunnarsson 10 (14), Stefán Baldvin Stefánsson 6 (9), Andri Berg Haraldsson 6 (14), Einar Ingi Hrafnsson 5 (6), Jóhann Gunnar Einarsson 5/3 (11/4), Rúnar Kárason 2 (3), Brjánn Bjarnason 2 (2), Haraldur Þorvarðarson 1 (2), Guðjón Drengsson 1 (4), Sigfús Páll Sigfússon 1 (5).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 11, Magnús Erlendsson 7.
Mörk úr hraðaupphlaupum: 8 (Þorri Björn 3, Einar Ingi, Jóhann Gunnar, Guðjón, Andri Berg, Brjánn).
Fiskuð víti: 4 (Jóhann Gunnar, Einar Ingi, Sigfús Páll, Haraldur).
Utan vallar: 14 mínútur.

FYLKIR - STJARNAN (11-12) 24-27

Mörk Fylkis: Vladimir Duric 9 (13/1), Arnar Sæþórsson 6/1 (10/2), Hreinn Hauksson 4 (9), Pétur Þorlaksson 2 (2), Ívar Grétarsson 2/2 (2/2), Haukur Sigurvinsson 2 (6), Þórir Júlíusson 1 (3).
Varin skot: Hlynur Morthens 17/1.
Mörk úr hraðaupphlaupum: 1 (Arnar).
Fiskuð víti: 5 (Þórir 2, Haukur, Hreinn, Pétur).
Utan vallar: 2 mínútur.
Mörk Stjörnunnar: Konráð Ólafsson 8/2 (11/2), Elías Halldórsson 5 (8/1), Gunnar Jóhannsson 4 (7/1), David Kekelia 3 (4), Björn Guðmundsson 3 (6), Björn Friðriksson 2 (2), Guðmundur Guðmundsson 2 (3), Vladimir Kysil 1 (4).
Varin skot: Roland Eradze 20/1.
Mörk úr hraðaupphlaupum: 6 (Gunnar 3, Elías 2, Björn Friðriks.).
Fiskuð víti: 5 (Gunnar 3, Björn Guðm., Konráð).
Utan vallar: 4 mínútur.

DHL-deild kvenna:

VALUR - ÍBV	FRESTAÐ
HK - STJARNAN	26-38

Iceland Express-deild karla:

KR - NJARÐVÍK 75-69

Stig KR: Jeremiah Sola 22, Tyson Petterson 17, Peter Heizer 15, Pálmi Sigurgeirsson 7, Brynjar Björnsson 6, Darri Hilmarsson 5, Skarphéðinn Ingason 3.
Stig Njarðvíkur: Friðrik Stefánsson 14, Jeb Ivey 14, Brenton Birmingham 12, Jóhann Ólafsson 10, Egill Jónasson 7, Igor Beljanski 5, Halldór Karlsson 4, Guðmundur Jónsson 1.

SKALLAGRÍMUR - UMFG	83-74
FJÖLNIR - ÍR	79-89
KEFLAVÍK - HAMAR/SELFOSS	81-63

GRÖNHOLM Ók vel í Nýja-Sjálandi.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

HM í ralli á Nýja-Sjálandi:

Ford vann aðra bílasmiði

RALL Ford hefur sigrað í keppni bílasmiða á heimsmeistaramótinu í ralli en þetta var ljóst eftir að finnski ökuþórinn Marcus Grönholm sigraði í rallinu á Nýja-Sjálandi um helgina. Það var næstsíðasta rallið á mótaröðinni en sigur Grönholm var öruggur, hann hafði forystu frá upphafi til enda. Landi hans Mikko Hirvonen varð í öðru sæti. Frakkinn Sebastian Loeb keppti ekki um helgina vegna meiðsla en hann hefur þegar tryggt sér heimsmeistaratitilinn, þriðja árið í röð. „Að ná að tryggja Ford sigur í keppni bílasmiða var efst í huga mér alla keppnina. Ég ákvað að hafa engar áhyggjur og aka af öryggi. Það var greinilega rétt ákvörðun og tilfinningin er mjög góð," sagði Grönholm eftir kappaksturinn en þetta er í fyrsta sinn sem Ford sigrar í keppni bílasmiða síðan 1979. Heimsmeistaramótinu lýkur með keppni í Wales í byrjun desember.

- egm

UMFERÐARÞING 2006

Hótel Loftleiðum 23. og 24. nóvember

Fimmtudagur 23. nóvember

9.00 ***Skráning og afhending þinggagna***

9.30 ***Þingsetning***
Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu.

Ávarp
Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.

„Umferðarljósið", verðlaunagripur Umferðarráðs veittur í sjöunda sinn þeim aðila, einstaklingi, samtökum eða stofnun, sem unnið hefur sérstaklega árangursríkt og/eða eftirtektarvert starf á sviði umferðaröryggismála.

Tónlist – Lögreglukórinn
Stjórnandi Guðlaugur Viktorsson
Einsöngur Eiríkur Hreinn Helgason

Stutt hlé

10.30 ***Umferðaröryggisáætlun til 2016***
Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu og formaður Umferðaröryggisráðs.

10.45 ***Nýskipan lögreglumála – þáttur lögreglu í auknu umferðaröryggi***
Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

11.00 ***Rannum – Rannsóknarráð umferðaröryggismála***
Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar, formaður.

Fyrirspurnir og umræður

11.40 ***Léttur málsverður***

Öruggari vegir, götur og umhverfi vega

12.45 ***Umferðaröryggi vegakerfa***
Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar.

13.00 ***Hringtorg – mismunandi útfærslur á Íslandi***
Erna Hreinsdóttir verkefnastjóri, Vegagerðinni og Bryndís Friðriksdóttir verkfræðingur, Línuhönnun.

13.15 ***„EuroRAP" (European Road Assessment Program) á Íslandi***
Ólafur Kr. Guðmundsson, varaformaður FÍB.

13.30 ***Nýjungar í vegriðsmálum og öryggisbúnaði vega í Evrópu***
Bernd Wolfgang Wink, stjórnarmaður í European Uninon Road Federation.

Fyrirspurnir og umræður

Forvarnir, löggæsla

14.30 ***Sjálfvirkt hraðaeftirlit á Íslandi***
Hjálmar Björgvinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, Ríkislögreglustjóraembættinu.

14.45 ***Hraðastjórnun á vegum (Speed Management)***
Rögnvaldur Jónsson, fyrrv. framkvæmdastjóri, Vegagerðinni.

15.00 ***Umferðarfræðsla í skólum***
Ásta Egilsdóttir, kennari í Grundaskóla á Akranesi og Kristín Björg Þorsteinsdóttir, fræðslufulltrúi hjá Umferðarstofu.

Fyrirspurnir og umræður – kaffihlé

Öruggari ökutæki – öruggari ökumenn – ungir ökumenn

15.45 ***Árekstrar í alvarlegum bílslysum og árekstravarnir***
Sævar Helgi Lárusson, sérfræðingur í tæknimálum ökutækja, Umferðarstofu.

16.00 ***Hraðakstur – ungir ökumenn – viðhorf, lífsstíll, ábyrgð. Nauðsyn fræðslu um orsakir og afleiðingar alvarlegra umferðarslysa***
Ásdís J. Rafnar hrl., formaður rannsóknarnefndar umferðarslysa.

16.15 ***Ökuréttindi – aldur, þroski, reynsla og hæfni***
Holger Torp, sérfræðingur ökunáms, Umferðarstofu.

Fyrirspurnir og umræður

Þingfundi frestað

Föstudagur 24. nóvember

Áfengi, lyf, þreyta, slysarannsóknir

9.00 ***Umferðaróhöpp og meiðsli eldri ökumanna***
Guðmundur Freyr Úlfarsson, aðstoðarprófessor í byggingarverkfræði við Washington–háskóla í St. Louis. (Verkefni styrkt af Rannum 2005).

9.15 ***Fíkniefnaskimun – áhrifarík greiningaraðferð gegn fíkniefnaakstri***
Jón Sigfússon, forstöðumaður Rannsókna og greiningar, Háskólanum í Reykjavík.

9.30 ***Syfja og akstur***
Gunnar Guðmundsson Dr. Med., lungnalæknir.

Fyrirspurnir og umræður

Kaffihlé

Umferðaröryggi í alþjóðlegu samhengi

10.15 ***Ísland og umheimurinn; þróun alþjóðlegs samstarfs í umferðaröryggismálum***
Birna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu og varaformaður Umferðarráðs.

10.30 ***Umferðaröryggi í Evrópu – staðan í dag og leiðir til úrbóta***
Dr. Günter Breyer, aðstoðarvegamálastjóri Austurríkis.

Fyrirspurnir og umræður

11.30 ***Pallborðsumræður***
Fulltrúar skiptast í umræðuhópa samkvæmt dagskrárliðum þingsins.

12.15 ***Hádegisverður***

13.00 ***Umræðuhópar hefja störf***

14.45 ***Fulltrúar umræðuhópa gera í stuttu máli grein fyrir starfi þeirra***

Almennar fyrirspurnir og umræður – ályktanir þingsins

15.45 ***Þingslit – formaður Umferðarráðs***

Móttaka í boði samgönguráðherra

Umferðarþing er öllum opið. Þátttökugjald með veitingum er 12.500 kr. Skráning er á heimasíðu Umferðarstofu, www.us.is, til 22. nóvember. Þar er að finna nánari upplýsingar um þingið. Einnig í síma 580 2000.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

UMFERÐARSTOFA

á þínum vegum!
UMFERÐAR RÁÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

ÚRSLIT Í GÆR

Spænska úrvalsdeildin:

ESPANYOL - A. BILBAO	3-2
LEVANTE - ATHLETICO MADRID	0-3
REAL SOCIEDAD - REAL BETIS	0-0
ZARAGOZA - TARRAGONA	3-0
RECREATIVO - OSASUNA	2-0
VILLARREAL - GETAFE	1-0
REAL MALLORCA - BARCELONA	1-4

Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona og skoraði tvö fyrstu mörk liðsins áður en honum var skipt af velli á 72. mínútu.

DEPORTIVO LA CORUNA - CELTA	X-X

Leiknum var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

STAÐAN:

BARCELONA	**11**	**8**	**2**	**1**	**27-10**	**26**
SEVILLA	11	8	1	2	22-10	25
REAL MADRID	**11**	**7**	**2**	**2**	**21-8**	**23**
ZARAGOZA	11	7	1	3	24-14	22
A. MADRID	**11**	**6**	**2**	**3**	**16-8**	**20**
RECREATIVO	11	6	1	4	15-13	19
GETAFE	**11**	**6**	**1**	**4**	**10-8**	**19**
VALENCIA	11	5	3	3	15-11	18
VILLARREAL	**11**	**5**	**3**	**3**	**12-12**	**18**
DEPORTIVO	10	4	4	2	10-8	16
CELTA	**10**	**4**	**1**	**5**	**14-16**	**13**
MALLORCA	11	3	4	4	6-10	13
ESPANYOL	**11**	**2**	**6**	**3**	**9-12**	**12**
LEVANTE	11	3	3	5	10-17	12
SANTANDER	**11**	**2**	**5**	**4**	**8-13**	**11**
REAL BETIS	11	2	2	7	12-16	8
A. BILBAO	**11**	**1**	**5**	**5**	**10-19**	**8**
OSASUNA	11	2	2	7	6-16	8
GIMNASTIC	**11**	**1**	**2**	**8**	**9-23**	**5**
R. SOCIEDAD	11	0	4	7	6-18	4

Ítalska úrvalsdeildin:

AS ROMA - CATANIA	7-0
ASCOLI - FIORENTINA	1-1
CHIEVO - ATALANTA	2-2
INTERNAZIONALE - REGGINA	1-0
LIVORNO - PARMA	3-0
MESSINA - LAZIO	1-4
UDINESE - SIENA	3-0
TORINO - SAMPDORIA	X-X

Leik var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

STAÐAN:

INTER	**12**	**9**	**3**	**0**	**25-13**	**30**
PALERMO	12	9	0	3	26-16	27
AS ROMA	**12**	**8**	**2**	**2**	**26-8**	**26**
LIVORNO	12	5	4	3	13-11	19
ATALANTA	**12**	**4**	**5**	**3**	**19-18**	**17**
EMPOLI	12	3	7	2	11-9	16
UDINESE	**12**	**4**	**4**	**4**	**13-12**	**16**
SIENA	12	4	5	3	12-13	16
CATANIA	**12**	**4**	**4**	**4**	**16-24**	**16**
LAZIO	12	5	3	4	19-11	15
CAGLIARI	**12**	**2**	**8**	**2**	**11-11**	**14**
MESSINA	12	3	5	4	16-19	14
SAMPDORIA	**11**	**3**	**4**	**4**	**17-16**	**13**
AC MILAN	12	4	4	4	11-12	8
TORINO	**11**	**1**	**5**	**5**	**6-16**	**8**
PARMA	12	2	2	8	12-25	8
ASCOLI	**12**	**0**	**5**	**7**	**6-16**	**5**
FIORENTINA	12	6	1	5	19-14	4
CHIEVO	**12**	**0**	**4**	**8**	**9-19**	**4**
REGGINA	12	4	3	5	12-16	0

Enska úrvalsdeildin:

WIGAN - ASTON VILLA	0-0
BLACKBURN - TOTTENHAM	1-1

1-0 Tugay (22.), 1-1 Jermain Defoe, víti (62.).

STAÐAN:

MAN. UNITED	**13**	**11**	**1**	**1**	**29-6**	**34**
CHELSEA	13	10	1	2	23-7	31
PORTSMOUTH	**13**	**7**	**2**	**4**	**19-11**	**23**
ARSENAL	12	6	4	2	20-7	22
ASTON VILLA	**13**	**5**	**7**	**1**	**15-9**	**22**
BOLTON	13	6	3	4	12-12	21
EVERTON	**13**	**5**	**5**	**3**	**17-11**	**20**
READING	13	6	1	6	15-18	19
WIGAN	**12**	**5**	**3**	**4**	**16-13**	**18**
LIVERPOOL	13	5	3	5	14-15	18
FULHAM	**13**	**4**	**5**	**4**	**14-19**	**17**
MAN. CITY	13	4	4	5	10-15	16
TOTTENHAM	**13**	**4**	**4**	**5**	**10-15**	**16**
MIDDLESBR.	13	4	3	6	10-16	15
BLACKBURN	**13**	**3**	**4**	**6**	**11-17**	**13**
WEST HAM	13	3	2	8	9-16	11
NEWCASTLE	**13**	**2**	**4**	**7**	**8-15**	**10**
SHEFF. UNITED	13	2	4	7	8-18	10
WATFORD	**13**	**1**	**6**	**6**	**10-19**	**9**
CHARLTON	13	2	2	9	9-20	8

Xabi Alonso ekki kátur með gengi Liverpool:

Slæmt andrúmsloft

FÓTBOLTI Xabi Alonso, miðjumaður Liverpool, segir að möguleikar liðsins á að hampa enska meistaratitlinum séu foknir út í veður og vind. Liðið stóð enn einu sinni ekki undir væntingum þegar það gerði markalaust jafntefli við Middlesbrough síðdegis á laugardag. Eftir aðeins þrettán leiki er Liverpool sextán stigum á eftir Manchester United sem er á toppi ensku úrvalsdeildarinnar. Liðið hefur aðeins hlotið tvö stig af 21 mögulegu í útileikjum.

Alonso segir að andrúmsloftið innan félagsins sé neikvætt um þessar mundir. „Það verður sífellt erfiðara fyrir okkur að reyna að komast í hóp efstu liða, ekki bara vegna þess hve mörg stig eru í toppinn heldur vegna andrúmsloftsins sem nú ríkir á Anfield. Það gengur vel hjá okkur í Evrópuleikjum en við náum ekki að flytja það yfir á leikina í deildinni. Ekki veit ég hvort ástæðan sé sálfræðilegs eðlis en við erum allavega mjög pirraðir á þessu," sagði Alonso.

Rafa Benitez, framkvæmdastjóri Liverpool, var mjög óánægður með jafnteflið á laugardaginn og trúði varla að Liverpool hefði ekki unnið leikinn. Liverpool var betri aðilinn á löngum köflum í leiknum en náði þó ekki að skapa sér mörg færi.

„Við stjórnuðum leiknum að mestu leyti og ef við hefðum skorað fyrsta markið þá hefði leikurinn farið allt öðruvísi. Ef við spilum eins og við gerðum í þessum leik í 100 leikjum þá vinnum við 99 af þeim," sagði Benitez eftir leikinn gegn Middlesbrough á laugardaginn. **- egm**

XABI ALONSO Er hér í leik gegn Chelsea fyrr á leitíðinni en Liverpool hefur gengið illa á útivöllum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

KR-ingar einfaldlega mun betri en Njarðvíkingar í DHL-höllinni

KR bar sigurorð af Njarðvíkingum í stórleik Iceland Express-deildar karla í körfubolta í gær, 75-69. Sigur KR-inga var nokkuð öruggur og en leikurinn var þó ekki eins skemmtilegur og við mátti búast fyrirfram.

KÖRFUBOLTI Það var sannkallaður stórleikur í Iceland Express deildinni í gær þegar KR-ingar tóku á móti Njarðvíkingum en fyrir leikinn höfðu bæði lið aðeins eitt tap á bakinu. Það fór svo að lokum að heimamenn unnu 75-69 þar sem tvær þriggja stiga körfur Brynjars Björnssonar gerðu gæfumuninni.

„Þessi leikur náði sér þannig lagað aldrei á flug þótt það væri alltaf vitað að þetta yrði hörkuleikur. Hann varð mikil stöðubarátta en alls ekki fallegasti leikur sem maður hefur orðið vitni að. Ég er mjög ánægður með að við náðum að klára þennan leik því KR hefur alltof oft verið að tapa fyrir Njarðvík í blálokin í leikjum en vonandi höfum við komist yfir þann hjalla," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, í leikslok.

KR byrjaði mun betur og náði 10-2 forystu og var með fjögurra stiga forskot eftir fyrsta leikhlutann. Í þeim öðrum voru Njarðvíkingar betri og staðan var hnífjöfn 40-40 í hálfleik. Í þriðja leikhluta náðu KR-ingar ellefu stiga forystu og virtust ætla að sigla fram úr Njarðvíkingum. Þeir gerðu sig hins vegar seka um slæm mistök og hleyptu gestunum aftur inn í leikinn.

„Við klúðruðum eitthvað um fimmtán stigum af vítalínunni í leiknum og það var ekki að gera okkur auðveldara fyrir, svo mikið er víst. Maður óttaðist það að við værum að fara að kasta þessu frá okkur þegar þeir jöfnuðu 67-67 í síðasta leikhlutanum en við héldum haus og sýndum andlegan styrk. Vonandi er þetta merki um að KR sé búið að komast yfir þennan herslumun sem vantaði og getur farið að klára þessa hörkuleiki í lokin," sagði Benedikt.

GUÐMUNDUR OG PÁLMI Guðmundur Jónsson, leikmaður Njarðvíkur, reynir hér að komast framhjá Pálma Sigurgeirssyni, leikmanni KR, í leik liðanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

KR-ingar reyndust sterkari undir lokin og Brynjar valdi rétta tímann til að skora þau sex stig sem hann gerði í leiknum. Jeremiah Sola var stigahæstur í leiknum í gær með 22 stig fyrir heimamenn. KR hefur farið vel af stað á Íslandsmótinu og sást vel í leiknum í gær að áhugi stuðningsmanna félagsins er að aukast en vel var mætt á þennan stórleik í gær.

Af öðrum leikjum í gær er það að segja að Skallagrímur gerði sér lítið fyrir og lagði Grindavík á heimavelli 83-74.

Það gengur lítið hjá Fjölnismönnum þessa dagana en í gær beið liðið lægri hlut á heimavelli fyrir ÍR, 79-89, en þetta var einungis annar sigur ÍR-inga í deildinni.

Keflavík vann nokkuð öruggan sigur á Hamar/Selfoss í „Sláturhúsinu" í Keflavík, 81-63.

KR-ingar eru efstir í deildinni með fjórtán stig að loknum átta leikjum en fast á hæla þeirra koma Skallagrímur, Snæfell og Grindavík, öll með tólf stig. Snæfell hefur þó leikið leik færra en hin liðin.

Botnbaráttan er ekki síður spennandi en Hamar/Selfoss er í neðsta sæti deildarinnar með tvö stig en fyrir ofan þá eru fimm lið með fjögur stig, Tindastóll, Haukar, Fjölnir, ÍR og Þór frá Þorlákshöfn.

Næsti leikur deildarinnar er í kvöld þegar Snæfell fær Tindastól í heimsókn til Stykkishólms. Snæfell getur með sigri jafnað KR að stigum á toppi deildarinnar en það er deginum ljósara að Tindastólsmenn þurfa nauðsynlega á sigri að halda. **elvargeir@frettabladid.is**

Eiður Smári var allt í öllu þegar Barcelona vann góðan útisigur á Mallorca í spænsku úrvalsdeildinni í gær:

Eiður Smári Guðjohnsen skoraði tvö

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona sem heimsótti Mallorca í spænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær. Eiður Smári lék í framlínu liðsins ásamt þeim Ronaldinho og Ludovic Giuly.

Leikurinn var ekki mikið fyrir augað framan af og fyrsta færi leiksins kom ekki fyrr en á 34. mínútu þegar Thiago Motta átti skalla sem markvörður Mallorca náði að verja.

Barcelona náði þó góðri sókn á 42. mínútu og eftir laglegt spil rak Eiður Smári smiðshöggið á sóknina þegar hann lék á markvörð Mallorca og skoraði fallegt mark. Motta og Deco léku vel saman og og var glæsilega klárað hjá Eiði Smára.

Síðari hálfleikurinn var öllu skemmtilegri og á 58. mínútu leiksins skoraði Eiður Smári sitt annað mark í leiknum. Þá fékk hann sendingu inn fyrir vörn Mallorca og skoraði á mjög laglegan hátt. Eiður Smári sneri baki í markið þegar hann fékk boltann en með góðri móttöku náði hann að leggja boltann vel fyrir sig og skora framhjá markverði Mallorca.

Viktor Castano náði að minnka muninn fyrir Mallorca á 70. mínútu en tveimur mínútum síðar tók Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, hann af velli.

Andres Iniesta og Santiago Ezquerro skoruðu tvö síðustu mörkin fyrir Barcelona og lokatölur því 1-4, Barcelona í vil. **- dsd**

ANNAÐ MARKIÐ Eiður Smári sést hér skora síðara markið sitt í leiknum í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Cristiano Ronaldo:

Getum unnið stóru titlana

FÓTBOLTI Cristiano Ronaldo, vængmaður Manchester United, segir að félagið hafi það sem þarf til að sigra bæði enska meistaratitilinn og Evrópukeppnina á þessu tímabili.

„Ég tel raunhæfa möguleika fyrir okkur að vinna þessar keppnir. Ég hef horft á andstæðinga okkar í baráttunni um enska titilinn og finnst enginn af þeim hafa verið að spila eins vel og við höfum gert. Það er frábær andi innan hópsins og lykillinn að þessu er Sir Alex Ferguson. Hann er ótrúlega hjálpsamur og ástæðan fyrir því að ég ákvað að vera áfram hjá félaginu." **- egm**

MILAN BAROS Hefur ekki náð sér á strik með Aston Villa. NORDIC PHOTOS/GETTY

Aston Villa:

Baros að yfirgefa Villa Park?

FÓTBOLTI Það stefnir allt í að tékkneski sóknarmaðurinn Milan Baros muni yfirgefa Aston Villa en Baros er búinn að missa sæti sitt í liðinu í hendur Chris Sutton sem félagið fékk til sín fyrr á leiktíðinni.

Baros var á bekknum allan leikinn gegn Everton um síðustu helgi og Martin O'Neill, framkvæmdastjóri Aston Villa, hefur gefið í skyn að Baros gæti farið frá félaginu í janúar.

„Ég hélt að ég myndi standa mig betur á þessari leiktíð en ég hef lítið fengið að spreyta mig og frammistaðan hefur ekki verið eins góð og vonir stóðu til. Ef staðan hjá mér breytist ekkert þá mun ég hugsa mér til hreyfings," sagði Baros í viðtali við breska blaðið News of the World.

Baros hefur aðeins skorað átta mörk fyrir Aston Villa frá því að hann gekk í raðir félagsins frá Liverpool árið 2005. **- dsd**

Tólf Íslandsmet voru slegin um helgina á ÍM í sundi

Íslandsmeistaramótinu í sundi lauk í gær en alls voru tólf ný Íslandsmet sett á mótinu. Auk þess voru níu unglingamet sett á mótinu og því óhætt að segja að sannkallað metaregn hafi verið í Laugardalnum um helgina.

SUND Íslandsmeistaramótinu í sundi lauk um helgina með glæsibrag. Alls voru tólf ný Íslandsmet sett á mótinu og níu unglingamet. Það er því óhætt að segja að það hafi sannkallað metaregn verið á mótinu sem fram fór í Laugardalslauginni.

Fyrsta úrslitasundið í gær var 200 metra fjórsund kvenna þar sem Erla Dögg Haraldsdóttir úr ÍRB fór með sigur af hólmi og setti nýtt Íslandsmet þegar hún synti á 2:16,94. Gamla metið átti Lára Hrund Bjargardóttir frá árinu 2001.

Ragnheiður Ragnarsdóttir úr KR sigraði í 50 metra skriðsundi í gær og setti nýtt Íslandsmet í greininni, 25,55 sekúndur.

Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir úr sundfélaginu Ægi setti sitt annað Íslandsmet á mótinu þegar hún vann 100 metra flugsund á tímanum 1:01,24. Þar með sló Kolbrún

VEL TEKIÐ Á ÞVÍ Þau voru ófá metin sem féllu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

ÖRN ARNARSON Tekur hér við verðlaunum sínum í 100 metra skriðsundi á Íslandsmeistaramótinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Ýr sitt eigið met í greininni sem hún setti árið 2003.

Örn Arnarson setti Íslandsmet í 100 metra flugsundi þegar hann synti vegalengdina á 52,67 sekúndum og bætti þar með fyrra metið um u.þ.b. hálfa sekúndu.

Hrafn Traustason úr ÍA setti sitt þriðja drengjamet á mótinu þegar hann synti 200 metra fjórsund á tímanum 2:16,84 en áður hafði Trausti sett met í 400 metra fjórsundi og 200 metra bringusundi.

Svandís Þóra Sæmundsdóttir, Jóna Helena Bjarnadóttir, Elfa Ingvarsdóttir og Soffía Klemenzdóttir skipuðu telpnasveit ÍRB sem setti nýtt telpnamet í fjórum sinnum 100 metra skriðsundi en þær syntu á tímanum 4:12,27.

Kvennasveit Ægis átti svo lokaorðið á mótinu þegar þær bættu Íslandsmetið í fjórum sinnum 100 metra skriðsundi. Þær syntu vegalengdina á 3:55,95 og bættu gamla metið um tæpar þrjár sekúndur. Sveitina skipuðu þær Auður Sif Jónsdóttir, Ásbjörg Gústafsdóttir, Anja Ríkey Jakobsdóttir og Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir.

dagur@frettabladid.is

ARJEN ROBBEN Segist ekki sætta sig við að sitja á bekknum hjá Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY

Englandsmeistarar Chelsea:

Arjen Robben hótar að fara

FÓTBOLTI Arjen Robben hefur hótað að yfirgefa Chelsea ef félagið kaupir franska kantmanninn Florent Malouda frá Lyon. Chelsea er sagt hafa áhuga á að kaupa Malouda á 15 milljónir punda.

Þrátt fyrir að vera einn skæðasti leikmaður Chelsea hefur Robben ekki alltaf átt upp á pallborðið hjá José Mourinho, stjóra félagsins. Robben hefur varað Mourinho við að hann gæti vel hugsað sér að yfirgefa Chelsea ef hann fær ekki að spila meira en hann gerir. Robben hefur líka látið leikmenn sem lítið spila hjá Chelsea heyra það, leikmenn eins og Geremi og Carlo Cudicini.

„Ef ég er ekki í liðinu þá mun ég íhuga mína stöðu. Það eru margir leikmenn hjá þessu félagi sem fá mikið borgað fyrir að gera ekki neitt, en ég er ekki einn af þeim. Ég er of ungur fyrir svoleiðis lagað," sagði Robben í viðtali við News of the World á dögunum.

Malouda er einn besti ungi leikmaður Frakka og hefur leikið 26 landsleiki fyrir þjóðina. **- dsd**

JERMAIN DEFOE Skoraði örugglega úr vítaspyrnu í gær og að jafnaði þar með metin . NORDIC PHOTOS/AFP

Tveir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær:

Þrjú rauð spjöld hjá Blackburn og Tottenham

FÓTBOLTI Tveir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær. Wigan og Aston Villa gerðu markalaust jafntefli á heimavelli Wigan, og Blackburn og Tottenham gerðu 1-1 jafntefli þar sem allt ætlaði að sjóða upp úr í lokin.

Tugay kom Blackburn yfir með glæsilegu marki á 22. mínútu og staðan var 1-0 í hálfleik. Það var svo á 60. mínútu sem Jermain Defoe jafnaði metin með marki úr vítaspyrnu eftir að Tugay braut á Aaron Lennon innan teigs, en Tugay fékk að líta rauða spjaldið fyrir vikið.

1-1 urðu lokatölur leiksins en undir lokin fékk Hossam Gahly að líta rauða spjaldið og Martin Jol, stjóri Tottenham, fékk sömu meðferð fyrir að mótmæla rauða spjaldinu sem Gahly fékk.

„Þetta var tilfinningaþrunginn leikur og dómarinn var ekki skynsamur. Ég var bara að verja minn leikmann. Vonandi endurskoðar dómarinn ákvörðun sína," sagði Martin Jol eftir leikinn og bætti við að Ghaly hefði verið ranglega rekinn af velli. „Ghaly gerði þetta ekki viljandi og þetta var harður dómur."

Leikur Wigan og Aston Villa fer seint í sögubækurnar fyrir gæði því lítið sást af fallegri knattspyrnu í honum og fá færi litu dagsins ljós. Besta færi leiksins kom á fyrstu mínútu leiksins þegar Henri Camara, sóknarmaður Wigan, átti góðan skalla sem Thomas Sörensen varði vel í marki Aston Villa og Martin O'Neill, stjóri Aston Villa, sagði að þessi markvarsla hefði skipt sköpum í leiknum.

„Þetta var frábær markvarsla og hún kom okkur af stað. Ef boltinn hefði farið í netið þá hefði þetta orðið allt öðruvísi leikur. Mér fannst Wigan spila betur en við í fyrri hálfleik en við lékum vel í þeim síðari og vorum stanslaust að ógna þeim. Það tók okkur tíma að komast af stað í dag en við lékum ágætlega," sagði Martin O'Neill eftir leikinn. **- dsd**

Teymi hf. - Birting lýsingar 20. nóvember 2006

Teymi hf., kt. 571106-0940, Skútuvogi 2, 104 Reykjavík, birtir í dag, mánudaginn 20. nóvember 2006, lýsingu á ensku undir heitinu Prospectus. Lýsingin er gefin út rafrænt á heimasíðu Teymis hf., www.teymi.is og á heimasíðu umsjónaraðila, Landsbanka Íslands hf., www.landsbanki.is. Lýsingin er jafnframt birt í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf., http://news.icex.is. Fjárfestar geta nálgast eða óskað eftir innbundnum eintökum af lýsingunni hjá Teymi hf., Skútuvogi 2, 104 í Reykjavík, næstu 12 mánuði.

Heildarfjöldi hluta í Teymi hf. eru 2.728.200.000. Lýsingin er gefin út vegna skráningar allra útgefinna hluta í Teymi hf., á aðallista Kauphallar Íslands hf. þann 20. nóvember 2006.

TEYMI

Teymi | Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 595 5000 | www.teymi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/TEY 34950 11/06

> **Dustin Hoffman**

Það þekkja allir Dustin Hoffman. Hann hefur leikið í ótalmörgum myndum sem allar hafa notið vinsælda, eins t.d. :The Graduate, Rain Man, All The Presidents Men og Midnight Cowboy. Stöð 2 bíó sýnir í kvöld spennumyndina Confidence þar sem hann fer á kostum.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON LAÐAST AÐ RAÐMORÐINGJUM

Elskast í blóðpolli

Þættir um ástir og ævintýr ungra lækna virðast njóta takmarkalausrar hylli sjónvarpsáhorfenda, allavega þeirra sem pissa sitjandi. Undangengin ár hafa þáttaraðir um lífið á neyðarmóttökum sjúkrahúsa, þar sem hvítklæddir snillingar stoppa slagæðablæðingar á meðan þeir káfa á samlæknum sínum, verið fastur liður á dagskránni, en eftirspurnin virðist samt meiri en framboðið. Þetta getur ekki verið heilbrigt?

Það er umhugsunarefni hvað veldur þessum vinsældum. Varla er það raunsannur frásagnarstíllinn. Ég hef dvalið á sjúkrahúsi og mér sýndist læknar og hjúkrunarfólk hafa öðru að sinna en stela kossi í kústaskápum. Ástæðan er kannski sú að starfsmönnum heilbrigðisstofnana finnst fársjúkt eða stórslasað fólk ekki jafn sexí og handritshöfundum læknaþátta. Ekki er það heldur trúverðug persónusköpun. Þeir læknar sem ég hef hitt eru flestir frekar alvörugefnir og það má merkja á þeirra fasi. Ástæða vinsældanna er að mínu mati sú að þessir þættir sameina það tvennt sem helst einkennir mannkynið; blóðþorsta og sex stafa orð yfir ástleitni. Ég held að konur laðist að þessari frásagnaraðferð af því að bleikar slaufur eru hnýttar hér og þar til að gera þeim þessar lýsingar af óhugnaði hversdagsleikans bærilegar.

Ég er jafn hrifinn af góðu blóðbaði eins og allt venjulegt fólk. Mér finnst gaman að horfa á þætti þar sem fólk er drepið með köldu blóði (þó ég hafi reyndar aldrei séð þátt eða kvikmynd þar sem einhverjum er drekkt á þennan hátt) og mitt uppáhalds sjónvarpsefni eru því góðir, raunsannir, sakamálaþættir. Helst laðast ég að geðsjúkum raðmorðingjum og eltingarleiknum við þá, þó ég geri ekki endilega kröfu um að söguhetjur mínar drepi þrjá eða fleiri. En það er eitthvað heillandi við þessa sálsjúku og siðblindu illmenni, og útgeislun þeirra heldur mér föstum við skjáinn í hvert sinn sem saga þeirra er sögð. Það skemmir heldur ekki fyrir ef sagan er byggð á sönnum atburðum því það er margsannað að engum handritshöfundi er það gefið að upphugsa meiri óhugnað en þegar hefur verið framkvæmdur einhvern tímann í raun og veru.

Kannski er ekki svo óheilbrigt að horfa á læknaþætti eftir allt saman.

BLÓÐ HEFUR MIKIÐ AÐDRÁTTARAFL, SÉRSTAKLEGA Í SJÓNVARPI

EKKI MISSA AF

▶ **19.35** Kastljós SJÓNVARPIÐ

▶ **22.00** Dr. 90210 E! ENTERTAINMENT

▶ **22.30** KF Nörd SÝN

▶ **23.05** Prison Break STÖÐ 2

▶ **23.15** 24 SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

15.45 Helgarsportið
16.10 Ensku mörkin Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótboltanum.
17.05 Leiðarljós (Guiding Light)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.01 Fyndin og furðuleg dýr (1:26) (Weird & Funny Animals)
18.08 Bú! (14:26) (Boo!)
18.16 Lubbi læknir (37:52) (Dr. Dog)
18.30 Vistaskipti (25:26) (Foreign Exchange) Þáttaröð um ástralskan strák og írska stelpu sem finna gátt sem þau geta farið um milli landanna tveggja og á ferðalögum sínum lenda þau í margvíslegum ævintýrum.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
▶**19.35 Kastljós**
20.20 Márar (2:2) (The Moors)
21.15 Glæpahneigð (19:22) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Mandy Patinkin, Thomas Gibson, Lola Glaudini og Shemar Moore.
22.00 Tíufréttir
22.25 Ensku mörkin Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótboltanum. e.
23.20 Spaugstofan Endursýndur þáttur frá laugardagskvöldi.
23.45 Kastljós
0.30 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Abrafax og sjóræningjarnir
8.00 Clint Eastwood: Líf og ferill
10.00 One True Thing
12.05 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous
14.05 Abrafax og sjóræningjarnir
16.00 Clint Eastwood: Líf og ferill
17.55 One True Thing
20.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous
22.00 Club Dread
Stranglega bönnuð börnum.
0.00 Ring O
2.00 Confidence
Stranglega bönnuð börnum.
4.00 Club Dread
Stranglega bönnuð börnum.

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið Fjölbreyttur fréttatengdur dægurmálaþáttur þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi hverju sinni. Umsjónarmenn eru Heimir Karlsson og Sigríður Arnardóttir, betur þekkt sem Sirrý.
9.00 Bold and the Beautiful
9.20 Í fínu formi 2005
9.35 Oprah
10.20 Ísland í bítið (e)
12.00 Hádegisfréttir
12.40 Neighbours
13.05 Valentína
13.50 Mr. Bean
14.15 Daddy Day Care
15.50 Ljónagrín
16.10 Skrímslaspilið (29:49)
16.30 Titeuf
16.50 Smá skrítnir foreldrar
17.15 Ginger segir frá
17.40 Bold and the Beautiful
18.05 Neighbours
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.40 Jamie Oliver - með sínu nefi (7:26)
20.05 Extreme Makeover: Home Edition (18:25)
20.50 Grey´s Anatomy - NÝTT (2:22)
21.35 Crossing Jordan (9:21) Bönnuð börnum.
22.20 60 mínútur Virtasti og vinsælasti fréttaskýringaþáttur í heimi snýr aftur á Stöð 2. Á hverju mánudagskvöldi er sýndur spánýr, vikugamall þáttur þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni hverrar stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkta einstaklinga.
▶**23.05 Prison Break**
Bönnuð börnum.
23.50 Spin
Bönnuð börnum.
1.35 The Inside (11:13) Stranglega bönnuð börnum.
2.20 NCIS (19:24)
Bönnuð börnum.
3.05 Ísland í bítið e.
4.30 Crossing Jordan (9:21) (Réttarlæknirinn) Fimmta sería þessa bandarísku spennuþáttar þar sem fylgst er með störfum réttarlæknisins Jordan Cavanaugh. Bönnuð börnum.
5.15 Fréttir og Ísland í dag Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.
6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

10.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV
18.00 Insider (e) Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.30 Seinfeld Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
20.00 Entertainment Tonight
20.30 My Name is Earl
21.00 Tekinn Páll Magnússon og Sigmundur Ernir Rúnarsson
21.30 So You Think You Can Dance 2
22.20 Weeds (6:12)
22.50 Insider Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
▶**23.15 24** (21:24) (e) Bönnuð börnum.
0.00 Seinfeld
0.25 Entertainment Tonight (e) Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjum fréttum af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomum sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
0.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e)
8.00 Rachael Ray (e)
8.45 Gegndrepa (e)
15.30 What I Like About You
15.55 Game tíví (e) Eini tölvuþátturinn í íslensku sjónvarpi.
16.20 Beverly Hills 90210 Bandarísk unglingasería.
17.05 Rachael Ray Glænýir spjallþættir sem hafa vakið mikla athygli í Bandaríkjunum.
18.00 6 til sjö
19.00 Everybody Loves Raymond (e) Bandarísk gamansería.
19.30 Just Deal
20.00 One Tree Hill Bandarísk unglingasería þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Nathan á erfitt með að hætta að hugsa um bílslysið, Lucas og Brooke gera upp sín mál og Payton kynnist Derek betur.
21.00 Survivor: Cook Islands Spennan magnast í þessum vinsæla lífsleik og nú eru aðeins ellefu keppendur eftir. Hver verður sendur heim í kvöld?
22.00 Law & Order Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Mandy Patinkin leikur gestahlutverk í þessum þætti. Hann leikur vitni sem mætir ekki fyrir rétt og grunur fellur á hann í tuttugu ára gömlu morðmáli.
22.50 Everybody Loves Raymond Bandarísk gamansería.
23.20 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum.
0.05 C.S.I: New York (e) Bandarísk sakamálasería.
1.05 Casino (e) Bandarísk raunveruleikasería.
1.55 Beverly Hills 90210 (e)
2.40 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

14.00 Portsmouth - Watford (frá 18. nóv)
16.00 Sheff. Utd. - Man. Utd.
18.00 Þrumuskot
19.00 Arsenal - Newcastle (frá 18. nóv)
21.00 Að leikslokum (b)
22.00 Ítölsku mörkin
23.00 Þrumuskot (e)
0.00 Middlesbrough - Liverpool (frá 18. nóv)
2.00 Dagskrárlok

Glæný Línuýsa **890** kr.
Lúðusneiðar **1680** kr.
Laxaflök **1380** kr.
Saltfiskur **1180** kr.
Sigin Grásleppa **1180** kr.
Saltaðar kinnar **690** kr.

Stór humar
Hörpuskel
Risarækjur
Túnfisksteikur
Þorskhnakkar
Heitreykt Ýsa

Stærsta og flottasta fiskborð landsins

HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

Í KVÖLD

Stöð 2 kl. 20.50. GREY´S ANATOMY

Í kvöld er á Stöð 2 sýndur annar þátturinn í þriðju seríu af Grey's Anatomy. Þessi spítalaþáttur er um þessar mundir vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum, þar sem nú ríkir algjört Grey´s Anatomy-æði. Þátturinn sló einnig rækilega í gegn hér á landi síðastliðinn vetur og skipaði sér þá með vinsælustu erlendu þáttunum sem sýndir eru í íslensku sjónvarpi. Þriðja þáttaröðin af Grey´s Anatomy hefur trónað á toppi áhorfslistans í Bandaríkjunum allt síðan sýningar hófust í september. Í lok annarrar þáttaraðarinnar stóð Meridith frammi fyrir stórri spurningu, hvorn á hún að velja, hinn gifta McDreamy, sem hefur dregið hana á asnaeyrunum allan þennan tíma, eða hinn trausta dýralækni, sem hún er ekki eins spennt fyrir en veit að myndi reynast sér betur. Á meðan er Izzie frávita af sorg eftir sviplegt fráfall Dennys, sem þá var nýbúinn að biðja hennar. George O´Malley virðist loksins kominn yfir Meredith og fallinn fyrir Callie.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ CROSSING JORDAN Á STÖÐ Í KVÖLD KL. 21.35

Stöð 2 sýnir núna þriðju þáttaröðina af Crossing Jordan eða Réttarlæknunum. Þetta eru hörkuspennandi þættir sem fjalla um Jordan Cavanaugh sem vinnur hjá dánardómstjóranum í Boston. Jordan er réttarlæknir og er kölluð til þegar andlát ber að höndum en hún gegnir lykilhlutverki við rannsókn flókinna sakamála. Með aðalhlutverkin fara Jill Hennessy og Jerry O´Connell.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands **14.30** Miðdegistónar **15.00** Fréttir **15.03** Krossgötur **16.00** Fréttir **16.10** Veðurfregnir **16.13** Hlaupanótan **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Söngvamál **21.00** Heimurinn okkar **21.55** Orð kvöldsins **22.00** Fréttir **22.10** Veðurfregnir **22.15** Úr tónlistarlífinu: Reykholtshátíð 2006 **0.00** Fréttir **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-ID** / Enginn viðbjóður

SÝN

19.05 Spænski boltinn
20.45 Sterkasti maður í heimi 2005 (World´s Strongest Man 2005) Keppnin um sterkasta mann heims er ávallt skemmtileg. Mótið fór fram í Kína í nóvember á síðasta ári. Íslendingar áttu fulltrúa á þessu móti en það var hinn nautsterki Boris Haraldsson.
21.15 Spænsku mörkin Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.
22.00 Ensku mörkin Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.
▶**22.30 KF Nörd (12:15)** (KF Nörd) Rómantíkin knýr dyra í þessum þætti um KF Nörd. Sýn verðu¢¢r brugðið á einkalíf þeirra og sérstaklega verður fylgjst með Gulla í þessum þætti sem býður stúlku á stefnumót. Hann fær alla hugsanlega aðstoð sem hann getur fengið við undirbúning stefnumótsins og við fáum að fylgjast með því hvernig honum vegnar á stefnumótinu með fullt farteski af góðum ráðum.
23.15 Heimsmótaröðin í Póker (Borgata Poker Classic) Snjöllustu pókerspilarar veraldar koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til er ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra. Á mótaröðinni er spilað fyrirkomulagið Texas hold sem er hvað skemmtilegast fyrir áhorfendur.

DR 1

11.40 Venstre - landsmøde **12.10** Udefra **13.10** Ödegården **13.20** Danmark Ekspeditionen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** Boogie Update **16.00** Ulven der sultede **16.05** Yu-Gi-Oh! **16.30** Troldspejlet **17.00** Den hvide sten **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Genbrugsguld **19.00** Med Kløvedal på rejse langs Grønlands vestkyst **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Hun så et mord **22.25** Vilde hjerter **0.25** Viden om

NRK 1

11.05 Millionloddet **12.00** Siste nytt **12.05** Schrödingers katt **12.30** Arbeidsliv **13.00** Siste nytt **13.05** Norge rundt **13.30** Åpen himmel: Dåpsgudstjeneste for konfirmanter **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Den blå sandens hemmelighet **15.00** Siste nytt **15.03** Nødlanding **15.30** Ekspedisjon ørken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Månáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Harry med bøtta full av dinosaurer **17.10** Gubben og katten **17.25** Vennene på Solflekken **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor: Tre streker **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen **21 20.30** Koht i familien **21.00** Dok1: Det fredløse Burma **22.00** Kveldsnytt **22.10** Store Studio **22.50** Inspektor Morse

SVT 1

11.05 Agenda **12.00** Sportspegeln **12.45** En dröm om frihet **14.10** Expedition vildmark **14.35** Lilla sportspegeln **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Garage - Älska film! **16.30** Krokodill **17.00** Små Einsteins **17.30** Zoé Kézako **17.45** Klister **18.00** Lilla sportspegeln **18.30** Rapport **19.00** Mästerverket **19.55** Radiohjälpen: Världens barn **20.00** Plus **20.30** Kobra **21.00** Supernatural **21.45** Rapport **21.55** Kulturnyheterna **22.05** Bingo Royale **22.50** Humorlabbet **23.20** Sändning från SVT24

Glæsileg jólatilboð

Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!
Sealy Posturepedic eru vinsælustu heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjármunum í vöruþróun en allir aðrir dýnuframleiðendur heims.

Einkaleyfin 4 frá Sealy:

Hátæknirúm
Besta svefnkerfið samkvæmt samanburðarrannsóknum. Svæðaskiptur stífleiki, fjaðureiningar með minni.

Hin mikla breidd MediLine línunnar upfyllir flestar kröfur um fjölbreytileika og þægindi.

Rúmin í MediLine línunni eru til í fjölmörgum gerðum, stærðum og stífleikum þannig að flestir ættu að geta fundið hvílu við sitt hæfi.

Glæsilegur gjafapakki að verðmæti allt að kr. 39.900 fylgir hverju seldu hjónarúmi

15% afsláttur
Af mjúku vörunni, gjafavörunni og völdum rúmum og hvíldarstólum.

Mjúka deildin Hágæða sængur og heilsukoddar. Úrval af sængurfatnaði og rúmteppum. Gjafavara í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum. Rúmföt, rúkteppi, handklæði, sloppar, baðmottur og baðvara. Veisludúkar, hördúkar og löberar.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10-18 og laug.: 11-16

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

HRÓSIÐ ...

... fær Gilbert úrsmiður og fylgisveinar hans, sem framleiða hágæða íslensk úr sem hafa slegið í gegn hjá ekki ómerkari mönnum en Eli Roth og Quentin Tarantino.

Leitað að íslenskri Janis Joplin

Leit stendur yfir að leikkonum til að fara með hlutverk bandarísku söngkonunnar Janis Joplin í nýju leikriti sem verður frumsýnt á Nasa um áramótin.

Leikritið nefnist 27 og fjallar um ævi Janis sem lést úr ofneyslu eiturlyfja árið 1970. Höfundur er Ólafur Haukur Símonarson og leikstjóri er Jóhann Sigurðarson.

Til stendur að tvær til þrjár söngkonur muni fara með hlutverk Janis og hefur Andrea Gylfadóttir verið nefnd sem ein af þeim. „Það eru nokkrar búnar að lesa handritið og hafa sýnt þessu gríðarlegan áhuga," segir Jóhann, sem tekur fram að enn eigi eftir að ráða í hlutverkin.

„Við fengum yfirlestur hjá forlaginu Nordiska Theater Starckforlaget og fengum svar um að þetta væri besta „monodrama" sem þeir hafa lesið í mörg ár," bætir hann við. „Leikritið heitir 27 og byggir það á því að þau dóu öll 27 ára gömul; Janis, Morrison og Hendrix. Þetta er mikil örlagatala."

ANDREA GYLFADÓTTIR Andrea er talin líkleg til að hreppa eitt af aðalhlutverkunum í leikriti um ævi Janis Joplin.

Búast má við skemmtilegu leikriti á Nasa enda eru mörg laga Janis orðin sígild, þar á meðal Mercedes Benz, Me and Bobby McGee, Summertime og Cry Baby. **- fb**

JANIS JOPLIN Leikrit um söngkonuna vinsælu verður frumsýnt á Nasa á næstunni.

GILBERT Ó. GUÐJÓNSSON ÚRSMIÐUR: MEÐ ÍSLENSKA ÚRALÍNU

Úrin vinsæl hjá Íslandsvininum Eli Roth

Í verslun Gilberts Ó. Guðjónssonar úrsmiðs á Laugaveginum má fá íslensk gæðaúr, sem framleidd eru af syni Gilberts og tveimur samstarfsmönnum hans. Um er að ræða fyrstu íslensku úrin, en þau hafa ekki einungis notið vinsælda landsmanna, heldur vakið athygli Íslandsvinanna Eli Roth og Quentin Tarantino.

„Eli Roth var hjá okkur í síðustu viku og keypti tvö úr," sagði Gilbert í samtali við Fréttablaðið, en þetta er í annað skiptið sem leikstjórinn fjárfestir í úri hjá Gilbert. „Um áramótin síðustu komu hann og Quentin Tarantino og keyptu hvor sitt úrið. Það var frumgerðin. Þeir fengu úr númer þrjátíu og fjögur og þrjátíu og fimm," sagði Gilbert. „Núna var þetta þannig að dóttir mín hitti Eli á balli. Hún kannaðist við hann síðan um áramótin og spurði af hverju hann væri ekki með úrið. Hann sagðist ekki hafa tímt að hafa úrið á sér í vinnunni, því hann var að taka upp í Bláa lóninu, en að það væri á dagskránni hjá honum að koma hingað aftur," sagði Gilbert, en svo fór að Eli mætti ásamt bróður sínum, Gabriel Roth, og Eyþóri Guðjónssyni, sem lék í Hostel. „Eli keypti úr handa bróður sínum í afmælisgjöf og fékk sér annað. Hann sagði einmitt að nú myndi Tarantino verða öfundsjúkur," sagði Gilbert, en íslenska úrið hans Tarantino hefur til dæmis fylgt honum í viðtalsþátt Conan O'Brien, sem nýtur mikilla vinsælda vestan hafs. „Þeir eru svo miklir Íslandsvinir. Maður þarf að átta sig á því að þetta er náttúrlega allt annar heimur hérna. Þeir geta gengið um göturnar óáreittir og finnst það alveg æðislegt," sagði Gilbert.

Úrin, sem kosta um 100.000 krónur, hafa notið mikilla vinsælda að sögn Gilberts. „Fólk er svo ánægt með þetta framtak og margir spyrja af hverju ég hafi ekki verið fyrir löngu búinn að gera þetta," segir Gilbert, sem hefur verið úrsmiður í fjörutíu ár og lofar því að úrin muni endast í að minnsta kosti 100 ár. Gangverk og aðrir hlutar úrsins eru fengnir að utan, en úrin eru svo sett saman á verkstæði Gilberts. „Ætli það sé ekki svona fjórir fermetrar, enda köllum við þetta minnsta úraframleiðslufyrirtæki í heimi," sagði Gilbert. **sunna@frettabladid.is**



ELI ROTH OG QUENTIN TARANTINO Kunna að meta íslensk gæðaúr.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

GILBERT MEÐ ÚRIN GÓÐU Úr Eli Roth mun endast í 100 ár að sögn úrsmiðsins. Sjálfur hefur hann verið að í 40 ár og er ekki á leiðinni að hætta.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndaframleiðandinn **Júlíus Kemp** heldur sig á fjarlægum slóðum um þessar mundir en hann er staddur í Líbanon. Þar hyggst hann halda til næstu tvær til þrjár vikurnar og vinna að verkefni sem mikil leynd hvílir yfir. Líklegt þykir þó að kappinn sé að undirbúa gerð næstu kvikmyndar en hann mun vera í Líbanon á eigin vegum.

Sena blés til veislu í tilefni af frumsýningu nýjustu **James Bond**-myndarinnar og var öllu tjaldað til. Gillið fór fram í Listasafni Reykjavíkur á laugardag og hafði Hafnarhúsið verið innréttað eins og spilavíti. Gestirnir supu á dýrum kokkteilum og báru sig að eins og evrópskir greifar við spilaborðin og bakvið upplýst skuggatjöld stigu stúlkur eggjandi dans í anda Bond-myndanna. Fjöldi frægra andlita var á svæðinu, allir klæddir í svart og hvítt

eins og strangar reglur sögðu til um. Mátti meðal annars sjá glitta í **Andreu Róbertsdóttur**, **Björgvin Halldórsson**, **Birgittu Haukdal**, **Magna Ásgeirsson**, **Andreu Gylfadóttur** og **Friðrik Weisshappel**, sem kom alla leið frá Danaveldi í veisluna.



Boxæði í Keflavík

Guðjón Vilhelm boxþjálfari var einn af þeim frumkvöðlum sem komu boxíþróttinni á kortið hér á landi fyrir nokkrum árum og vann mikið starf í Keflavík við uppgang íþróttarinnar þar. Hann tók sér frí frá þjálfun í tvö ár en er nú mættur til starfa á ný hjá BAG í Keflavík.

„Ég tók að mér barna- og unglingastarfið núna í haust og það gengur alveg blússandi vel," segir Guðjón en yfir hundrað krakkar á grunnskólaaldri eru búnir að skrá sig í boxið fyrir veturinn. „Það var ráðinn erlendur þjálfari til að sjá um eldri boxarana og hann er bara að keyra það áfram," bætir hann við en BAG er með stór áform fyrir veturinn. „Við ætlum að halda mót hérna í Reykjanesbæ eftir áramótin og fá írskt hnefaleikalið í heimsókn. Það verður þá keppt bæði í yngri og eldri flokkum."

Guðjón tók sér frí frá boxinu til þess að byggja upp fyrirtækið sitt, Humarsöluna, sem nú er komin á gott skrið. „Mig langaði til þess að fara aftur að þjálfa og vinna þá með krökkunum. Upphaflega var markmiðið að ná til þeirra krakka sem eru ekki þegar í einhverjum öðrum íþróttum enda sannfærðist ég enn frekar um það meðan ég var fyrir utan þetta hversu gríðarlegt forvarnargildi boxið hefur," segir Guðjón en hann segir það lykilatriði að miðla réttum boðskap inn í klúbbana. „Ég á sjálfur fjögur börn og mér finnst alveg frábært að vera að þjálfa vini þeirra og kunningja því þannig tengist ég börnunum mínum enn frekar."

Guðjón segir gríðarlega efnilega krakka vera að æfa í BAG í vetur. „Það eru margir sem eru ekki með minni hæfileika en Skúli „Tyson" á sínum tíma þannig að ég held að við eigum eftir að sjá marga góða stráka koma úr Keflavík á næstu árum," segir Guðjón Vilhelm stoltur. **- sig**

GRÍÐARLEGT FORVARNARGILDI Guðjón Vilhelm segist sannfærður um að boxíþróttin hafi gríðarlegt forvarnargildi ef réttum boðskap er miðlað inni í klúbbunum.



LÁRÉTT
2 drykkur **6** bardagi **8** drulla **9** þrí **11** peninga **12** tólf **14** dunda **16** skóli **17** mas **18** stansa **20** óreiða **21** svall.

LÓÐRÉTT
1 mælieining **3** frá **4** loftskip **5** viðar **7** ganga örugglega frá **10** vætla **13** fát **15** vingjarnleiki **16** flinkur **19** bor.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 malt, **6** at, **8** for, **9** tri, **11** fé, **12** tylft, **14** gaura, **16** fg, **17** mal, **18** æfa, **20** rú, **21** rall.

LÓÐRÉTT: 1 vatt, **3** af, **4** loftfar, **5** tré, **7** tryggja, **10** ila, **13** fum, **15** alúð, **16** fær, **19** al.

24.–27. nóv.
TOTTENHAM–WIGAN
Skelltu þér á leik Tottenham og Wigan á White Hart Lane, sunnudaginn 26. nóvember með Tottenham klúbbnum á Íslandi. Gist er á fjögurra stjörnu hóteli, miðsvæðis í London, í þrjár nætur. Innifalið: Fararstjórn, rúta, morgunverður og auðvitað miði á leikinn. Þeir sem vilja koma með en eru ekki félagar í Tottenham klúbbnum geta skráð sig á www.spurs.is.
Verð frá
58.900 kr.

27.–29. nóv.
GEORGE MICHAEL
George Michael mættur aftur til leiks og heldur tónleika í Earls Court í London þriðjudaginn 28. nóvember. Þar mun kappinn leika öll vinsælustu lög ferilsins – og af nógu er að taka. Gist verður á fjögurra stjörnu Holiday Inn hóteli í tvær nætur. Innifalið í verði er flug, gisting í tvær nætur, morgunverður og að sjálfsögðu miði á tónleikana.
Verð frá
69.900 kr.
PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI
» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express Ferðir

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

SKÍFAN KYNNIR

GLÆNÝJAR PLÖTUR

OG DVD DISKA SEM KOMA ÚT Í DAG!

CD+DVD **2.599kr.**

Stóra stundin ykkar (CD+DVD)



CD **2.199kr.**

Selma og Hansa Sögur af konum

CD **2.199kr.**

Beatles Love

3xCD **3.499kr.**

Tom Waits Orphans

2xCD **2.599kr.**

Oasis Stop The Clocks

CD **2.199kr.**

U2 18 Singles



CD+DVD **3.499kr.**

Rammstein Völkerball

CD **2.199kr.**

Foo Fighters Skin & Bones

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

„Goodwill“ deyr aldregi

Goodwill, „markaðsfesta“ eða „viðskiptavild“ er mikils metið í viðskiptum og jafnan fært í krónum og aurum eða dollurum og sentum inn í bókhald og ársreikninga. Er þá slegið mati á „heildargoodwill“ fyrirtækisins og samtala birt, því að enn þá hefur ekki fundist nógu skapandi endurskoðandi til að sundurliða „goodwill“ einstakra starfsmanna frá „CEO“ (Chief Executive Officer) til „símastúlkna“.

VERÐMÆTI „goodwills“ er ekki ný bóla í viðskiptum manna. Sá útrásarher sem við erum komin af notaði að vísu orðskrípið „orðstír“ í staðinn fyrir „goodwill“ eins og sjá má í gamalli kennslubók í viðskiptafræði sem heitir „Hávamál“ en þar segir:

Deyr fé,
deyja frændur,
deyr sjálfur ið sama.
En orðstír
deyr aldregi
hveim er sér góðan getur.
Deyr fé,
deyja frændur,
deyr sjálfur ið sama.
Eg veit einn
að aldrei deyr:
dómur um dauðan hvern.

ÞESSI texti er nokkuð snúinn af því að hann er í bundnu máli en bundið mál var „Power Point“ fornaldar sem forfeður okkar notuðu til að festa sér betur í minni hluti sem við nú geymum á glærum og í fartölvum. Merkingin í þessu virðist vera sú að það borgi sig að vera vandur að sínu „goodwilli“. Alþjóðlegir markaðsfræðingar hafa áhyggjur af því að „goodwill“ Íslendinga um þessar mundir sé nokkuð óstöðugt eins og gengi krónunnar. Því til staðfestingar er lítil saga: Alþjóðlegir markaðsfræðingar hafa áhyggjur af því að „goodwill“ Íslendinga um þessar mundir sé nokkuð óstöðugt eins og gengi krónunnar. Því til staðfestingar er lítil saga:

TVEIR ÚTRÁSARVÍKINGAR hittast á Kastrup-flugvelli. Annar á leið til Íslands, hinn í útrás. Þeir heilsast og sá sem er á heimleið spyr frétta af Íslandi. Hinn svarar: „Það eru af þér góðar fréttir – og vondar fréttir. Vondu fréttirnar eru þær að þú ert sakaður um skjalafals, skattsvik, peningaþvætti, mafíutengsl og ólöglegt verðsamráð. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að málið er í höndum saksóknara og ríkislögreglustjóra.“

SHARP
Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA
Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORUSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM
VEGGSJÓNVÖRP
Glæsilegt úrval!
SAMSUNG
EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG
LOEWE.
MARG VERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN
ORMSSON
SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI